# SPÆN1RL05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



| Kennari | Auður Inga Ólafsdóttir | Sk.st. | AUÐ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- geta bjargað sér við sérstakar aðstæður (t.d. í verslunum, lestarstöðvum, flugstöðvum, veitingastöðum)

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl þegar talað er hægt og skýr
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- finna eigin leiðir til að læra grundvallarreglur málfræðinnar og fara eftir þeim reglum í ræðu og riti
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- geta notað einföld ávörp, þakkar- og kurteisisorðasambönd, kynnt sig og aðra, spurt um líðan annara og sagt frá sinni líðan skv. siðum og venjum viðkomandi lands og geta beðið viðmælanda að endurtaka
- geta gert sig skiljanlegan um einföld atriði (t.d. um tímasetningar, símanúmer, magn, verð)
- geta verið sjálfbjarga við sérstakar aðstæður (t.d. í verslunum, lestarstöðvum, flugstöðvum, veitingastöðum)
- geta spurt til vegar, hvert ferðinni er heitið, hvar á að hittast og hvað á að fara að gera
- geta spurt og svarað einföldum spurningum um t.d. fjölskylduna, veðrið, áhugamál o.s.frv.
- geta sagt frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

## Námsgögn:

- Efni frá kennara og af netinu inn á Moodle kennslusíðu áfangans.

# SPÆN1RL05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| ( Vika 36) 4 -10/9 | Allt námsefni er inn á Moodle kennslu síðunni | Unnið í námsefninu inn á Moodle í hverri viku annarinnar. | |
| ( Vika 37) 11-17/9 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 38) 18-24/9 | | | Heimapróf 1 – 20% |
| ( Vika 39) 25-30/9 | | | |
| ( Vika 40) 1-8/10 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 41) 9-15/10 | | | Heimapróf 2 – 20% |
| ( Vika 42) 16-22/10 | | | |
| ( Vika 43) 23-29/10 | | | |
| ( Vika 44) 30/10-5/11 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 45) 6-12/11 | | | Heimapróf 3 – 20% |
| ( Vika 46) 13-19/11 | | | |
| ( Vika 47) 20-26/11 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 48) 27/11-3/12 | | | Heimapróf 4 – 20% |
| (Vika 49) 4-10/12 | | | |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** X☐ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Heimapróf | Fjögur heimapróf (20% hvert) úr námsefni – Nemandi fær viku til að opna prófið, en aðeins er hægt að opna það einu sinni og eru tímamörk á því. | 60% |
| Moodle verkefnaskil | Ýmis verkefni úr námsefninu – Verkefnin opnast á föstudegi og lokast á miðnætti á föstudegi vikuna á eftir. Aðeins hægt að opna og vinna í hverju verkefni einu sinni, en það eru engin tímamörk. | 40% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:**

- *Nemanda ber að ljúka öllum stærstu námsmatsþáttum (heimaprófum) áfangans til að ná áfanganum.*
- *Heimapróf eru aðgengileg í 2 vikur og vegna þess hve rúmur tími er gefin nemanda til að opna þau er **enginn upptökuréttur á þeim.***
- *Moodle verkefnaskil eru aðgengileg í eina viku og verða **ekki** endurstillt eða opnuð aftur. - **Virðið skilatíma verkefna.***
- ***Hver nemandi ber ábyrgð á að fylgjast með hvenær verkefnaskil og heimapróf eru sett fram á Moodle.***

# SPÆN1RL05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



**Dagsetning:** 30/8 2023

Auður J Ólafsd

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# SPÆN1RS05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



| Kennari | Auður Inga Ólafsdóttir | Sk.st. | AUÐ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Lokaáfangi þar sem virki orðaforðinn notaður markvisst í tjáningu og aukið við hann. Haldið er áfram að vinna með framburð, skilning og tjáningu, þar sem tal, hlustun og ritun verða umfangsmeiri og flóknari. Enn meiri áhersla verður lögð á að tjá sig skriflega og munnlega um ýmis efni með hagnýtum orðaforða. Nemandinn öðlast dýpri þekkingu á tungumálinu og ýmsum afbrigðum þess. Nemandanum er gert að tileinka sér nýjan orðaforða sem nýtist í að tjá sig. Saga spænskumælandi landa skoðuð með sérstöku tilliti til lýðræðis og mannréttinda. Auknar kröfur um eigin ábyrgð á náminu og sjálfstæð vinnubrögð eru meðal lykilþátta áfangans. Nemandanum er kennt að nýta sér upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í náminu.

## Markmið:
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- málkerfinu og réttri notkun þess
- orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans
- tungumálinu og ýmsum afbrigðum þess, t.d. daglegu máli og mállýskum
- sögu og venjum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- tjá sig skriflega og munnlega um ýmis efni t.d. úr fjölmiðlum
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- segja einfalda sögu og lýsa liðnum atburðum og reynslu í stuttu máli
- skilja fyrirmæli, kveðjur og kurteisisávörp
- skrifa stutta texta í nútíð, framtíð og liðinni tíð
- skilja tölur og tímasetningar
- beita tungumálinu í ræðu og riti
- nota ýmiss hjálpargögn þegar unnið er með tungumálið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- skilja talað mál um kunnugleg og ný efni
- skilja meginatriði texta
- nýta viðeigandi mál- og samskiptavenjur við mismunandi aðstæður
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- velja námsaðferðir við hæfi

## Námsgögn:
- Öll námsgögn áfangans er að finna inn á Moodle kennslusíðunni.
- Moodle aðgangsorð: **spæ3**

# SPÆN1RS05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| ( Vika 36) 4 -10/9 | Allt námsefni er inn á Moodle kennslu síðunni | Unnið í námsefninu inn á Moodle í hverri viku annarinnar. | |
| ( Vika 37) 11-17/9 | | | |
| ( Vika 38) 18-24/9 | | | 15% **Heimapróf** - La bicicleta |
| ( Vika 39) 25-30/9 | | | 5% Hlustunarverkefni – Álvaro Soler |
| ( Vika 40) 1-8/10 | | | 2*5% Moodle verkefni – orðaforði og lesskilningur - Puebla (lagið og staðurinn) |
| ( Vika 41) 9-15/10 | | | 10% Ritunarverkefni Barcelona/Puebla |
| ( Vika 42) 16-22/10 | | | 5% Moodle skilningsverkefni – El día de los muertos |
| ( Vika 43) 23-29/10 | | | |
| ( Vika 44) 30/10-5/11 | | | 5% Sin miedo -skilningur |
| ( Vika 45) 6-12/11 | | | 20% Heimapróf Cinco de mayo |
| ( Vika 46) 13-19/11 | | | 10% **Hljóðskrá/podcast** |
| ( Vika 47) 20-26/11 | | | |
| ( Vika 48) 27/11-3/12 | | | 20% **Heimapróf** Frida Khalo |
| (Vika 49) 4-10/12 | | | |

**- Með fyrirvara um breytingar -**

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** X☐ Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Heimapróf | 3 heimapróf (15%-20%-20%% hvert) úr námsefni – Nemandi fær viku til að opna prófið, en aðeins er hægt að opna það einu sinni og eru tímamörk á því. | 55% |
| Moodle verkefni | Ýmis verkefni úr námsefninu – Verkefnin opnast á föstudegi og lokast á miðnætti á föstudegi vikuna á eftir. Aðeins hægt að opna og vinna í hverju verkefni einu sinni, en það eru engin tímamörk. | 35% |
| Munnleg færni | Hljóðskrá | 10% |
| | | |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:**

**SPÆN1RS05 fjarnám**
**Námsáætlun haustönn 2023**



- *Nemanda ber að ljúka öllum stærstu námsmatsþáttum (heimaprófum) áfangans til að ná áfanganum.*
- *Heimapróf eru aðgengileg í 2 vikur og vegna þess hve rúmur tími er gefin nemanda til að opna þau er **enginn upptökuréttur á þeim***
- *Moodle verkefnaskil eru aðgengileg í eina viku og verða **ekki** endurstillt eða opnuð aftur. - **Virðið skilatíma verkefna.***
- ***Hver nemandi ber ábyrgð á að fylgjast með hvenær verkefnaskil og heimapróf eru sett fram á Moodle.***

**Dagsetning:** 31/8 2023

Auður Anna Ólafsd

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# STÆF2AM05 – fjarnám
## Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Elín Björk Unnarsdóttir | Sk.st. | EBU |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Viðfangsefni áfangans eru mengi, rauntalnakerfið, rétthyrnt hnitakerfi, margliður, jafna línu, jafna fleygboga, lausnir annars stigs jafna og lausnir ójafna, algildir og algildisjöfnur, velda- og rótarreikiningur. Í áfanganum er lagður grunnur að skipulögðum vinnubrögðum, röksemdafærslu og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

## Markmið:
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mengjum náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna
- skráningu stakra talna og bila á talnalínu
- frumtölum og þáttun, almennum brotum og tugabrotum
- algebru, þáttun og liðun, algebru brotum
- rótareikningi og veldareikningi með heilum og ræðum veldisvísum
- rétthyrndu hnitakerfi og gröfum falla
- margliðum, formerkjum og stigi þeirra og helstu reikniaðgerðum
- fleygbogum, jöfnu fleygboga og lausnum annars stigs jafna
- algildum og helstu eiginleikum þeirra

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- vinna á nákvæman og skipulagðan hátt með tölur og táknmál stærðfræðinnar
- skrá talnamengi s.s. lausnamengi jafna og ójafna og tákna þau á talnalínu eða á táknmáli stærðfræðinnar
- vinna með almenn brot og tugabrot sem og að liða og þátta algebrustærðir
- beita velda- og rótareglum til þess að einfalda veldastæður og rætur
- leysa annars stigs jöfnur af ýmsum gerðum
- teikna fleygboga og vinna bæði skriflega og myndrænt með eiginleika hans s.s. topppunkt, samhverfuás og skurðpunkta við ása hnitakerfis
- beita grunnreikniaðgerðum á margliður og að finna núllstöðvar og formerki margliða með heiltölustuðlum
- nota algildi til að finna fjarlægð milli puntka á talnalínu og leysa einfaldar jöfnur og ójöfnur með tölugildum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- setja margs konar verkefni upp með táknmáli stærðfræðinnar og leysa þau
- beita skipulögðum aðferðum við lausn verkefna og rökstyðja aðferðir sínar
- skrá lausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum um þær við aðra
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu
- vinna með merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu
- beita frumkvæði, innsæi og frumleika við lausn verkefna

## Námsgögn:
STÆ 203 Textahefti, MH haust 2013. Kennsluheftið er aðgengilegt á Moodle vef áfanga.

Dæmahefti STÆF2AM05 er aðgengilegt á Moodle vef áfanga og fæst einnig á skrifstofu VMA.

**STÆF2AM05 – fjarnám**
**Námsáætlun haustönn 2023**



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|---|
| 35 | 27. ágúst - 2. sept. | Kynning | Skráning inn á moodle | |
| 36 | 3.- 9. september | **Kafli 1** Talnamengi<br>**Kafli 2** Talnabil<br>**Kafli 3** Fyrsta stigs ójöfnur | **Æfing K 1:** 1 og 2 a) - d)<br>**Æfing K 2:** 1, 2, 3, 4<br>**Æfing K 3:** 1 a) - e) | Skilaverkefni1 (4%) Skil: 11. september |
| 37 | 10. -16. september | **Kafli 4** Frumtölur og þáttun<br>**Kafli 5** Almenn brot og tugabrot<br>**Kafli 6** Þáttun | **Æfing K 4: Öll**<br>**Æfing K 5:** 1,2 og 3<br>**Æfing K 6:**slétttöludæmi að dæmi nr. 4 | Skilaverkefni 2 (4%) Skil: 18. september |
| 38 | 17.-23. september | **Kafli 6** Þáttun<br>**Kafli 7** Algebrubrot | **Æfing K 6:** slétttöludæmi nr. 50 – 90<br>**Æfing K 7:** Oddatölu dæmi nr. 1 – 23 og 37- 55 | Skilaverkefni 3 (4%) Skil: 25. september |
| 39 | 24.- 30. september | **Kafli 8** Veldi og veldareglur | **Æfing K 8:** Oddatöludæmi nr. 1 - 31 | Skilaverkefni 4 (4%) Skil: 2. október |
| 40 | 1. - 7. október | **Kafli 9** Rætur og brotaveldisvísar | **Æfing K 9:** 1 a)- e), 4, 5, 9 | Skilaverkefni 5 (4%) Skil: 9. október |
| 41 | 8. - 14. október | **Kafli 10** Annars stigs jöfnur | **Æfing K 10:** Oddatöludæmi nr. 1 – 23 | Skilaverkefni 6 (4%) Skil: 16. október |
| 42 | 15. - 21. október | **Kafli 10** Annars stigs jöfnur | **Æfing K 10:** Oddatöludæmi nr. 25 - 43 | Verkefni 7 (4%) Skil: 23. október |
| 43 | 22. - 28. október | **Kafli 11** Fleygbogar | **Æfing K 11:** 1- 7 | Verkefni 8 (4%) Skil: 30. október |
| 44 | 29. okt. - 4. nóvember | **Kafli 12** Föll | **Æfing K 12:** 1-3 | Gagnvirkt verkefni (5%) Skil: 6. nóv. |
| 45 | 5. - 11. nóvember | **Kafli 13** Margliður | **Æfing K 13:** 1 - 6 | Verkefni 9 (4%) Skil: 13. nóvember |

**STÆF2AM05 – fjarnám**
**Námsáætlun haustönn 2023**



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 46 | 12. - 18. nóvember | **Kafli 13** Margliður<br>**Kafli 14** Formerki margliðu – formerkjamyndir – ójöfnur | **Æfing K 13:** 9 - 12<br>**Æfing K 14:** 1 og 2 | Verkefni 10 (4%)<br>Skil: 20. nóvember |
| 47 | 19. - 25. nóvember | **Kafli 15** Ræð föll – ójöfnur með brotum<br>**Kafli 16** Jöfnur og ójöfnur leystar á grafi<br>**Kafli 17** Algildi | **Æfing K 15:** 1<br>**Æfing K 16:** 1 og 2<br>**Æfing K 17:** 1 og 2 | Grafaverkefni (5%)<br>Skil: 27. nóvember |
| 48 | 26. nóv.- 2. desember | Undirbúningur fyrir lokapróf. | Upprifjun | |
| 49 | 3.- 9 desember | Allt námsefnið | Sýnipróf | |
| 50 | 10. - 16. desember | Lokapróf | | 50% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Skilaverkefni | Tíu verkefni á Moodle. Metin á 4% hvert. | 40% |
| Gagnvirkt verkefni | Tvö 5% gagnvirk verkefni á moodle. | 10% |
| Lokapróf | | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemandi verður að ná að minnsta kosti 40% námsmarkmiða á lokaprófi til að aðrir námsmatsþættir séu metnir inn í lokaeinkunn

**Dagsetning: 31. ágúst 2023**

Elín B. Unnarsdóttir
Undirritun kennara

Fh. fagstj.:
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# STÆF2LT05
# FJARNÁM
# HAUSTÖNN 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | Hermann Jón Tómasson | **Sk.st.** | HTÓ |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Fjallað er um aðferðir til að greina töluleg gögn þannig að þær upplýsingar sem í þeim felast verði aðgengilegri. Nánar tiltekið verður fjallað um tíðnitöflur, myndræna framsetningu upplýsinga, mælingar á miðsækni og dreifingu og um fylgni. Farið verður yfir undirstöðuatriði talningafræði og líkindareiknings og kynntar aðferðir og reglur sem nýtast til að telja valkosti og leysa mismunandi líkindadæmi. Rætt er um tvíkostadreifingu og normlega dreifingu og notagildi þeirra.

**Markmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- Helstu aðferðum lýsandi tölfræði
- Grunndvallaratriðum talningafræði og beitingu talningaregla
- Líkindareikningi og helstu líkindareglum
- Tvíkostadreifingu og notkun hennar við lausn líkindadæma
- Normlegri dreifingu

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- Beita helstu aðferðum lýsandi tölfræði til að greina talnasöfn og gera grein fyrir niðurstöðunum
- Beita algengustu talningareglum
- Leysa líkindadæmi með aðstoð helstu líkindareglna
- Leysa mismunandi dæmi tengd normlegri dreifingu
- Notkun töflureiknis til að leysa dæmi með ofantöldum aðferðum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- Lesa, skilja og meta með gagnrýnum hætti tölfræðlegar upplýsingar í fjölmiðlum og fræðiritum
- Vinna með skipulegum hætti úr tölulegum upplýsingum með aðferðum lýsandi tölfræði og til að kynna niðurstöður þeirrar vinnu
- Klæða verkefni, t.d. líkindaverkefni, sem sett eru fram í mæltu máli í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlka lausnina í samhengi við upphaflegt verkefni

**Námsgögn:** Björn E. Árnason: *Ný tölfræði fyrir framhaldsskóla.* Reykjavík 2015

# STÆF2LT05
# FJARNÁM
# HAUSTÖNN 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| Vika 35. 28.8 - 3.9 | Innritun og kynning á námsáætlun | | |
| Vika 36. 4.9 - 10.9 | 1. Lýsandi tölfræði – tíðnitöflur, bls. 7-22 | Verkefni úr 1. kafla | 3% |
| Vika 37. 11.9 - 17.9 | 2. Lýsandi tölfræði: Miðjan, bls. 23-34 | Blönduð dæmi 1 | 6% |
| Vika 38. 18.9 - 24.9 | 3. Lýsandi tölfræði: Dreifni, bls. 35-52 | Verkefni úr 3. kafla | 3% |
| Vika 39. 25.9 - 1.10 | 3. Lýsandi tölfræði: Dreifni, bls. 35-52 | Heimapróf 1 | 7% |
| Vika 40. 2.10 - 8.10 | 5. Talningar, bls. 69-80 | Verkefni úr 5. kafla | 3% |
| Vika 41. 9.10 - 15.10 | 6. Líkindafræði: Grunnatriði, bls. 81-96 | Verkefni úr 6. kafla | 3% |
| Vika 42. 16.10 - 22.10 | 7. Líkindafræði: Fleiri atriði, bls. 81-96 | Blönduð dæmi 2 | 6% |
| Vika 43. 23.10 - 29.10 | 7. Líkindafræði: Fleiri atriði, bls. 97-110 | Verkefni úr 7. kafla | 3% |
| Vika 44. 30.10 - 5.11 | 8. Líkindafræði: Samantekt, bls. 97-110 | Heimapróf 2 | 7% |
| Vika 45. 6.11 - 12.11 | 11. Normaldreifingin, bls. 127-152 | Verkefni úr 11. kafla | 3% |
| Vika 46. 13.11 - 19.11 | 11. Normaldreifingin, bls. 127-152 | Blönduð dæmi 3 | 6% |
| Vika 47. 20.11 - 26.11 | 12. Tvíkostadreifingin, bls. 153-168 | Verkefni úr 12. kafla | 3% |
| Vika 48. 27.11 - 3.12 | 12. Tvíkostadreifingin, bls. 153-168 | Heimapróf 3 | 7% |
| Vika 49. 4.12 - 10.12 | Upprifjun og samantekt | Lokaverkefni (Val) | |
| Vika 50. 11.12 - 17.12 | Lokanámsmat | Lokapróf | 40% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** x **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Kaflaverkefni | Sjö verkefni úr öllum köflum námsefnisins. | 21% |
| Heimapróf | Þrjú próf sem gilda 7% hvert. | 21% |
| Blönduð dæmi | Skrifleg verkefni úr 2-3 köflum. Skilað í skilabox. | 18% |
| Lokaverkefni | Upprifjun. Getur komið í stað eins til tveggja kaflaverkefna. | |
| Lokapróf | Próf úr öllu námsefninu í lok annar. | 40% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemendur þurfa að ná 40% árangri á lokaprófi til að aðrir námsmatsþættir gildi til einkunnar.

**Dagsetning: 30.8.2023**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# STÆF2RH05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Eyrún Anna Finnsdóttir | Sk.st. | EFI |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Meginefni áfangans er rúmfræði. Efnisþættir sem teknir eru fyrir í áfanganum eru: Rúmfræði, kynning á frumhugtökum rúmfræðinnar, hornasumma þríhyrnings, hlutföll í þríhyrningum og regla Pýþagórasar. Flatarmál og rúmmál. Horn við hring. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum. Mælieiningar. Sannanir og rökfræði. Í áfanganum er lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð, röksemdafærslur og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

## Markmið:
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- flatarmáli og rúmmáli
- hornaföllum í rétthyrndum þríhyrningum
- Pýþagórasarreglunni
- hornasummu þríhyrnings
- hlutföllum í þríhyrningum
- horni við hring
- metrakerfinu (metrar, fermetrar, rúmmetrar) og mælieiningum
- sönnunum og rökfræði

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- leysa rúmfræðileg vandamál
- reikna horn og hliðar í þríhyrningum
- reikna flatarmál og rúmmál og vinna með mælieiningar
- reikna stærðir í einslægum þríhyrningum
- finna ferilhorn, miðhorn, utanverð og innanverð horn
- skilja og vinna með hornaföll í rétthyrndum þríhyrningum
- vinna með og nota Pýþagórasarregluna
- nota röksemdafærslu við sannanir

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- fjalla um stærðfræðileg viðfangsefni og setja úrlausnir sínar fram skriflega á skiljanlegan og snyrtilegan hátt
- skilja merkingu helstu stærðfræðitákna og hugtaka í námsefninu og geti útskýrt þau
- nýta þekktar formúlur, vinna með þær og finna óþekkta stærð út frá þekktum stærðum og reglum
- velja aðferðir sem við eiga hverju sinni til að leysa verkefni og beita þeim rétt
- fylgja og skilja röksemdafærslur í mæltu máli og í texta

## Námsgögn:
STÆF2RH05 SKO Horna-og rúmfræði eftir Hilmar Friðjónsson og Kjartan Heiðberg, til sölu hjá Eymundsson en einnig er hægt að panta hana hjá útgefanda hér:
https://www.idnu.is/vara/sko-horna-og-rumfraedi/

# STÆF2RH05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 4. – 10. september | 1. kafli - Evklíð | 1.A | Verkefni 1 – 4% |
| 11. – 17. september | 2. Kafli - Þríhyrningar | Verkefni 2A og 2B | Verkefni 2 – 4% |
| 18. – 24. september | 2. Kafli - Þríhyrningar | Verkefni 2C og 2D | Verkefni 3 – 4% |
| 25. september – 1. október | 3. Kafli – Sérstakir þríhyrningar | 3A og 3B | Verkefni 4 – 4% |
| 2. – 8. október | 4. Kafli - Hringurinn | Verkefni 4A | Verkefni 5 – 4% |
| 9. – 15. október | 4. Kafli - Hringurinn | Verkefni 4B | Verkefni 6 – 4%<br>Moodle verkefni úr köflum 1-4 – 5% |
| 16. – 22. október | 5. Kafli - Hornaföll | 5.A, 5.B og 5.C | Verkefni 7 – 4% |
| 23. – 29. október | 5. Kafli - Hornaföll | Verkefni 5.D og 5.E | Verkefni 8 – 4% |
| 30. október – 5. nóvember | 6. Kafli - Flatarmál | Verkefni 6 | Verkefni 9 – 4% |
| 6. – 12. nóvember | 6. Kafli - Flatarmál | Verkefni 6 | |
| 13. – 19. nóvember | 7. Kafli - Rúmmáls reikningur | Verkefni 7 | Verkefni 10 – 4% |
| 20. – 26. nóvember | 7. Kafli - Rúmmáls reikningur | Verkefni 7 | Moodle verkefni úr köflum 5-7 – 5% |
| 27. nóvember – 3. desember | Upprifjun fyrir próf | Reikna gamalt próf | |
| 4. – 10. desember | Prófatímabil | | |
| 11. – 17. desember | Prófatímabil | | |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** X **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Jafnt vægi verkefna (4% hvert) | 40% |
| Moodle verkefni úr fyrri hluta | Verkefni á Moodle úr köflum 1-4 | 5% |
| Moodle verkefni úr seinni hluta | Verkefni á Moodle úr köflum 5-7 | 5% |
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Nemandi þarf að ná 40% árangri á lokaprófi til að vetrareinkunn gildi. Nemendur sem ekki skila verkefnum á tilsettum tíma fá einkunnina 0 fyrir verkefnið ef ekki eru fullgildar ástæður, t.d. veikindi, fyrir því að verkefninu var ekki skilað.

**Dagsetning: 01.09.2023**

Eyrún Anna Finnsd.
**Undirritun kennara**

Elín B. Unnarsdóttir
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# STÆF2TE05 Fjarnám

# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Elín Björk Unnarsdóttir | Sk.st. | EBU |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á skilning á; tölum, talnamengjum, fallhugtakinu og hagnýtingu þess, færni í algebru, notkun velda- og vaxtareiknings, tugveldarithætti og Evklíðskri rúmfræði. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni og færa fyrirbrigði á sviði viðskipta-, náttúru- og samfélagsfræði í stærðfræðilegan búning. Nemandinn beitir þekkingu sinni við lausn flóknari dæma en áður. Lögð er áhersla á að nemandinn þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum, nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna og röksemdarfærslu.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- deilanleika út frá frumþáttun
- algengum reiknireglum
- veldareglum, venslum velda og róta
- fyrsta og annars stigs jöfnum og ójöfnum
- hugtökum Evklíðskrar rúmfræði
- hlutföllum lengda, flatarmála og rúmmála
- marghliðum og fleygboga
- vaxtareikningi og flóknari prósentureikningi

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- setja viðfangsefni fram á táknmáli stærðfræðinnar og túlka niðurstöður
- frumþátta, rita tölur með tugveldarithætti og beita velda- og rótareglum
- leysa annars stig jöfnur og algebrubrot
- beita Evklíðskri rúmfræði og vinna með hnitakerfi í sléttum fleti
- nota vísindavasareikna við lausn dæma og þrauta

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- rökræða um stærðfræðileg viðfangsefni við aðra
- setja úrlausnir sínar fram skriflega á skiljanlegan og snyrtilegan hátt
- þýða margs konar verkefni á stærðfræðimál og setja þau upp sem jöfnu eða annað stærðfræðilegt viðfangsefni
- meta hvort svör eru raunhæf
- skilja merkingu helstu stærðfræðitákna og hugtaka í námsefninu
- vinna sjálfstætt með aðferðir í stærðfræði

# STÆF2TE05 Fjarnám

# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|---|
| 35 | 27. ágúst - 2. sept. | Kynning | Skráning inn í moodle | |
| 36 | 3.- 9. september | Frumhugtök Evklíðskrar rúmfræði | Vinna verkefni frá kennara. | Skilaverkefni 1 (3%) Skil: 8. september |
| 37 | 10. -16. september | Kaflli 1. Talnamengi. Kafli 2. Talnabil | Reikna öll dæmin í kafla 1 og öll dæmin í kafla 2. | Skilaverkefni 2 (3%) Skil:15. sept. |
| 38 | 17.-23. september | Kafli 3. Ójöfnur | Reikna öll dæmin í kafla 3. | Skilaverkefni 3 (3%) Skil: 22. sept. |
| 39 | 24.- 30. september | Kafli 4. Algebra | Reikna valin dæmin í kafla 4. | Skilaverkefni 4 (3%) Skil: 29. sept. |
| 40 | 1. - 7. október | Kafli 5. Lesið af línuritum | Reikna öll dæmin í kafla 5. | Skilaverkefni 5 (3%) Skil: 6. okt. |
| 41 | 8. - 14. október | Kafli 6. Föll | Reikna öll dæmin í kafla 6. | Skilaverkefni 6 (3%) Skil: 13. okt. |
| 42 | 15. - 21. október | Kafli 7. Annars stigs jöfnur | Reikna valin dæmin í kafla 7. | Skilaverkefni 7 (3%) Skil: 20. október |
| 43 | 22. - 28. október | Kafli 7. Annars stigs jöfnur | Reikna valin dæmin í kafla 7. | Moodle verkefni (5%) Skil: 27. október |
| 44 | 29. okt. - 4. nóvember | Kafli 8. Fleygbogar | Reikna valin dæmi í kafla 8. | Skilaverkefni 8 (3%) Skil: 3. nóvember |
| 45 | 5. - 11. nóvember | Kafli 9. Jafna fleygboga út frá mynd. | Reikna öll dæmin í kafla 9. | Skilaverkefni 9 (3%) Skil: 10. nóv. |
| 46 | 12. - 18. nóvember | Kafli 12. Brotnir veldisvísar | Reikna öll dæmin í kafla 12. | Skilaverkefni 10 (3%) Skil: 17. nóv. |
| 47 | 19. - 25. nóvember | Kafli 13. Vísiföll og lograr | Reikna öll dæmin í kafla 13. | Skilaverkefni 11 (3%) Skil: 24. nóv. |
| 48 | 26. nóv.- 2. desember | Kafli 14. Jöfnur og ójöfnur leystar af grafi | Reikna öll dæmin í kafla 14. | Skilaverkefni 12 (3%) Skil: 1. desember |
| 49 | 3.- 9 desember | Upprifjun og prófsýni | Lokapróf | |
| 50 | 10. - 16. desember | | Lokapróf | 59% |

## Kennsluform:

Áfanginn er á moodle.Vikulega eru send kennslubréf með útskýringum og sýnidæmum . Á moodle opnast verkefni sem á að skila. Kennari svarar fyrirspurnum nemenda í tölvupósti eins fljótt og kostur er. Nemendur eiga að senda fyrirspurnir um þau atriði og dæmi sem þeir eru í vandræðum með til kennara. Ráðlagt er að reikna þau dæmi sem tilgreind eru í námsáætlun.

## Námsgögn:

STÆF2TE05 Rafrænt textahefti er á moodlevef áfangans.

Dæmahefti fæst á skrifstofu VMA. Dæmin verða aðgengileg á moodle.

Efni frá kennara.

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf. | 59% |
| Verkefnaskil | Tólf skilaverkefni | 36% |
| Moodleverkefni | Eitt gagnvirkt verkefni á moodle. | 5% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Ef árangur á lokaprófi er undir 40% þá gildir sá árangur sem lokaeinkunn.

**Dagsetning: 31. ágúst árið 2023**

Elín B. Unnarsdóttir
**Undirritun kennara**

p.h. fagstj. [signature]
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# STÆF3FD05 - fjarnám
## Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Elín Björk Unnarsdóttir<br>elin.b.unnarsdottir@vma.is | Sk.st. | EBU |
|---|---|---|---|

## Forkröfur
Hafa lokið STÆF2VH05 og STÆF2AM05 eða sambærilegum áföngum á 2. þrepi.

## Áfangalýsing:

Meginefni áfangans eru föll, markgildi, diffurreikningur og kynning á diffrun. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru föll og gröf falla, veldisföll, vísisföll, lografföll, andhverf föll, samsett föll, eintæk, átæk og gagntæk föll. Markgildi, diffrun og markgildishugtakið. Skilgreining á afleiðu falls. Diffrun veldisfalla, vísisfalla, lografalla og hornafalla. Reiknireglur fyrir diffrun margfeldis falla, ræðra falla og samsettra falla. Samfeldni,diffranleiki falla og aðfellur. Hagnýting diffrunar við könnun falla, s.s. að finna staðbundin hágildi og lággildi, einhallabil, beygjuskil og jöfnu snertils. Notkun diffrunar við hagnýt viðfangsefni, t.d. útreikning á hraða og hröðun. Söguleg þróun. Efni áfangans skoðað með hliðsjón af sögu stærðfræðinnar. Í áfanganum er lögð áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, röksemdafærslur og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

## Þekkingarviðmið
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- ræðum föllum, veldisföllum, vísisföllum, lografföllum og hornaföllum
- markgildum og skilgreiningu þeirra
- diffrun og hagnýtingu diffrunar
- fallakönnun

## Leikniviðmið
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- nota vísis- og lografföll með mismunandi grunntölum
- finna andhverfur falla og setja saman föll
- nota markgildi og skilgreiningu á afleiðu falls
- diffra veldisföll, vísisföll, lografföll og hornaföll og nota reiknireglur fyrir diffrun margfeldis falla, ræðra falla og samsettra falla
- nota diffurreikning við könnun falla, einkum að finna staðbundin útgildi, einhallabil, beygjuskil, jöfnu snertils og aðfellur
- teikna gröf falla og kanna samfeldni og diffranleika þeirra
- sanna ákveðnar reglur
- reikna hagnýt dæmi þar sem beita þarf diffrun

## Hæfniviðmið
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu
- velja aðferðir til að leysa verkefni og beita þeim rétt
- skrá lausnir sínar skipulega og útskýra þær skilmerkilega fyrir öðrum
- fylgja og skilja röksemdafærslu í mæltu máli og í texta
- leysa margvísleg viðfangsefni í öðrum námsgreinum og daglegu lífi
- vinna með mismunandi útfærslur reglna
- skilja sannanir

# STÆF3FD05 - fjarnám
## Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsgögn:
Textahefti og dæmahefti er á rafrænu formi og aðgengilegt á Moodle.

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Námsefni ( bóklegur hluti) | Æfingar úr dæmahefti | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 35 | Kynning | Skráning á moodle | |
| 36 | 1. Föll og fallahugtök, samsett föll bls. 1 – 6. | 1.1 og 1.2 | Skilaverkefni 1 (4%) Skil:15. sept. |
| 37 | Andhverf föll, Jöfn og ójöfn föll og hliðrun bls. 7 – 13. | 1.3, 1.4 og 1.5 | Skilaverkefni 2 (4%) Skil: 22. sept. |
| 38 | 2. Markgildi, bls. 14 – 17. | 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 | Skilaverkefni 3 (4%) Skil: 29. sept. |
| 39 | Markgildi þegar $x \to \pm\infty$ og aðfellur, bls. 22 – 28. | 2.5 og 2.6 | Skilaverkefni 4 (4%) Skil: 6. okt. |
| 40 | 3. Diffrun og jafna snertils, bls. 29 – 38. | 3.1 og 3.2. | Skilaverkefni 5 (4%) Skil: 13. okt. |
| 41 | Útgildi, beygjuskil og könnun margliða, bls. 39 – 42. | 3.3 | Skilaverkefni 6 (4%) Skil: 20. október |
| 42 | Diffurreglur og könnun ræðra falla, bls. 43 – 46. | 3.4, 3.5 og 3.6 | Skilaverkefni 7 (4%) Skil: 27. október |
| 43 | Bestun og markgildi með hornaföllum, bls. 47 – 50. | 3.7, ýmis dæmi, 4.1 | Skilaverkefni 8 (4%) Skil: 3. nóvember |
| 44 | 4. Diffrun hornafalla og keðjureglan, bls. 51 – 56. | 4.2 og 4.3 | Skilaverkefni 9 (4%) Skil: 10. nóv. |
| 45 | 5. Vísis- og lograföll, bls. 57 – 60. | 5.1 | Skilaverkefni 10 (4%) Skil: 17. nóv. |
| 46 | Logra- og vísisjöfnur, bls. 60 – 66. | 5.2 | Skilaverkefni 11 (4%) Skil: 24. nóv. |
| 47 | Diffrun vísis- og lografalla, efni frá kennara. | Dæmi frá kennara | Skilaverkefni 12 (4%) Skil: 1. desember |
| 48 | Sýnipróf og fleira | | Skilaverkefni 13 (4%) |
| 49 | Undirbúningur fyrir lokapróf. | | |
| 50 | Allt námsefnið. | Lokapróf | 60% |

# STÆF3FD05 - fjarnám
## Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Kennsluform:**
Áfanginn er á moodle. Þar opnast vikulega kennslubréf með útskýringum og sýnidæmum. Sýnidæmi eru í kennslubókinni. Einnig verkefni sem á að skila. Höfuðáhersla er lögð á að nemendur geti beitt þeim aðferðum sem kenndar eru, en minna á sannanir. Kennari svarar fyrirspurnum nemenda í tölvupósti eins fljótt og kostur er. Nemendur eru hvattir til að senda fyrirspurnir um þau atriði og dæmi sem þeir eru í vandræðum með til kennara. Mikilvægt er að nemendur reikni þau dæmi sem tilgreind eru í vikuáætlun.

**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Skilaverkefni | Vikuleg skilaverkefni samtals 13. Tíu bestu gilda. | 40% |
| Lokapróf | Próf í lok annar. | 60% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Ef árangur á lokaprófi er undir 35% þá gildir sá árangur sem lokaeinkunn.
Áskilinn er réttur til breytinga ef aðstæður krefjast.

**Dagsetning: 31. ágúst 2023**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# STÆF3HD05 - fjarnám
# Námsáætlun - haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | Elín Björk Unnarsdóttir | **Sk.st.** | EBU |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Meginefni áfangans eru heildun, heildunaraðferðir, flatarmáls- og rúmmálsreikningur með heildi, diffurjöfnur af fyrsta stigi, runur og raðir. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Heildun, stofnföll, óákveðið og ákveðið heildi. Reiknireglur fyrir heildi. Flatarmál svæða sem afmarkast af gröfum falla reiknað með heildun. Heildunaraðferðir, s.s. innsetning, hlutheildun og liðun í stofnbrot. Rúmmál snúðs þegar snúið er um x –ás. Tengsl diffrunar og heildunar. Diffurjöfnur: Fyrsta stigs diffurjöfnur af ýmsum gerðum, s.s. óhliðraðar og hliðraðar, aðskiljanlegar breytur. Notkun diffurjafna við lausn hagnýtra dæma af ólíkum toga. Runur og raðir: Endanlegar og óendanlegar runur og raðir. Mismuna- og kvótarunur og -raðir. Samleitnar, óendanlegar kvótaraðir. Hagnýting runa og raða í verkefnum tengdum fjármálum og náttúruvísindum. Sannanir með stærðfræðilegri þrepun. Í áfanganum er lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð, röksemdafærslur og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

## Forkröfur: STÆF3FD05

## Markmið:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- stofnföllum falla og heildunarreikningi
- helstu reglum um óákveðið og ákveðið heildi
- ýmsum aðferðum við heildun
- diffurjöfnum af fyrsta stigi
- endanlegum og óendanlegum runum og röðum
- tengslum diffrunar og heildunar

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- stofnföllum falla og heildunarreikningi
- helstu reglum um óákveðið og ákveðið heildi
- ýmsum aðferðum við heildun
- diffurjöfnum af fyrsta stigi
- endanlegum og óendanlegum runum og röðum
- tengslum diffrunar og heildunar

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
- velja viðeigandi aðferðir til að leysa verkefni og beita þeim rétt
- skrá lausnir sínar skipulega og útskýra þær skilmerkilega fyrir öðrum
- fylgja og skilja röksemdafærslu í mæltu máli og í texta
- leysa margvísleg viðfangsefni í öðrum námsgreinum og daglegu lífi
- leysa hagnýt dæmi þar sem nota má heildun, diffurjöfnur eða runur og raðir

## Námsgögn:

| | |
|---|---|
| Bækur | STÆ 503 (1. útgáfa) eftir Jón Hafstein Jónsson og fl. Akureyri 2003. |
| Moodle | Kennslubréf og skilaverkefni frá kennara. |

**STÆF3HD05 - fjarnám**
**Námsáætlun - haustönn 2023**



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Vika | Námsefni ( bóklegur hluti) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 35 | Kynning | Skráning inn á moodle | |
| 36 | Upprifjun á fyrri áföngum<br>**1.1** Línuleg nálgun og diffur | **Æ1.1A:**1, 2, **Æ1.1B:**1, 2, 6<br>V1: 2 b), d), f), 7, 10 | Skilaverkefni 1 (4%)<br>Skil:15. september |
| 37 | **1.2** Stofnfall og óákveðið heildi | **Æ1.2:** 1, 2, 4 a), b), e), f)<br>**V1:**14,15 a),b),17,18,19 | Skilaverkefni 2 (4%)<br>Skil: 22. september |
| 38 | **2.1** Heildanleiki og ákveðið heildi | **Æ2.1A:** 1 **Æ2.1B:** 4,5<br>**V2:** 6,7 | Skilaverkefni 3 (4%)<br>Skil: 29. september |
| 39 | **2.2** Ákveðið heildi og flatarmál | **Æ2.2:** 1<br>**V2:** 11 | Skilaverkefni 4 (4%)<br>Skil: 6. október |
| 40 | **2.2** Ákveðið heildi og flatarmál | **Æ2.2:** 2<br>**V2:** 12 | Skilaverkefni 5 (4%)<br>Skil: 13. október |
| 41 | **3.1** Andhverfur hornafalla | **Æ3.1:** 1, 2, 3, 4, 5<br>**V3:** 1 | Skilaverkefni 6 (4%)<br>Skil: 20. október |
| 42 | **3.2** Hlutheildun | **Æ3.2:** 1, 2, 4<br>**V3:** 3, 4, 8 | Skilaverkefni 7 (4%)<br>Skil: 27. október |
| 43 | **3.3** Innsetningaraðferðin | **Æ3.3:** 1, 2, 3<br>**V3:** 11, 12, 13 | Skilaverkefni 8 (4%)<br>Skil: 3. nóvember |
| 44 | **3.3** Innsetningaraðferðin<br>**3.4** Heildun ræðra falla | **Æ3.3:** 4, 5, 6<br>**V3:** 15 b), 17, 18<br>**Æ3.4:** 1, 2, 3, 5, 8<br>**V3:** 19, 20, 21 | Skilaverkefni 9 (4%)<br>Skil: 10. nóvember |
| 45 | **3.5** Rúmmál snúða | **Æ3.5:** 1, 2<br>**V3:** 3, 4, 8 | Skilaverkefni 10 (4%) Skil:<br>17. nóvember |
| 46 | **3.5** Rúmmál snúða | **Æ3.5:** 5 | Skilaverkefni 11 (4%) Skil:<br>24. nóvember |
| 47 | **4.1** Diffurjöfnur af 1. stigi | **Æ4.1A:** 1, 2 **Æ4.1B:** 1, 2<br>**V4:** 1, 2 | Skilaverkefni 12 (4%)<br>Skil: 1. desember |
| 48 | **5.3** Runur og raðir | **Æ5.3C:** 1, 3<br>**V5:** 15, 16 | Skilaverkefni 13 (4%)<br>Skil: 8. desember |
| 49 | Upprifjun / Prófundirbúningur | Ýmis dæmi og sýnipróf | |
| 50 | Allt námsefnið. | Lokapróf | 60% |

## Kennsluform:

Áfanginn er á moodle. Þar opnast vikulega kennslubréf með útskýringum og sýnidæmum. Sýnidæmi eru í kennslubókinni. Einnig verkefni sem á að skila. Höfuðáhersla er lögð á að nemendur geti beitt þeim aðferðum sem kenndar eru, en minna á sannanir. Kennari svarar fyrirspurnum nemenda í tölvupósti eins fljótt og kostur er. Nemendur eru hvattir til að senda fyrirspurnir um þau atriði og dæmi sem þeir eru í vandræðum með til kennara. Mikilvægt er að nemendur reikni þau dæmi sem tilgreind eru í vikuáætlun.

**STÆF3HD05 - fjarnám**
**Námsáætlun - haustönn 2023**



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | ☐ Símat / X Lokapróf/valið lokapróf / ☐ Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Skilaverkefni | Vikuleg skilaverkefni samtals 13. Tíu bestu gilda. | 40% |
| Lokapróf | Próf í lok annar. | 60% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Ef árangur á lokaprófi er undir 40% þá gildir sá árangur sem lokaeinkunn.
Áskilinn er réttur til breytinga ef aðstæður krefjast.

**Dagsetning: 31. ágúst 2023**

Elín B. Unnarsdóttir
**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# STÆF3ÖT05
# FJARNÁM
# HAUSTÖNN 2023



| **Kennari** | Hermann Jón Tómasson | **Sk.st.** | HTÓ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Fjallað er um nokkrar aðferðir sem notaðar eru til að draga tölfræðilegar ályktanir. Nánar tiltekið verður rætt um notkun normaldreifinga og t-dreifinga til að finna öryggisbil og prófa tilgátur. Jafnframt er kynnt noktun Kí-kvaðrat prófunar (Chi-squire), aðhvarfsgreiningar og ef tími gefst til, dreifigreiningar. Nemendur vinna nokkur verkefni sem þeim ber að skila, ýmist einir eða í samvinnu við aðra nemendur hópsins. Verkefni eru að hluta unnin með aðstoð reiknitækja (vasareiknivéla) og nemendur fá að kynnast því hvernig nota má tölvuforrit til að leysa dæmi eins og þau sem unnið er með í áfanganum.

### Áfangamarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- normaldreifðri úrtaksdreifingu
- öryggisbili og öryggismörkum
- tilgátuprófunum
- t-prófum, kíkvaðrat-prófum og dreifigreiningu
- línulegri aðhvarfsgreiningu og fylgni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna öryggisbil og gera grein fyrir niðurstöðum slíkra útreikninga
- setja fram tilgátu og gera á henni viðeigandi tölfræðilegt próf
- geta reiknað fylgni, fundið jöfnu bestu línu og gert spá á grundvelli hennar.
- geta túlkað fylgnistuðla
- nota ýmis tölfræðipróf t.d. t-próf, kíkvaðrat-próf og F-próf
- geta nýtt sér tölfræðileg forrit við gagnavinnslu, prófanir og ályktanir

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa, skilja og meta með gagnrýnum hætti tölfræðlegar upplýsingar í fjölmiðlum og fræðiritum.
- greina hvaða aðferðir er við hæfi að nota til að greina mismunandi tölulegar upplýsingar og til að leita mismunandi svara um þær.
- vinna með skipulegum hætti úr tölulegum upplýsingum með aðferðum ályktunartölfræði og til að kynna niðurstöður þeirrar vinnu.
- ræða um tölfræði almennt og ályktunartölfræðileg viðfangsefni sérstaklega.

**Námsgögn:** Hermann Jón Tómasson: Ályktunar*tölfræði.* VMA 2020

# STÆF3ÖT05 FJARNÁM HAUSTÖNN 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| Vika 35. 28.8 - 3.9 | Innritun nemenda og námsáætlun | | |
| Vika 36. 4.9 - 10.9 | 2. Aðhvarfsgreining og fylgni | | |
| Vika 37. 11.9 - 17.9 | 2. Aðhvarfsgreining og fylgni | Blönduð dæmi 1 | 6% |
| Vika 38. 18.9 - 24.9 | 3.1. Normaldreifing og z-stig (upprifjun) | Dæmi vikunnar 1 (úr kafla 3.1) | 3% |
| Vika 39. 25.9 - 1.10 | 3.2.-3.4. Úrtaksdreifing meðaltals | Dæmi vikunnar 2 (úr kafla 3.3) | 3% |
| Vika 40. 2.10 - 8.10 | 3.5. Úrtaksdreifing hlutfalls | Blönduð dæmi 2 | 6% |
| Vika 41. 9.10 - 15.10 | 3.6. Fleiri úrtaksdreifingar | Heimapróf 1 | 7% |
| Vika 42. 16.10 - 22.10 | 4. Tilgátuprófun 1 | Dæmi vikunnar 3 (úr 4. kafla) | 3% |
| Vika 43. 23.10 - 29.10 | 4. Tilgátuprófun 2 | Dæmi vikunnar 4 (úr 4. kafla) | 3% |
| Vika 44. 30.10 - 5.11 | 4. Tilgátuprófun 3 | Heimapróf 2 | 7% |
| Vika 45. 6.11 - 12.11 | 5. t-próf | Dæmi vikunnar 5 (úr 5. kafla) | 3% |
| Vika 46. 13.11 - 19.11 | 5. t-próf | Blönduð dæmi 3 | 6% |
| Vika 47. 20.11 - 26.11 | 5. t-próf | Dæmi vikunnar 6 (úr 6. kafla) | 3% |
| Vika 48. 27.11 - 3.12 | 6. Chi-square próf | Dæmi vikunnar 7 (úr 6. kafla) | 3% |
| Vika 49. 4.12 - 10.12 | 6. Chi-square próf | Heimapróf 3 | 7% |
| Vika 49. 4.12 - 10.12 | Upprifjun og samantekt | Lokaverkefni (Val) | |
| Vika 50. 11.12 - 17.12 | Upprifjun og samantekt | Lokapróf | 40% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ Símat x Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Dæmi vikunnar | Sjö rafræn verkefni úr öllum köflum námsefnisins | 21% |
| Tímapróf | Þrjú tímapróf sem gilda 8% hvert | 21% |
| Heimadæmi | Þrjú skrifleg heimaverkefni | 18% |
| Lokaverkefni | Getur gilt allt að 6% af lokaeinkunn | |
| Lokapróf | Próf úr öllu námsefninu í lok annar | 40% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemendur þurfa að ná 40% árangri á lokaprófi til að aðrir námsmatsþættir gildi til einkunnar.

**Dagsetning: 30.8.2023**

Harald Jónasson (signature)
Undirritun kennara

Elín B. Unnarsdóttir (signature)
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** | Wolfgang Frosti Sahr | **Sk.st.** | WFS |

**Áfangalýsing:**
Framhaldsáfangi þar sem áframhaldandi áhersla er lögð á að nemandinn bæti við undirstöðuatriði tungumálsins. Þjálfun í lesskilningi aukin ásamt dýpkun á samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun. Markvisst er bætt við orðaforða og málnotkun aukin, þar sem áhersla er lögð á réttan framburð og skilning þannig að nemandi m.a. lesið og skilið stutta texta, tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengjast athöfnum daglegs lífs. Hluti námsins er kynning á siðvenjum þýskumælandi landa með sérstöku tilliti til jafnréttis og sköpunar. Áhersla er lögð á frumkvæði nemandans og að hann beri ábyrgð á eigin námi.

**Forkröfur:** ÞÝSK1RL05 eða sambærilegur áfangi

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- viðeigandi orðaforða áfangans
- grundvallarþáttum þýska málkerfisins
- framburði
- samskiptavenjum, menningu og siðvenjum þýskumælandi þjóða

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- skilja fyrirmæli og setningar sem tengjast daglegum athöfnum
- skilja leiðbeiningar og fyrirmæli
- skilja þegar fjallað er um atburði daglegs lífs
- skrifa stutta texta í nútíð, framtíð og liðinni tíð
- óska eftir og geta veitt upplýsingar
- greina lykilatriði í texta
- tjá sig skriflega og munnlega um kunnugleg efni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**
- nýta viðeigandi mál- og samskiptavenjur við mismunandi aðstæður
- útskýra siðvenjur þýskumælandi landa
- koma á framfæri eigin skoðun, þekkingu og tilfinningum
- velja námsaðferðir við hæfi
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í málinu
- sýna aga, metnað, sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni

**Námsgögn:**

| | |
|---|---|
| vefæfingar | Nicos Weg – Learn German - DW<br>A1 kaflar 6-11<br>https://learngerman.dw.com/en/nicos-weg/c-36519789 |
| vinnuhefti | Aðgengilegt á heimasíðu áfangans (Moodle) |

**Áætlun um yfirferð**: Náminu er skipt niður í 4 lotur. Í hverri lotu þarf að (1) fara yfir ákveðna kafla vefæfinga, (2) leysa verkefni í vinnuhefti ásamt því að læra orðaforða og (3) skila Moodle verkefnum.

Með skipulagningu náms í lotum er gert ráð fyrir veikindum eða fjarveru af öðrum ástæðum. Moodle skil eru símatsverkefni sem meta frammistöðuna jafnt yfir önnina. Nemandi skipuleggur sjálf/ur hraða yfirferðar innan lotunnar, en eftir viðkomandi skiladag eru verkefni lotunnar ekki lengur aðgengileg[1] sbr. töfluna hér fyrir neðan.

| (lota) dagsetning | Nicos Weg | skil í síðasta lagi á miðnætti |
|---|---|---|
| (1) 04.09.-24.09. | 6.1 - 7.2 | sunnudaginn, 24.09. |
| (2) 25.09.-15.10. | 7.3 - 8.4 | sunnudaginn, 15.10. |
| (3) 16.10.-05.11. | 9.1 - 10.2 | sunnudaginn, 05.11. |
| (4) 06.11.-26.11. | 10.3 - 11.4 | sunnudaginn, 26.11. |
Námsefni annarinnar er skipt í þrettán vikur. Námsefni er sett fyrir einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) og fylgja því leiðbeiningar í fréttaspjalli, þar sem greint er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Hver fyrirsetning er talin vikuvinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því að nemandinn hafi mest tvær vikur til þess að skila úrlausn, ef til veikinda eða annarra tafa kemur.

# ENSK2LS05 F
# Námsáætlun haustönn 2023



| Week | Lesson | Grammar | Use of English | Literature |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Titanic | | Commas to introduce, commas to separate. | Fyrsta smásagan, "The Awful Fate of Melpomenus Jones", lesin og verkefni unnið úr henni **4%**. |
| 2 | Somewhere to Live | Modal verbs – ability, permission, and obligation | Commas to enclose, commas to indicate omission. | Önnur smásagan, "The Last Tea", lesin og verkefni unnið úr henni **4%**. Byrjað að lesa skáldsöguna. |
| 3 | Luck and Money | Future Tenses | English weights and measures. | *Eight Pieces of Silva:* lesa Part 1 (kafla 1-10), bls. 1-60. |
| 4 | Family | Reported speech | English weights and measures. | Próf úr Part 1 úr *Eight Pieces of Silva* **2%**. Lesa Part 2 (kafla 11-20), bls. 61-119. |
| 5 | One Small Step ... | Reported speech, Reported questions | Phrasal verbs | Próf úr Part 2 úr *Eight Pieces of Silva* **2%**. Lesa Part 3 (kafla 21-27), bls. 120-185. |
| 6 | Aviatrix | | Phrasal verbs | Próf úr Part 3 úr *Eight Pieces of Silva* **2%**. Lesa Part 4 (kafla 29-34), bls. 186-249). |
| 7 | Stratford- Upon-Avon | Future perfect | Phrasal verbs | Próf úr Part 4 úr *Eight Pieces of Silva* **2%**. Lesa Part 5 (kafla 35-44), bls. 250-310. |
| 8 | It's OK to Be Takei | Relative clauses | English idioms | Próf úr Part 5 úr *Eight Pieces of Silva* **2%**. |
| 9 | Graffiti | Relative clauses | English idioms | Dagbókarverkefni úr skáldsögu **4%**. |
| 10 | Life Is But a Dream | Active / Passive | | Lokaverkefni úr skáldsögu **8%**. |
| 11 | A Narrow Escape | Active / Passive | | Kynningaverkefni **8%**. |
| 12 | Smartphone Addiction | | English idioms | Þriðja smásagan, "The First Seven Years", lesin og verkefni unnið úr henni **4%**. |
| 13 | Lokafrágangur og annarpróf | | | |

Réttur til breytinga er áskilinn. Ef til þess kemur, verður gerð grein fyrir þeim með sérstökum tilkynningum til nemenda.

**Dagsetning: 29. ágúst 2023**

Anna B. Palmad

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ENSK2RM05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



| Kennari | Anna Berglind Pálmadóttir<br>anna.b.palmadottir@vma.is | Sk.st. | ABP |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanförum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- túlkun bókmenntaverka
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrðingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi
- dýpri merkingu texta

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega, um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrðingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

# ENSK2RM05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Námsgögn:

Allt námsefni, utan skáldsagna, er á Moodle, þ.m.t. smásagan "Bloodflowers," ásamt öðru ítarefni frá kennara.

**Valbækur (nemandi þarf aðeins að lesa aðra þessara skáldsagna):**
Harper Lee: *To Kill a Mockingbird,* (allar óstyttar útgáfur)
Ray Bradbury: *Fahrenheit 451*, (allar óstyttar útgáfur)

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer /lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 1 | Kynning á áfanga og undirbúningur ritgerðar. | Kynningar og lesefni á Moodle. | |
| Vika 2 | Undirbúningur ritgerðar. | Unnið í beinagrind. | **Skil á beinagrind 2,5%** |
| Vika 3 | Vinna í ritgerð. | Unnið í uppkasti. | **Skil á uppkasti 2,5%** |
| Vika 4 | Vinna í ritgerð. | Unnið að lokaafurð ritgerðar. | **Skil á ritgerð 15%** |
| Vika 5 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. Byrjað að vinna með skáldsögu. | Lesefni og æfingar á Moodle. | **Spurningaverkefni úr skáldsögu 5%** |
| Vika 6 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. Haldið áfram að vinna í skáldsögu. | Lesefni og æfingar á Moodle. | **Spurningaverkefni úr skáldsögu 5%** |
| Vika 7 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna við skáldsögu. | Lesefni og æfingar á Moodle. Lokaverkefni úr skáldsögu lagt fyrir. | |
| Vika 8 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna við skáldsögu. | Lesefni og æfingar á Moodle. Lokaverkefni úr skáldsögu klárað. | **Lokaverkefni úr skáldsögu 15%** |
| Vika 9 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. | Lesefni og æfingar á Moodle. | |
| Vika 10 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. Vinna með smásögu. | Lesefni og æfingar á Moodle. Smásaga lesin og verkefni unnið. | **Verkefni úr smásögu 5%** |
| Vika 11 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. | Lesefni og æfingar á Moodle. | |
| Vika 12 | Lestur, orðaforði og orðmyndun. | Lesefni og æfingar á Moodle. | |
| Vika 13 | Málfræði: skilyrðissetningar | Lesefni og æfingar á Moodle. | |

# ENSK2RM05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| **Matsform:** | **X Símat** | **☐ Lokapróf/valið lokapróf** **☐ Lokaverkefni** |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Verkefni | Lokaverkefni úr skáldsögu. | 15% |
| Spurninga-verkefni | Spurningaverkefni á Moodle úr skáldsögu (2x5%). | 10% |
| Ritgerð | Ritgerð byggð á efnisyrðingu (15%). Skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%). | 20% |
| Smásaga | Verkefni úr smásögu. | 5% |
| Verkefni | Ýmis verkefni (quizzes) unnin á Moodle yfir alla önnina. | 25% |
| Próf undir lok annar | Rafrænt próf úr textum, orðmyndum og skilyrðissetningum. | 25% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemendur velja **aðra valbókina** til lestrar og vinna verkefni úr henni.

**Um verkefnaskil:** Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað, jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum. Lágmarkseinkunn er 5. Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna, fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Í lok annar verður tekið rafrænt próf úr textum, orðmyndum og skilyrðissetningum. Áður var þetta hefðbundið lokapróf í próftöflu en nú verður þetta rafrænt lokapróf í lok annar, utan próftöflu, en bundið ákveðnum tímaramma (nánar útlistað síðar).

**Réttur til breytinga áskilinn!**

**Dagsetning: 20.ágúst 2023**

Anna B. Palmad.
**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ENSK3FV05 Fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Anna Berglind Pálmadóttir<br>anna.b.palmadottir@vma.is | Sk.st. | ABP |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum á félags- og hugvísindabraut. Meginmarkmið áfangans er að auka og auðga orðaforða, efla skilning á grundvallarhugtökum félags- og hugvísinda, þjálfa lestur faglegra texta og skáldverka sem fjallað er um á fræðilegan hátt, hagnýta sérhæfðan orðaforða t.d. með ritun útdrátta, heimildaritgerða og kynninga. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt og í hópum með fjölbreytt efni og margvísleg verkefni innan hugvísindanna.

## Markmið:

**Þekkingarviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- orðaforða, málstofnum, orðmyndun og öðru sem gerir nemanda kleift að tileinka sér lesefni sem tengist félags- og hugvísindum í áframhaldandi námi og starfi
- ólíkum menningarheimum með áherslu á víðsýni, umburðarlyndi og gagnrýna hugsun t.d. varðandi lýðræði, mannréttindi, trú, kynhneigð, kynþátt og þjóðerni
- því sem einkennir talað og ritað mál í félags- og hugvísindum

**Leikniviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja sérhæfða texta á sviði félags- og hugvísinda
- lesa sér til gagns almenna og krefjandi texta og vinna með þá
- beita ritmáli í mismunandi tilgangi með stílbrigðum og málsniði sem á við, t.d. útdrætti, heimildarit-gerðir og kynningar
- hlusta á og taka þátt í fyrirlestrum, umræðum og rökræðum um fræðileg efni á sviði félags- og hug-vísinda í þeim tilgangi að miðla til annarra
- nota orðaforða félags- og hugvísinda til að tjá sig um margvísleg málefni

**Hæfniviðmið**
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér texta, umræður og rökræður um fræðileg málefni
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og geta brugðist við spurningum
- nota rithefðir sem eiga við í textasmíð hverju sinni
- rökstyðja mál sitt í ræðu og riti
- geta útskýrt flókna texta og nýtt faglegan orðaforða á lipran og skýran hátt í ritun og tali
- geta metið og aflað heimilda eftir mismunandi leiðum s.s. af neti, bókasafni og öðrum upplýsinga-veitum samkvæmt þeim venjum sem gilda um heimildavinnu

## Námsgögn:

- Öll námsgögn áfangans, utan skáldsögu, eru á Moodle en textaheftið *English for the Social Sciences*, fæst einnig á skrifstofu VMA fyrir þá sem vilja fá það í bókaformi.
- Khaled Hosseini: *A Thousand Splendid Suns* (bókabúðir, allar óstyttar útgáfur).

# ENSK3FV05 Fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Timabil (vikunúmer /lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 1 | Kynning á áfanga.<br>Lesinn textinn: „What is Sociology?" | Verkefni á Moodle (öll verkefni úr textum og orðmyndum á Moodle gilda til lokaeinkunnar, samtals 30%). | |
| Vika 2 | Lesnir textarnir: „Theories and words" og „Bullying" | Verkefni á Moodle. | |
| Vika 3 | Byrjað að vinna í skáldsögu og fyrstu 10 kaflarnir lesnir.<br>Lesinn textinn: „The Dark Side of Psychology in Abuse and Interrogation". | *A Thousand Splendid Suns*: Spurningaverkefni úr köflum 1-10.<br>Verkefni á Moodle. | **2%** |
| Vika 4 | Kaflar 11-20 í skáldsögu lesnir.<br>Lesinn textinn: „What is culture?". | *A Thousand Splendid Suns*: Spurningaverkefni úr köflum 11-20.<br>Verkefni á Moodle. | **2%** |
| Vika 5 | Kaflar 21-30 í skáldsögu lesnir.<br>Lesinn textinn: „An Introduction to the Social Sciences".<br>Hugtakavinna. | *A Thousand Splendid Suns:* Spurningaverkefni úr köflum 21-30.<br>Verkefni á Moodle. | **2%** |
| Vika 6 | Kaflar 31-40 í skáldsögu lesnir.<br>Nemendur velja sér fræðigrein tengda heilsusálfræði og vinna með hana. | *A Thousand Splendid Suns*: Spurningaverkefni úr köflum 31-40.<br>Kynningaverkefni: Heilsusálfræði. | **2%**<br>**10%** |
| Vika 7 | Kaflar 41-51 í skáldsögu lesnir.<br>Nemendur ljúka við skriflega vinnu úr skáldsögu. | *A Thousand Splendid Suns*: Spurningaverkefni úr köflum 41-51.<br>*A Thousand Splendid Suns*: Lokaverkefni. | **2%**<br>**10%** |
| Vika 8 | Lesinn textinn: „Social Anthropology and Sociology". | Verkefni á Moodle. | |
| Vika 9 | Ritgerðarvinna. | Ritgerð tengd félagslegum málefnum. | **15%** |
| Vika 10 | Lesinn textinn: „Defining Culture". | Verkefni á Moodle. | |
| Vika 11 | Lesnir textarnir: „Women Becoming Men..." og „Lara Croft...". | Verkefni á Moodle.<br>Munnlegt próf úr hugtökum og skáldsögu. | **20%** |
| Vika 12 | Lesnir textarnir: „Avatar Fantasy Life", „You Can't be Thin Enough", „The Amish..." og „The Virginia Tech Student Massacre". | Verkefni á Moodle. | |
| Vika 13 | Upprifjun úr orðaforða.<br>Mat á áfanga. | Hugleiðing um efni og ávinning áfangans. | **5%** |

# ENSK3FV05 Fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | X Símat | ☐ Lokapróf/valið lokapróf | ☐ Lokaverkefni |
|---|---|---|---|

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Ýmis verkefni (quizzes) unnin á Moodle yfir alla önnina. | 30% |
| Styttri verkefni úr skáldsögu | Fimm spurningaverkefni úr skáldsögu (5x2%) | 10% |
| Lokaverkefni | Lokaverkefni úr skáldsögu | 10% |
| Munnlegt próf | Munnlegt próf úr skáldsögu og hugtökum úr textum | 20% |
| Ritgerð | 5 paragraph essay um efni tengt félagsvísindum | 15% |
| Kynning | Kynningarverkefni úr fræðigrein | 10% |
| Hugleiðing | Hugleiðing í lok annar um efni og ávinning áfangs | 5% |
| | **Samtals:** | **100%** |

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

**Um verkefnaskil:** Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað, jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum. Lágmarkseinkunn er 5. Verði nemandi uppvís að ritstuldi við gerð verkefna, fær hann einkunnina 0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

**Réttur til breytinga áskilinn**

**Dagsetning: 20. ágúst 2023**

Anna B. Palma [signature]
**Undirritun kennara**

[signature]
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ENSK3VG05F
# Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Baldvin B Ringsted *baldvin.b.ringsted@vma.is* | Sk.st. | BAR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemendinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfaður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfaður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.
Kennslan fer fram í gegnum tölvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemendur þurfa að skoða er að finna í Innu kennsluumhverfinu.

## Markmið:

Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð
- mismunandi málsniði enskrar tungu

Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra
- taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni
- tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja megininntak erinda og rökræðna sem fjallað er um í áfanganum
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt
- taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum
- skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda

# ENSK3VG05F
# Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsgögn:
Allt efni er á Innu, leskaflar með æfingum og skilaverkefni.

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:
Námsefni annarinnar er skipt á 13 vikur. Hvert verkefni er opið í 2 vikur og ekki er hægt að fá lengri frest en gefinn er upp við opnun verkefnis.

| Vika | Lesefni | Þema | Málfræði og orðaforði |
|---|---|---|---|
| 1 | The Scientific Attitude | Specialists | Suffixes |
| 2 | Numbers and Mathematics | Phobias | Prefixes and Suffixes |
| 3 | A Closer Look at Geology | | |
| 4 | The Scientific Method and the Methods of Science | Manias | Synonyms and Antonyms |
| 5 | Pure and Applied Science | Foreign Plurals | Nouns |
| 6 | A Closer Look at Medicine | | |
| 7 | Directed Research | Sicknesses and Science | Adverbs and Numbers |
| 8 | Science and International Cooperation | Sciences and Professions | Strange Plurals |
| 9 | A Closer Look at Engineering | | |
| 10 | Sources of Error in Scientific Investigation | Research | Word Classes and Verbs |
| 11 | Straight and Crooked Thinking | | Missing Words |
| 12 | A Closer Look at Biology | | |
| 13 | Science and the Future | | |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** x **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt próf úr öllu efni áfangans | 50% |
| Annareinkunn | Jafnt vægi allra skilaðra verkefna (alls um 30 verkefni)<br>Efnisþættir: Lesefni, þemu og málfræði/málnotkun | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

Lágmarkseinkunn er 5. Nemendum ber að skila öllum verkefnum innan tímamarka. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

**Dagsetning:** 1/9 '23

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Félagsfræði (FÉLA2MS05) fjarnám Námsáætlun (haustönn, 2023)



| **Kennari** | Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir | **Sk.st.** | HRS |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Fjallað er um sjónarhorn, helstu hugtök og vinnuaðferðir greinarinnar. Skoðuð eru áhrif samfélagsins á aðstæður, hugsun og hegðun einstaklinga og hvernig þeir geta haft áhrif á umhverfi sitt. Fjallað er um þróun mannlegra samfélaga, hnattvæðingu og stöðu Íslands meðal þjóða heims og áhrif iðnvæðingar á íslenskt samfélag. Fjallað er um stjórnskipan íslensks samfélags og áhersla lögð á atvinnulíf og stjórnmál. Lögð er áhersla á að nemandinn verði fær um að taka þátt í samfélagslegum umræðum, lesa fræðilega texta um viðfangsefni áfangans og mynda sér skoðanir á grunni þekkingar og umburðarlyndis gagnvart menningu, trú og skoðunum annarra.

**Markmið:**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- algengustu hugtökum félagsvísinda
- mótunaröflum einstaklinga
- margbreytileika samfélaga og þróunarsögu þeirra
- áhrifum iðnvæðingar á íslenskt samfélag
- skipulagi íslensks samfélags og Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins
- réttindum og skyldum einstaklingsins gagnvart samfélaginu
- hnattvæðingu
- stöðu Íslands meðal þjóða heims
- högum fjölskyldunnar

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa félagsfræðilega texta
- nota félagsfræðileg hugtök til að greina og bera saman aðstæður fólks í mismunandi samfélögum og á mismunandi tímum
- íhuga og ræða eigin hugmyndir og fordóma
- fjalla á gagnrýninn hátt um samfélagsleg málefni líðandi stundar í ræðu og riti

**Félagsfræði (FÉLA2MS05)**
**fjarnám**
**Námsáætlun (haustönn, 2023)**



**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- meta upplýsingar og móta sér skoðanir á samfélagsmálum á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt
- taka þátt í samræðum um samfélagsmál á vitrænan hátt
- ræða um samfélagsmál af þekkingu og víðsýni
- deila þekkingu sinni með öðrum.

## Námsgögn:

*Félagsfræði - Einstaklingur og samfélag* eftir Garðar Gíslason 3. útgáfa, 2008 og ýmislegt annað efni sem kennari leggur til.

# Félagsfræði (FÉLA2MS05) fjarnám Námsáætlun (haustönn, 2023)



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotun úmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | Um félagsfræði og skyldar greinar. 1. kafli, bls. 9-29. | Verkefni skiladagur 10. sept. | Gildir 5% |
| Vika 37 | Fræðilegar rannsóknaraðferðir 2. kafli, bls. 30-59.<br>Nemendur útbúa spurningalista og vinna niðurstöður í (köku- og stöplarit)/Excel | Verkefni skiladagur 17. sept.<br>Rannsókn | Gildir 10% |
| Vika 38 | Einstaklingurinn í samfélaginu. 3. kafli, bls. 50-81. | Verkefni skiladagur 24. sept.<br>Verkefni | Gildir 5% |
| Vika 39 | Menning. 4. kafli, bls. 82-109. | Verkefni skiladagur 1. okt.<br>Skilgreining hugtaka og verkefni. | Gildir 5% |
| Vika 40 | 1.- 4. kafli til prófs | Skiladagur 8. okt. | Kaflapróf 10% |
| Vika 41 | Samfélag. 5. kafli og menning og trú. 6. Kafli, bls. 110-163. | Skiladagur 15. okt.<br>Skilgreining hugtaka | Fyrirlestur 15% |
| Vika 42 | Fjölskyldan 7. kafli, bls. 164-181. | Skiladagur 22. okt.<br>Skilgreining hugtaka og spurningar | Verkefni gildir 2,5% |
| Vika 43 | Mismunandi sambúðarform. 8. kafli, bls. 182-207. | Skiladagur 29. okt.<br>Skilgreining hugtaka og | verkefni gildir 2,5% |
| Vika 44 | Vandamál í umhverfi fjölskyldunnar. 9. kafli, bls. 208-227. | Skiladagur 5. nóv. | Prófspurningarog verkefni gildir 5% |
| Vika 45 | Stjórnmál, kosningar og stjórnmálaflokkar. Áhrifaleiðir í stjórnmálum, Alþingi, sveitastjórnir og lýðræði. 14.-20. kafli, bls. 285-326.<br>http://skrif.hi.is/ritver/skraning-heimilda/<br>http://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn/heimildaskraning | Skiladagur 12. nóv.<br>Heimildaverkefni þar sem nemendur þurfa að hafa tilvísanir og heimildaskrá. | Heimildavinna 15% |

**Félagsfræði (FÉLA2MS05)**
**fjarnám**
**Námsáætlun (haustönn, 2023)**



| | | | |
|---|---|---|---|
| Vika 46 | Kaflar 5, 7, 8, 9, valið efni úr 14.-20. | Skiladagur 19. nóv. | Kaflapróf 10% |
| Vika 47-48 | Lokaverkefni | Skiladagur 3. des | Völdu efni gerð ítarleg skil og kynning 15% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** **x Símat** **☐ Lokapróf/valið lokapróf** **☐ Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Kaflapróf | Tvö kaflapróf 2 x 10% | 20 % |
| Hugtök | Nemendur skilgreina hugtök og verkefni | 20 % |
| Rannsókn | Nemendur vinna spurningalista og vinna niðurstöður | 10 % |
| Fyrirlestur og kynning | Nemendur vinna fyrirlestur og kynningu úr völdu efni tengt samfélagsgerðum eða trú. | 15 % |
| Hugtakakort | Nemendur vinna hugtakakort úr kafla 9 eða koma með hugmynd að prófspurningum. | 5 % |
| Heimildavinna | Nemendur vinna verkefni um stjórnmál með tilvísunum og heimildaskrá | 15 % |
| Lokaverkefni | Verkefni úr völdu efni | 15 % |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.**
**Annað:**

**Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.**

**Nemendur vinna verkefni og skila í skilakassa á Moodle í síðasta lagi á sunnudögum ekki síðar en 23:59**

**Dagsetning: 1. sept 2023**

Hrafnhildur
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# FÉLA3ML05
# Mannréttindi og lýðræði
# Námsáætlun - Haustönn 2023
# Fjarnám



| **Kennari** | Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir og<br>Þorsteinn Krüger | **Sk.st.** | VAL<br>ÞOK |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Fjallað er um mannréttindi og lýðræði að fornu og nýju. Sagan er rakin í grófum dráttum frá klassískri fornöld til nútímans með áherslu á mannréttindabaráttu síðustu alda. Mannnréttindabarátta 20. aldar verður könnuð sérstaklega og má þar nefna stofnun Sameinuðu þjóðanna og samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar. Þá verða mannréttindi sem birtast m.a. í stjórnarskrá Íslands skoðuð m.t.t. umræðu í nútímanum um mannréttindi og meint brot á þeim gagnvart ýmsum hópum og einstaklingum á Íslandi. Gerð verður grein fyrir alþjóðlegum mannréttindasamningum og sáttmálum sem Ísland á aðild að og ljósi varpað á orðræðu nútímans um mannréttindi og skort á þeim bæði hér á landi og vítt og breitt um heiminn. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans og rökhugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemandinn þjálfast í heimildavinnu- og rýni af ýmsu tagi.

**Markmið:**
**Þekkingarviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- grundvallarhugtökum eins og náttúrurétti, borgararétti, lýðræði, þegnskyldu og samfélagsvitund.
- upphafi og þróun lýðræðis- og mannréttindahugmynda meðal fornþjóða.
- tengslum mannréttinda nútímans við hugmyndir upplýsingaraldar.
- helstu mannréttindafrömuðum síðustu áratuga, baráttu þeirra og áhrifum.
- helstu mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að.
- orðræðu samtímans um mannréttindi og lýðræði vítt og breitt um heiminn.

**Leikniviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa fræðilega texta á íslensku og ensku um efni áfangans.
- nota veraldarvefinn og bókasafn til að afla sér dýpri fræðilegrar þekkingar á ýmsum efnisþáttum áfangans.
- ræða og rita um lýðræðis- og mannréttindamál af víðsýni og kunnáttu.
- beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra.
- miðla þekkingu sinni um efni áfangans til annarra með fjölbreyttum hætti.

**Hæfniviðmið**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.
- taka þátt í rökræðum og skoðanaskiptum við aðra um samfélagsleg málefni af fordómaleysi og víðsýni.
- skilja betur samfélag sitt og geta sett sig í spor annarra sem búa við lakari kjör.
- sýna þroskaða siðferðisvitund og virðingu í samskiptum við aðra og gagnvart samfélaginu.
- beita gagnrýninni hugsun á samfélagsleg álitaefni.

**Námsgögn:**
Efni sem sett er inn á Moodle af kennurum.

# FÉLA3ML05
# Mannréttindi og lýðræði
# Námsáætlun - Haustönn 2023
# Fjarnám



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 35. vika | Almennt um mannréttindi | Skilaverkefni 1<br>(Almennt um mannréttindi) | 5% |
| 36. vika | Uppruni lýðræðis og tilgangur.<br>Fyrstu hugmyndir um mannréttindi, stóuspekin, Rómverjar og borgararétturinn. | Skilaverkefni 2<br>(Um borgarrétt og borgaravitund) | 5% |
| 37. - 38. vika | Um eðli ríkisvalds, Locke, Montesquie, Hobbes, Paine. | Skilaverkefni 3 (kenningar Locke)<br>Skilaverkefni 4 (kenningar Hobbes) | 10%<br>10% |
| 39. - 40. vika | Kynning/ fyrirlestur | Vinna við undirbúning kynninga | 15% |
| 41. - 42. vika | Mannréttindayfirlýsingar, Frakkland, stofnun BNA og stjórnarskrár | Skilaverkefni 5<br>(Samanburður á mannréttindatextum) | 10%<br>Skiladagur fyrir kynningu er fös. 6. okt. |
| 43. - 44. vika | Kenningar um frelsið, J.S. Mill. | Skilaverkefni 6<br>(Kenningar Mill) | 10% |
| 45. vika | Ritgerð | Vinna við ritgerð | 20%<br>Skiladagur ritgerðar er fös. 24. nóv. |
| 46. - 48.vika | Sameinuðu þjóðirnar, Mannréttindayfirlýsing S.þ. Stjórnarskrá Íslands | Mannrréttindavakt | 15% |
| | | | |

# FÉLA3ML05
# Mannréttindi og lýðræði
# Námsáætlun - Haustönn 2023
# Fjarnám



**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

| Matsform: | X Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi %** |
| Kynning/fyrirlestur | Kynningar á völdu efni. Skiladagur fös. 6. okt. | 15 |
| Ritgerð | Heimildaritgerð, 4 til 6 bls. í meginmál. Skiladagur er fös. 24. nóv. | 20 |
| Skilaverkefni 1 | Almennt um mannréttindi. | 5 |
| Skilaverkefni 2 | Fyrstu hugmyndir um mannréttindi og borgararéttur. | 5 |
| Skilaverkefni 3 | Samanburður mannréttindatexta | 10 |
| Skilaverkefni 4 | Kenningar um ríkið | 10 |
| Skilaverkefni 5 | Franska mannréttindayfirlýsingin og stofnun BNA | 10 |
| Skilaverkefni 6 | Kenningar um frelsið | 10 |
| Mannréttindavaktin | Fylgst með fréttum um mannréttindamál | 15 |
| | Samt. | 100 |
| **Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU.** | | |

**Námstilhögun:** Athugið að þetta er símatsáfangi og þar af leiðandi er ekkert lokapróf. Glærur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle kennsluvefnum. Öll skilaverkefni fara í gegnum skilakasa á Moodle. Verkefnum sem skilað er eftir auglýstan skiladag fá aðeins einkunn, en án umsagnar.

Þessi námsáætlun er lögð fram með fyrirvara um breytingar og frómum óskum um gott samstarf og gengi.

Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir (vala.d.jonsdottir@vma.is) Þorsteinn Krüger (thorsteinn.kruger@vma.is)

**Dagsetning:** 31/08 2023

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# FÉLA3SE05 – fjarnám Stjórnmálafræði Námsáætlun - Haustönn 2023



| Kennari | Þorsteinn Krüger | Sk.st. | ÞOK |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er stjórnmálafræðin kynnt og lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum sem notuð eru innan hennar. Nemendur læra um einkenni og forsendur lýðræðis og hvað greini lýðræði frá einræðis- og alræðisstjórnarfari. Nemendur læra að greina helstu hugmyndafræðistrauma stjórnmálanna og grundvallarstjórnmálastefnur. Kynntar verða kenningar um lýðræði, stjórnkerfi, kosningahegðun, mismunandi kjördæmaskipan, flokkaskipulag og samspil þar á milli.

Saga og þróun íslenskra stjórnmálaflokka er rakin frá upphafi stéttastjórnmálaflokka til nútímans. Nemendur meta þróun íslenskra stjórnmála út frá þeim hugtökum sem þeir læra og tengja sögu íslenskra stjórnmálaflokka við helstu hugmyndakerfin. Nemendur læra um sögu og fylgisþróun stjórnmálaflokkanna og áhrif ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórnmálum. Nemendur læra hvernig túlka má íslenska stjórnmálakerfið og stjórnmálaþátttöku út frá ólíkum kenningum.

Loks verður grein gerð fyrir alþjóðlegri samvinnu ríkja eftir síðari heimsstyrjöld, m.a. verður aðdraganda og þróun Evrópusambandsins lýst, uppbyggingu og stjórnkerfi þess og jafnframt verður leitast við að varpa ljósi á umræðu dagsins í dag um kosti og galla aðildar að ESB.

**Markmið:**

Að nemandi

- geti lýst helstu viðfangasefnum stjórnmálafræðinnar.
- skilgreini og beiti hugtökunum hugmyndafræði, stjórnkerfi, vald og lýðræði.
- greini á milli og taki rökstudda afstöðu til helstu hugmyndakerfa stjórnmálanna,

svo sem byltingarsinnaðrar, umbótasinnaðrar, frjálslyndrar og íhaldssamrar hugmyndafræði.

- greini á milli og meti mismunandi stjórnkerfi og þekki helstu innviði þeirra.
- greini á milli og meti ólíkar kenningar um vald og lýðræði.
- lýsi þróun íslenskra stjórnmála og geti greint á milli sjálfstæðisstjórnmála og stéttastjórnmála.
- tengi sögu íslenskra stjórnmálaflokka við helstu hugmyndakerfi stjórnmálanna
- lýsi fylgisþróun íslensku stjórnmálaflokkanna og fjalli um einkenni mismunandi kjósendahópa.
- geti tekið rökstudda afstöðu til helstu þátta sem nú einkenna ágreining og átök á milli íslenskra stjórnmálaflokka.
- lýsi hugmyndinni um þrískiptingu ríkisvaldsins og útskýri hvernig hún er útfærð í íslenska stjórnkerfinu.
- túlki íslenska stjórnmálakerfið og stjórnmálaþátttöku í ljósi ólíkra stjórnmálafræðikenninga.
- lýsi áhrifum ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórnmálum.
- þekki aðdraganda og þróun Evrópusambandsins, að hann átti sig á helstu stofnunum þess og hlutverkum.
- Verði vel heima í umræðu dagsins í dag um kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu.

**Námsgögn:**

Stefán Karlsson: *Stjórnmálafræði.* Iðnú. Rv. 2009 (Athugið, ekki nota eldri útgáfur).

# FÉLA3SE05 – fjarnám
# Stjórnmálafræði
# Námsáætlun - Haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþá tta |
|---|---|---|---|
| 36. - 37. vika | 1. – 2. kafli | Skilaverkefni 1 | 5% |
| 38. -. vika | 3. kafli | | |
| 39. - 40. vika | 4. kafli | Skilaverkefni 2 | 10% |
| 41. vika | 5. kafli | Skilaverkefni 3 | 10% |
| 42. vika | 5. kafli | Moodlepróf 1 (skilav. 4) | 5% |
| 43. vika | 6. - 8. kafli (9. kafla er sleppt) | Skilaverkefni 5 | 10% |
| 44. vika | 10. - 11. kafli (12. kafla er sleppt) | Skilaverkefni 6 | 5% |
| 45. - 46. vika | 13. kafli (14. kafla er sleppt) | Moodlepróf 2 (skilav. 7) | 5% |
| 46. vika | 15. kafli | | |
| 47. vika | 16. kafli (Í 16. kafla bls. 167 til 181) | Skilaverkefni 8 | 10% |
| 48. vika | 18. kafli (Bls. 205 til 228) | Skilaverkefni 9 | 10% |
| | | | |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf | 30% |
| Skilaverkefni | Sjö skilaverkefni, skilað í skilamöppu á Moodle, gilda 5 eða 10% | 60% |
| Moodlepróf | Tvö próf á Moodle kennsluvefnum, 5% hvort. | 10% |
| | **Samtals:** | **100%** |
| | | |

**FÉLA3SE05 – fjarnám**
**Stjórnmálafræði**
**Námsáætlun - Haustönn 2023**



Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt munu birtast í Innu námsvefnum.

Allar glærur og annað kennsluefni verður aðgengilegt á Moodle-kennsluvefnum. Brýnt er að fara reglulega þangað inn því kennari mun nota vefinn fyrir ýmis konar tilkynningar sem varða áfangann.
Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Krüger (ÞOK)
Netfang: thorsteinn.kruger@vma.is

**Dagsetning:** 31.08.2023

Þorsteinn Krüger
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Félagsleg virkni og starfsendurhæfing FÉVI3SE05 Námsáætlun, haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir | Sk.st | RGU |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um félagslega virkni og starfsendurhæfingu. Ýmsar birtingarmyndir félagslegrar virkni út frá andlegri, líkamlegri og félagslegri getu einstaklinga verða skoðaðar. Rýnt verður í ólíkar ástæður þess að fólk dettur úr virkni og verður í þörf fyrir endurhæfingu af einhverju tagi og saga þeirra skoðuð. Áhersla verður lögð á að nemendur styrki faglega þekkingu sína á því hvernig hægt er að aðstoða fólk við að tileinka sér mismunandi aðferðir til að efla vilja, áhugahvöt og trú á eigin getu. Nemendur fá innsýn í hugmyndafræði á bak við starfsendurhæfingu, kynnast reynslu notenda og kynna sér mismunandi úrræði.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á :**

- Leiðum til náms og starfa eftir veikindi, slys eða áföll.
- Leiðum til að efla félagslega virkni og á ólíkum starfendurhæfingarúrræðum.
- Gildi markmiðssetninga og eftirfylgni í starfi, námi og félagslegri virkni og hvernig hægt er að viðhalda andlegri, líkamlegri og félagslegri færni.
- Störfum þeirra stétta sem hafa með tómstundir og skapandi endurhæfingu að gera.
- Mikilvægi þess að styðja aðstandendur í hlutverki sínu.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Afla gagna um mismunandi endurhæfingarúrræði til að auka virkni.
- Miðla leiðum til að viðhalda andlegri, líkamlegri og félagslegri færni hjá einstaklingum.
- Greina raunhæfni markmiða sem einstaklingar setja sér og leiðbeina um það.
- Kynna sér og kynna fyrir öðrum aðferðir til heilsuhvetjandi virkni.
- Miðla gildi jákvæðrar afstöðu til daglegs lífs og alhliða samfélagsþátttöku.
- Byggja upp heilbrigð samskipti og tengslanet aðstandenda.

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Taka þátt í faglegum umræðum um mikilvægi félagslegrar virkni fyrir alla.
- Kynna mismunandi náms- virkni- og starfsendurhæfingarúrræði.
- Skipuleggja virkniúrræði fyrir ákveðna markhópa.
- Vinna með einstaklingum í sjálfseflingu og uppbyggingu.
- Gera markvissar og raunhæfar áætlanir í samvinnu við einstaklinga.
- Virkja og taka tillit til allra í tengslanetinu.

**Námsgögn:** Þessar bækur eru notaðar sem ýtarefni.

Bessel van der Kolk. (2023). *Líkaminn geymir allt: hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll.* Vaka Helgafell.
Hulda Sólrún Guðmundsdóttir (2012). ***Verum virk.*** Kópavogur: Litrof ehf.
Inga dagný Eydal. (2020). *Konan sem datt upp stigann.* Forlagið.
Lundin, Stephen C. (2011). ***Fiskur fyrir lífið:áhrifarík leið til að breyta draumum í veruleika.*** Reykjavík: Salka.
Ruiz, Miguel. (2006) ***Lífsreglurnar fjórar: viskubók Tolteka: gagnlegur leiðarvísir að persónulegu frelsi,*** Birgitta Jónsdóttir íslenskaði. Reykjavík : Salka.
Sirrý Arnardóttir. (2019). *Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný.* Bjartur Veröld.
Sirrý Arnardóttir. (2020). *Þegar karlar stranda og leiðin í land.* Bjartur Veröld.
Stallard, Paul. (2011) ***Bætt hugsun - Betri líðan.*** Handbók í hugrænni atferlismeðferð fyrir börn og unglinga. Reykjavík:Skrudda ehf.
Tracy, Brian. (2018) ***Borðaðu froskinn.*** (Berglind Baldursdóttir þýddi). Reykjavík:Bergmál.

**Tenglar á greinar og annað námsefni birtast á INNA.IS**

# Félagsleg virkni og starfsendurhæfing FÉVI3SE05 Námsáætlun, haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Námsáætlun og efni hverrar viku opnast á mánudagsmorgnum í kennslukerfinu INNU. Nemendur vinna sjálfstætt eftir þeirri vikuáætluninni sem inniheldur lesefni og verkefni. Skiladagsetning verkefna birtist alltaf á INNU um leið og verkefnin opnast. Öll samskipti við kennara eru í gegnum póstinn á INNU eða ragnheidur.gunnbjornsdottir@vma.is Endurgjöf og skil verkefna frá kennara er í síðasta lagi tveimur vikum eftir að verkefni hefur verið skilað. Öll verkefnin eru einstaklingsverkefni.
Í 5 eininga áfanga sem þessum er vinnutími nemenda skilgreindur sem 120 klst. eða 15 daga vinna en það er til viðmiðunar og einstaklingsbundið eins og annað.

| Tímabil (vikunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmats þátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | Kynning á afanga og námsáætlun | Nemendur skrifa um sjálfa sig | 10% |
| Vika 37 | Félagsleg virkni – streita og stress | Nemendur svara spurningum úr grein/um | 5% |
| Vika 38 | Geðheilsa og allar birtingar kvíða | Nemendur svara spurningum úr grein/um | 5% |
| Vika 39 | Félagsfælni, félagsleg einangrun og óvirkni | Nemendur vinna viðtalsspurningar | |
| Vika 40 | Áföll, einelti, ofbeldi | Nemendur svara spurningum úr grein/um | 5% |
| Vika 41 | Að taka viðtal og úrvinnsla | Skil á viðtalsverkefni | 20 % |
| Vika 42 | Kulnun | Nemendur svara spurningum úr grein/um | 5% |
| Vika 43 | Samskipti á vinnustað og annars staðar | | |
| Vika 44 | Gott vinnuumhverfi og skipulag | Samskiptaverkefni | 5% |
| Vika 45 | Að detta út af vinnumarkaði og úr virkni. Heilsuhjólið, ný sýn á heilsu. | Verkefni - heilsuhjólið | 5% |
| Vika 46 | Hvað er til ráða? | Vettvangsathugun í nærumhverfinu | 10 % |
| Vika 47 | Tengslanet og aðstandendur Markmiðssetning og eftirfylgni | Rýniverkefni | 10% |
| Vika 48 | Verkefni á Innu úr efni áfangans | Verkefni með ýmis konar spurningum | 20% |
| Vika 49 | Mat á áfanga | | |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** **X Símat** **☐ Lokapróf/valið lokapróf** **☐ Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Sjálfsefling | Nemendur skrifa um sjálfa sig í upphafi annar | 10% |
| Úr bók eða greinum | Nemendur velja efni úr bók eða greinum til að rýna í, greina og fjalla um. | 10% |
| Vettvangsathugun | Nemendur kanna nærumhverfið með tilliti til virkni | 10% |
| Almenn skilaverkefni | Ýmis smærri verkefni unnin hálfsmánaðarlega sem tengjast því efni sem nemendur læra um hverju sinni | 30% |
| Viðtalsverkefni | Nemendur taka viðtal við einstakling sem hentar verkefninu og áfanganum, vinna greiningu og útbúa virkni- og eða stuðningsáætlun | 20% |
| Ýmsar gerðir af spurningum | Nemendur svara ýmis konar spurningum á INNU úr efni annarinnar | 20% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað sem kennari vill láta koma fram**:
Áfanginn er í mótun og áskilur kennari sér rétt til breytinga á efnisatriðum, efnisröðun og öðru ef og þegar þörf krefur.

**Dagsetning:**

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir
**Undirritun kennara**

Kristjana Pálsdóttir Margeirsdóttir
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

| Námsáætlun | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Námsáætlun<br>haust 2023 |
| --- | --- | --- |
| Útgáfa: 1 | | |
| Dags.<br>29.08.23 | | |
| Höfundur:<br>SÁH | | |
| Kennsla:<br>VMA | **Fjölskyldan og sálgæsla**<br>FJFL3A05 | |

Kennari: Sigríður Ásta Hauksdóttir - siggasta@gmail.com

# Áfangalýsing

Áfanganum er ætlað að kynna nemendum hugtök sem tengjast kenningum um áföll, sorg og erfiðar aðstæður einstaklinga og fjölskyldna. Nemandi læri að þekkja eðlileg viðbrögð fólks við áföllum og sorg og skilja sorgarferli. Fjallað er um áfallahjálp, sálræna skyndihjálp og mannlegan stuðning, áhættuþætti og afleiðingar sjálfsvíga fyrir þá sem eftir lifa.

Nemendur læra um afleiðingar ofbeldis, eineltis og ýmiss konar missis, t.d. atvinnumissis, andlegs og félagslegs missis, skilnaðar, heilsubrests, geðrænna vandamála og áfalla í skóla. Fjallað er um gildi samskipta við syrgjendur og mat á viðeigandi framkomu hverju sinni. Tekin eru fyrir áhrif fíknar, meðvirkni og ofbeldis á fjölskyldur og hvernig styðja á þær við að rækja hlutverk sitt. Fjallað er um samskipti við fólk í erfiðri stöðu og lausnir í krefjandi samskiptum.

Nemandinn er studdur til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra byggt á fyrri þekkingu og reynslu.

# Kennslufyrirkomulag - Kennsluaðferðir:

- Kennari fjarkennir áfangann og opnast námsáætlun fyrir hverja vikulotu á mánudagsmorgni kl. 8:00. Nemendur vinna sjálfstætt eftir námsáætlun sem birtist fyrir hverja vikulotu í kennslukerfi VMA, Moodle. Námsáætlunin inniheldur kennsluefni og verkefni. Nemandi hefur svo tíma fram til sunnudagskvölds 23:55 (í sömu viku og lotan byrjar) til að skila inn verkefnum. Þar sem áfanginn er símatsáfangi gefst nemendum gott svigrúm til að skipuleggja nám sitt og mikilvægt er að hafa í huga að svör frá kennara um námsefni og verkefni í áfanganum geta tekið allt að tvo daga að berast.
- Öll samskipti við kennara eru í gegnum moodle kennslukerfið eða netfangið xxxx
- Endurgjöf/einkunn á verkefni nemenda er gerð innan tveggja vikna frá því að skilafresti á viðkomandi vikulotu lauk.
- **EKKI** er möguleiki á að skila verkefnum eftir skilafrest vikulotu.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar í áfanganum, t.d umræður og verkefnavinna þar sem ýmist er um að ræða einstaklings- og hópverkefni. Markmiðið er að tengja námsefni áfangans sem best við raunverulegar aðstæður.

## Lokamarkmið:

### Þekkingarviðmið, nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim hugtökum sem tengjast kenningum um áföll og sorg
- áhættuþáttum og afleiðingum sjálfsvíga fyrir þá sem eftir lifa.
- einelti og afleiðingum þess.
- sorgarferli og eðlilegum viðbrögðum fólks við áföllum og sorg.
- gildi samskipta við syrgjendur og áhrifum framkomu fólks á líðan syrgjenda.
- einkennum meðvirkni og viðbrögðum fólks sem er meðvirkt.
- verkferlum um viðbrögð við ofbeldi og ógnunum í vinnuumhverfinu.
- einkennum og afleiðingum fíknar í vinnuumhverfinu.
- áhrifum langvarandi fíknar á fjölskyldur og viðeigandi viðbrögðum.
- viðbrögðum og þjónustu við mikið veika fíkla og fjölskyldur þeirra og lausnum í krefjandi og erfiðum samskiptum.

### Leikniviðmið, nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með hugtök sem tenjast kenningum um áföll og sorg
- skoða áhættuþætti og afleiðingar sjálfsvíga fyrir þá sem eftir lifa.
- vinna verkefni um einelti og afleiðingar þess hjá börnum og fullorðnum, greina og vinna með eðlileg viðbrögð fólks við áföllum og sorg.
- beita faglegum samskiptum við syrgjendur.
- skoða og greina einkenni meðvirkni og viðbrögð fólks sem er meðvirkt.
- fara eftir verkferlum um viðbrögð við ofbeldi og ógn í vinnuumhverfinu.
- greina rétt viðbrögð við afleiðingum fíknar og vísa sjúklingum á úrlausnir.
- benda aðstandendum fíkla á þjónustu sem leiðir til betri lífsgæða.
- sýna rétt viðbrögð og leiðbeina um þjónustu við mikið veika fíkla og fjölskyldur þeirra.

### Hæfniviðmið, nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna faglega með syrgjendum á ýmsum aldri sem er mælt með skriflegum verkefnum og umræðum.
- vera hæfari í að styðja aðstandendur þeirra sem hafa framið sjálfsvíg sem mælt er með umræðum í málstofum þar sem lausnir eru greindar og rökstuddar.
- bregðast við einelti og afleiðingum þess af þekkingu og skilningi sem er metið með umræðum, skriflegu verkefni og jafningjamati.
- leiðbeina fólki um meðvirkni og vinna lausnarmiðað út frá meðvirknihugtakinu sem er mælt með verkefnum sem innihalda mismunandi dæmi lausnarmála.
- vinna markvisst á móti ofbeldi og ógnun í vinnuumhverfinu með velferð þolenda og gerenda að leiðarljósi sem mælt er með verkefnum ásamt málstofum þar sem lausnir eru greindar og rökstuddar.
- vinna lausnarmiðað og af þekkingu með einstaklinga sem stýrast af fíkn og fjölskyldur þeirra sem mælt er með verkefnum ásamt málstofum þar sem lausnir eru greindar og rökstuddar.
- vinna lausnarmiðað í krefjandi og erfiðum samskiptum sem er mælt með skriflegum verkefnum og málstofum.

# Námsgögn

Allt lesefni, myndefni og hlekkir frá kennara er aðgengilegt á Moodle.

Nemendur þurfa þó að útvega sér bókina Líkaminn geymir allt - hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll e. Bessel Van Der Kolk.

Bókin er til á Hljóbókasafni Íslands, bókasöfnum, sem rafbók hjá útgefanda og einnig má benda á bókina á ensku.

**Eftirfarandi bækur verða mest nýttar:**

Agla Hjörvarsdóttir, Fanney Björk Ingólfsdóttir, Harpa Sif Halldórsdóttir, Hrefna Svanborgar Karlsdóttir, Sigurborg Sveinsdóttir og Svava Arnardóttir (2021). *Boðaföll - nýjar nálganir í sjálfsvígsforvörnum*. Hugarafl. https://www.penninn.is/en/book/bodafoll-nyjar-nalganir-i-sjalfsvigsforvornum

Claudia Black, C. B. (2019). *Áhrif áfalla og fíknar í fjölskyldum* (Sigurlína Davíðsdóttir, þýddi.). SJ-útgáfan.

Pia Mellody (2015). *Meðvirkni - orskir, einkenni, úrræði* (Andrea Wells Miller og J. Keith Miller, meðhöf.; Hilmar Ramos, þýddi.; 2 útgáfa.). Vaka-Helgafell. https://www.forlagid.is/vara/me%C3%B0virkni-orsakir-einkenni-urr%C3%A6%C3%B0i/

Van Der Kolk, Bessel (2023). *Líkaminn geymir allt - hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll* (Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir og Arnþór Jónsson, þýddu.). Vaka Helgafell . https://www.forlagid.is/vara/likaminn-geymir-allt/

# Vinnuframlag nemenda:

- Í áfanganum er vinnuframlag nemenda metið 120 klukkustundir (hver námseining gerir ráð fyrir c.a. 3ja daga vinnu yfir önnina en áfanginn er fimm einingar). Fimm einingar jafngilda því 15 daga vinnu sem dreifist á haustönnina (sept-desember).
- Námstímanum er skipt í sex þemu sem dreifast á 13 vikulangar lotur. Síðasta lotan (lota 14) er lokaverkefnislota.
- Að meðaltali má því gera ráð fyrir að í hverri viku geti meðalvinnutími í áfanganum verið 8,5 klst. Frávik geta verið í báðar áttir.

## Námsmat og vægi námsþátta.

| **Þema/námsþáttur** | **Vikulota** | **Tímasetning** | **Vægi þema/ námsþáttar í lokaeinkunn** |
|---|---|---|---|
| Kenningar um fjölskylduna og sálgæslu/áföll, sorg og erfiðar aðstæður | 1, 2 & 3 | 04.09-24.09 | 20% |
| Sálræn fyrsta hjálp og áfallahjálp | 4 & 5 | 25.09-08.10 | 14% |
| Áhættuþættir og afleiðingar sjálfsvíga | 6 & 7 | 09.10-22.10 | 14% |
| Missir og tegundir áfalla | 8 & 9 | 23.10-05.11 | 14% |
| Samskipti við syrgjendur og fólk í erfiðri stöðu | 10 & 11 | 06.11-19.11 | 14% |
| Fíkn, meðferð og mannlegur stuðningur | 12 & 13 | 20.11-03.12 | 14% |
| Lokaverkefni | 14 | 04.12-08.12 | 10% |
| **Samtals**<br>Í áfanganum er símat. Öll verkefni gilda til einkunnar og því mikilvægt að stunda námið reglulega og skila öllum verkefnum. Sjá nánar námsmatsreglur VMA hér: https://www.vma.is/is/skolinn/um-vma/skolareglur/namsmatsreglur | | | **100%** |

**Annað sem kennari vill láta koma fram:** Áfanginn er í mótun meðan á kennslu hans stendur og gert er ráð fyrir að nemendur geti haft áhrif á þróun áfangans og þeirra verkefna sem skila þarf í hverri lotu fyrir sig. Verkefni eru einstaklingsverkefni **nema** annað sé tekið fram og þó nemendur megi og séu jafnvel hvattir til að ræða saman um textana og verkefnin en það er ekki leyfilegt að skila verkefni sem einhver annar hefur unnið hvort sem er að hluta til eða í heild sinni.

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

# HAGF2RÁ05 - Fjarnám
# Námsáætlun – haustönn 2023



| Kennari | Hilmar Friðjónsson (hilmar.fridjonsson@vma.is ) | Sk.st. | HIF |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Kennsla áfangans fer fram á kennsluvefnum Moodle.
Fjallað er um rekstur fyrirtækja á Íslandi og rekstrarumhverfi þeirra. Farið er í grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðsluþáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Nemendur kynnast ýmsum aðferðum við flokkun fyrirtækja og kynna sér mismunandi rekstrarform. Farið er yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Kynntar eru aðferðir við gerð framleiðsluferla, framleiðsluútreikninga, gerð rekstraráætlana, framlegðarútreikninga og arðsemisútreikninga. Fjallað er um markaðssetningu og stefnumótun. Áhersla er á að nemandinn tileinki sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

## Markmið:
*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*
- viðskiptaumhverfi fyrirtækja á Íslandi
- flokkun fyrirtækja eftir atvinnugreinum og rekstrarformum
- umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja
- aðferðum sem notaðar eru í innra skipulagi fyrirtækja og framleiðslu
- hugtökum í fjárhagslegum rekstri fyrirtækja, kostnaðargreiningu og gerð rekstraráætlana
- grundvallarþáttum sem varða markaðssetningu
- grundvallarþáttum sem varða stefnumótun

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*
- flokka fyrirtæki með hliðsjón af helstu einkennum þeirra
- lýsa framleiðslukerfum með flæðiriti og reikna út afkastagetu
- gera rekstraráætlanir með heildaraðferð og framlegðaraðferð
- reikna eigið verð vöru og hagkvæmustu framleiðslusamsetningu
- reikna út arðsemi fjárfestinga

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*
- nýta aðferðir rekstrarhagfræðinnar við rekstur og framleiðslu fyrirtækja
- átta sig á þeim þáttum sem skipta mestu máli við stofnun og rekstur fyrirtækja
- útskýra framleiðsluútreikninga og geta tekið ákvarðanir um framleiðslu byggðar á þeim

## Námsgögn:
Helgi Gunnarsson: *Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla.* Lesbók (**ekki þarf að kaupa verkefnabók**) 3. útgáfa 2011 og ýmislegt efni sem kennari leggur fram.

# HAGF2RÁ05 - Fjarnám
# Námsáætlun – haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/ verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 4. Sep - 9. Sep | Kynning á áfanganum.<br>1. Kafli. Inngangur að hagfræði | | |
| 10. Sep – 16. Sep | 1. Kafli. Inngangur að hagfræði<br>2. Kafli. Fyrirtæki og stofnanir | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 17. Sep – 23. Sep | 3. Kafli. Hagsmunaaðilar og markmið fyrirtækja og stofnana<br>4. Kafli. Innra skipulag fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 24. Sep – 30. sep | 4. Kafli. Innra skipulag fyrirtækja<br>5. Kafli. Framleiðsla fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 1. Okt – 7. Okt | 5. Kafli. Framleiðsla fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 8. Okt – 14. Okt | 6. Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 15. Okt - 21. Okt. | 6. Kafli. Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 22.Okt – 28. Okt | 7. Kafli. Rekstraráætlanir | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 29. Okt – 4. Nóv | 8. Kafli. Fjármögnun fyrirtækja<br>9. Kafli. Innra bókhald fyrirtækja | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 5.Nóv – 11. Nóv | Starfsmannamál. | Svefnpurkan. | Vægi: 15% |
| 12. Nóv – 18. Nóv | 10. Kafli. Sjálfskostnaðarútreikningar<br>11. Kafli. Kostnaðareftirlit | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 19. Nóv – 25. Nóv | 12. Kafli. Framlegðarútreikningar<br>13. Kafli. Fjárfestingaútreikningar | Verkefni | Vægi: 5% |
| 26.Nóv – 2. Des | 14. Kafli. Markaðssetning<br>15. Kafli. Stefnumótun<br>Upprifjun | Verkefni | Vægi: 2,5% |
| 3. Des – 13. Des | Lokapróf samkv. próftöflu | | |

# HAGF2RÁ05 - Fjarnám
# Námsáætlun – haustönn 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf. Nemandi verður að ná einkunninni 4 á lokaprófi til þess að vetrarvinna komi til einkunnar | 55% |
| Vikuleg verkefni | Öll verkefni gilda jafnt (2,5%) nema verkefni úr kafla 12 og 13 (5%) | 30% |
| Klípusaga | Svefnpurkan. Starfsmannamál | 15% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Heilbrigðisfræði – fjarnám
# HBFR1HH05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | María Albína Tryggvadóttir | **Sk.st.** | MAL |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarvörnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfisþáttum sem ógnað geta heilbrigði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfisþáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra.

**Námsgögn: Líf og heilsa.** Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigrid Stordal. Þýdd af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003.

E.t.v. greinar settar á kennsluvef.

# Heilbrigðisfræði – fjarnám
# HBFR1HH05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| Fyri lota 4. sept. – 22. okt. | Kynning og námsáætlun.<br>Bókin: Líf og heilsa. Kaflar 1-8 | Sex verkefni úr köflum 1 til 8.<br>Heilsufarsmat og markmið: greina eigin lífsstíl, metur áhættuþætti tengda honum og setur markmið.<br>Kynning/Fræðsla: miðla á skapandi hátt upplýsingum um heilbrigðisvandamál og forvarnir gegn því.<br>Annarpróf 1 | 12%<br>5%<br>10%<br>20% |
| Seinni lota 23. okt – 3. des. | Bókin: Líf og heilsa. Kaflar 13, 17 og 19-23 | Sex verkefni úr köflum 13, 17 og 19-23.<br>Myndband<br>Skýrsla: heilsufarsmarkmið metin með rökum.<br>Annarpróf 2 | 12%<br>20%<br>5%<br>20% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** x **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Tólf verkefni á kennsluvef úr köflum 1-8, 13,17, og 19-23 | 24 % |
| Kynning/Fræðsla | Fræðsla eða kynning á efni sem tengist markmiðum áfangans | 10 % |
| Heilsufarsmat og markmiðssetning | Nemandi metur andlega, félagslega og líkamlega heilsu hjá sér og setur sér heilsufarsmarkmið | 5 % |
| Skýrsla | Mat á markmiðum | 5 % |
| Myndband | Miðla á skapandi hátt upplýsingum um heilbrigðisvandamál og/eða forvörnum við þeim. | 16 % |
| Annarpróf | Fyrra annarpróf (20%) eftir fyrri lotu og seinna annarpróf (20%) eftir seinni lotuna. | 40 % |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Til að ljúka áfanganum þarf að ná 40% árangri út úr hvoru annarprófi fyrir sig, skila myndbandi og fræðslu.
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

**Dagsetning:** 4.9'23

María T.
**Undirritun kennara**

Börkur Már 04.09.23
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Heimspeki - Fjarnám (HEIM2HK05) Námsáætlun (haustönn, 2023)

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir | **Sk.st.** | VAL |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Áfanginn er kynning á viðfangsefnum heimspekinnar. Fjallað verður um ýmis sígild vandamál á sviði heimspekinnar og hvernig helstu heimspekingar sögunnar glímdu við þau. Samkvæmt sjálfsskilningi heimspekinnar er hún fyrst og fremst gagnrýnin hugsun. Leitast verður við að auka víðsýni nemanda, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Markmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- völdum heimspekingum og kenningum þeirra frá Forn - Grikklandi til okkar tíma
- meginhugtökum helstu greina heimspekinnar, s.s. frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði, stjórnspeki og listheimspeki
- mikilvægi gagnrýninnar hugsunar

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- beita gagnrýninni hugsun á eigin hugmyndir og skoðanir sem og annarra
- beita heimspekilegri nálgun á einfalda texta
- taka þátt í heimspekilegri rökræðu og samræðum
- tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika
- lesa heimspekitexta

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tileinka sér nýja þekkingu á markvissan hátt
- skilja betur heiminn og samfélagið sem hann býr í
- vinna sjálfstætt og í hóp
- setja fram þekkingu sína í ræðu og riti og rökstyðja

**Námsgögn:** *Heimspek*i eftir Martin Levander (bókina má finna á moodle (viðeigandi kaflar eru settir inn í hverri lotu) og Stefnur og straumar eftir James Rachels (valda kafla má finna inn á moodle). Að auki greinar og textabrot eftir einstaka heimspekinga.

# Heimspeki - Fjarnám (HEIM2HK05) Námsáætlun (haustönn, 2023)

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer /lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| **LOTA 1**<br>Vika 36 – 38 | Inngangur að heimspeki<br>Gagnrýnin hugsun<br>*Ítarefni*: Er hægt að kenna gagnrýna hugsun (grein eftir Pall Skúlason).<br>1. kafli: Merkingarfræði og rökfærsla – í bókinni *Heimspeki* e. Martin Levander. | Lotuverkefni 1 – Gagnrýnin hugsun.<br>Vinnubókarverkefni x2 | 10%<br><br>5% |
| **LOTA 2**<br>Vika 39 – 41 | Hvað er veruleikinn?<br>Hvað er þekking?<br>Þekkingarfræði og vísindi | Lotuverkefni 2 – Veruleikinn og þekking.<br>Vinnubókarverkefni x2 | 10%<br>5% |
| **LOTA 3**<br>Vika 42 – 44 | Siðfræði og siðferði<br>Ítarefni: Af tvennu illu e. Kristján Kristjánsson | Lotuverkefni 3 – Siðferðisleg breytni.<br>Vinnubókarverkefni x1 | 15%<br>2,5% |
| **LOTA 4**<br>Vika 45 – 47 | Tilgangur lífsins<br>Textabrot úr Nietzche<br>Textabrot úr verkum Kierkegaard<br>Textabrot úr verkum Sartre | Lotuverkefni 4 – Tilgangur lífsins<br>Vinnubókarverkefni x3 | 15%<br>7,5% |
| Vika 48 | Undirbúningur fyrir próf | | |

*Með fyrirvara um breytingar.*

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Vinnubók | Vinnubók – 8 smáverkefni | 20% |
| Lotuverkefni 1 | Gagnrýnin hugsun. | 10% |
| Lotuverkefni 2 | Veruleikinn og þekking | 10% |
| Lotuverkefni 3 | Siðfræði – Siðferði. | 15% |
| Lotuverkefni 4 | Tilgangur lífsins. | 15% |
| Próf | Lokapróf (í próftöflu) | 30% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | **Samtals:** | **100%** |

Moodle kennsluvefurinn verður notaður í þessum áfanga, kennslubók, annað lesefni og verkefni má finna þar. Einnig verða allar upplýsingar og slóðir þar inni – innritunarlykillinn er HEIM2HK05F

Áfanganum er skipt í 4 lotur - lotur 1., 2. og 3. eru þrjár vikur hver og lota 4 er fjórar vikur.

Hver lota er opnuð í upphafi viku á mánudegi - öll verkefni lotunnar eru sett inn og þið hafið 3 vikur til að vinna þau (fjórar vikur í 4. lotu) og skiladagur er að miðnætti á föstudegi.

**1. lota** opnar þá mánudaginn 4.sept og verkefnum þarf að vera búið að skila föstudaginn 22. sept fyrir kl. 23:59.

**2. lota** opnar á mánudaginn 25. sept og verkefnum þarf að vera búið að skila föstudaginn 13. okt fyrir kl. 23:59.

**3. lota** opnar á mánudaginn 16. okt og verkefnum þarf að vera búið að skila föstudaginn 3. nóv fyrir kl. 23:59.

**4. lota** opnar mánudaginn 5. nóv og verkefnum þarf að vera búið að skila föstudaginn 1. des fyrir kl. 23:59 (muna að hér inni er vika í páskafrí).

- Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag.

„May the Force be with you“

Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir (vala.d.jonsdottir@vma.is)

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ÍSLE2HS05 - Fjarnám
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Daníel Freyr Jónsson | Sk.st. | DAN |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Í þessum áfanga verður fjallað um upphaf íslenskrar ritmenningar og elsta tímabil íslenskrar bókmenntasögu, þ.e. miðaldabókmenntir. Unnið verður með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Undir það falla t.d. grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Þá verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðasmíð. Áhersla á fjölbreytt verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun.

**Markmið:**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenskri bókmenntasögu frá landnámi til siðaskipta
- mismunandi tegundum miðaldabókmennta og nokkrum lykilverkum þess tímabils.
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu einfaldra heimildaritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa miðaldabókmenntir sér til gagns
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og setja efni þeirra fram í eigin texta með viðeigandi hætti.
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði
- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

**Námsgögn:**

*Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu.* Slóðin er: https://rit-ver.hi.is/is

*Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900* e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson. Útg. 2008 eða síðar (útg. frá 2005 getur gengið) af Bjarti.

*ÍSLE2HS05: Les- og vinnuhefti.* Ekki þarf að kaupa heftið, er aðgengilegt á Moodle til útprentunar fyrir þá sem vilja.

Smásögur og annað efni frá kennurum á Moodle.

**Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: andlag**

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (viku-númer/lotu-númer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verk-efni | Vægi náms-matsþátta |
|---|---|---|---|
| Lota 1:<br>(6 vikur) | Farið verður yfir orðflokkana og merkingar-leg, beygingarleg og setningarleg einkenni þeirra, staða þeirra í setningum skoðuð og í framhaldi af því, ólík setningarhlutverk. Fjallað verður um uppbyggingu málsgreina, orðaröð og skiptingu setninga í aðal- og aukasetningar og unnin verkefni sem tengjast orðtökum og málsháttum.<br><br>Farið verður í helstu stafsetningarreglur og greinarmerkjasetningu og unnin verkefni þeim tengd. | Efni frá kennara, á Moodle.<br><br>Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatsþátta. | Fimm Moodle-próf í bókmenntum og les-skilningi, tekin í fyrstu 5 kennslu-vikunum. (5%)<br><br>10 Moodle-próf í málfræði og staf-setningu (10%). Fyrsta prófið verður í 2. viku.<br><br>Skilaverkefni í setn-ingafræði (10%) |
| Lota 2:<br>(4 vikur) | Byrjað verður að fjalla um miðaldabók-menntir, f.o.fr. þær sem eru heimildir um heiðinn sið og verkefni þeim tengd unnin. | *Ormurinn langi* 7-46, 91-92, 141-144, 155-156, 113-123.<br><br>Efni frá kennara, á Moodle.<br><br>Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatsþátta. | Moodle próf úr mið-aldabókmenntum (10%)<br><br>Vikuleg Moodle-próf alla önnina í mál-fræði og stafsetn-ingu. |

# ÍSLE2HS05 - Fjarnám
# Námsáætlun haustönn, 2023



| | | | |
|---|---|---|---|
| Lota 3<br>(3 vikur) | Rökfærsluritgerð og frágangur heimilda.<br><br>Farið verður yfir helstu atriði sem tengjast heimildaskráningu. Sjá https://ritver.hi.is/is<br><br>Farið í byggingu rökfærsluritgerða og framsetningu tilvísana inni í texta. Nemendur skrifa litla rökfærsluritgerð með heimildum. Ritgerðin skal vera 5 efnisgreinar í allt; inngangur er ein efnisgrein, meginmálið þrjár efnisgreinar og lokaorðin ein. Í meginmálinu þarf að vitna með viðeigandi hætti í þrjár mismunandi heimildir sem kennari gefur upp og setja upp heimildaskrá. | Sjá upplýsingar á Moodle | Rökfærsluritgerð (20%) |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** ■ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Bókmenntir og lesskilningur | Krossapróf á Moodle úr fimm smásögum, tekin á fyrstu 5 vikunum. | 5% |
| Málfræði og stafsetning | 10 Moodle-próf úr orðflokkagreiningu, setningafræði og stafsetningu. | 10% |
| Próf | Moodle próf í miðaldabókmenntum | 10% |
| Verkefni | Heimaverkefni í setningafræði | 10% |
| Rökfærsluritgerð | Rökfærsluritgerð með heimildum | 20% |
| Próf | Lokapróf | 45% |
| | **Samtals:** | 100% |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað: Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum. Skili nemandi hins vegar ekki rökfærsluritgerð fyrirgerir hann rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn. Þeir sem skila verkefnum eftir að skilafrestur er runninn út geta vænst þess að vera dregnir niður skv. reglum íslenskudeildar (sjá Moodle). Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til að verkefni og próf yfir önnina séu metin til lokaeinkunnar í áfanganum.**

**Dagsetning: 31.08.2023**

Daníel Freyr Jónsson
Undirritun kennara

Ásbjörg Benediktsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# ÍSLE2KB05 - fjarnám
# Námsáætlun haustannar 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Rannveig Karlsdóttir | Sk.st. | RAN |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Í þessum áfanga er fjallað um upphaf og sögu íslenskrar ritmenningar og þróun hennar fram til nútímans. Fjallað verður um íslenska bókmenntasögu og hin ýmsu tímabil hennar. Lesnir verða valdir bókmenntatextar frá umræddum tímabilum, unnið með þá með ýmsu móti og leitast við að setja íslenskar bókmenntir í samhengi við evrópskar bókmenntir og menningu. Nemendur verða jafnframt þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem nemendur vinna, ýmist hver fyrir sig eða með öðrum, og reyna á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Viðfangsefni verða tengd við menningarviðburði í nærsamfélaginu eftir því sem færi gefst.

**Markmið:**

**Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenskri bókmenntasögu frá landnámi til nútímans
- mismunandi tegundum bókmennta
- nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda

**Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa bókmenntatexta frá ýmsum tímum sér til gagns
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra á skapandi hátt
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- nota heimildir og hjálpargögn með markvissum hætti
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum
- nota heimildir af ýmsu tagi og geta fléttað efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt

**Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í málefnalegum umræðum í tengslum við verkefnavinnu og -skil, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

**Námsgögn:**

*Íslenska fjögur.* Höfundar Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson. Útgefin af Máli og menningu, útgáfu frá 2014 eða síðar.

*Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu.* Slóðin er: https://ritver.hi.is/is. Stuðst verður við APA-kerfið í heimildaskráningu.

Einnig er lesefni að finna á Moodlesíðu áfangans og nemendur þurfa að útvega sér og lesa eina nýlega íslenska skáldsögu.

# ÍSLE2KB05 - fjarnám
# Námsáætlun haustannar 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Lota 1<br>Vikur 36 - 40 | Stutt umfjöllun um miðalda-bókmenntir. Lestextar á Moodle.<br>Meginefni lotunnar eru bókmenntir frá siðaskiptum 1550 að rómantíska tímabilinu, um 1800, þ.e. svokallaðar lærdómsöld og upplýsingaröld. | Lesefni um miðaldabókmenntir á Moodle.<br>Vinnuspurningar<br>Moodlepróf<br>Lestur á völdum textum frá þeim tímabilum sem um ræðir.<br>Heimildavinna og skrif. | Ritgerð 15% |
| Lota 2<br>Vikur 41 – 44<br>Vetrarfrí 23. og 24. október | Rómantík og raunsæi.<br>Í þessari lotu verður farið yfir bókmenntir 19. aldar, þ.e. bókmenntir rómantíkur og raunsæis. | Lestur<br>Vinnuspurningar<br>Moodlepróf<br>Glærukynning um valið efni frá tímabilinu | Glærukynning 10% |
| Lota 3<br>Vikur 45 - 49 | Í síðustu lotu annarinnar verður farið yfir bókmenntastefnur 20. og 21. aldar, þær kynntar sem og verk tengd þeim.<br>Nemendur lesa nýlega skáldsögu. | Lestur námsefnis + nýleg íslensk skáldsaga.<br>Bókarskýrsla<br>Vinnuspurningar<br>Moodlepróf<br>Undirbúningur fyrir lokapróf hefst. | Bókarskýrsla 10% |
| Öll önnin | | Nemendur leysa reglulega verkefni og próf á námsvefnum Moodle. | Gagnvirk Moodle-verkefni 15%<br>Lágmarkseinkunn fyrir hvert verkefni er 9. Verkefnin eru opin í tvær vikur og hægt er að leysa þau eins oft og þörf krefur á því tímabili. Nemendur sem fá einkunnina 9 fyrir a.m.k. 90% þeirra verkefna fá 10, aðrir hlutfall af því. |

# ÍSLE2KB05 - fjarnám
# Námsáætlun haustannar 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Gagnvirk próf - Moodlepróf | Gagnvirk verkefni á Moodle. Nemendur sem fá einkunnina 9 fyrir a.m.k. 90% verkefna fá 10, aðrir hlutfall af því. **Einstaklingsverkefni.** | 15% |
| Glærukynning | Glærukynning um valið efni, annað hvort frá rómantíska tímabilinu eða úr raunsæisstefnunni. **Einstaklings- eða paraverkefni.** | 10% |
| Heimildavinna-ritun (ritgerð) | Ritgerð um valið efni lærdóms- eða upplýsingaraldar. **Einstaklings- eða paraverkefni.** | 15% |
| Lestur, greining, ritun (bókarskýrsla) | Lestur á nýlegri, íslenskri skáldsögu. Bókarskýrsla um bókina og höfundinn. **Einstaklingsverkefni.** | 10% |
| Próf | Lokapróf | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum.

Athugið að í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði í lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að 40% vinnunnar í 5 eininga áföngum fari fram sem heimavinna. Fylgist því vel með og hefjist strax handa við lestur og verkefnavinnu.

Nemandi sem er veikur við vinnuskil skal hafa samband við kennara við fyrsta tækifæri til að tryggja próftöku- og/eða skilarétt. Þeir nemendur sem missa af prófi eða verkefni, vegna gildra ástæðna, eiga kost á að vinna það upp að höfðu samráði við kennara. Kennara er heimilt að lækka einkunn nemanda fyrir hvern dag sem skilað er of seint. Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tíma en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða ófyrirséðra atvika sbr. skilareglur (sjá Moodle).

**Dagsetning: 16. ágúst 2023**

Rannveig Karlsd.
**Undirritun kennara**

Ásbjörg Benediktsd.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Afþreyingarbókmenntir (ÍSLE3BA05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023



| Kennari | Snorri Björnsson | Sk.st. | SNO |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Í áfanganum verður hugtakið afþreyingarbókmenntir kynnt, rætt og skoðað í samhengi við bókmenntasöguna og menningu hvers tíma. Farið verður yfir flokkun bókmennta og helstu bókmenntastefnur kynntar. Einnig verður rýnt í mismunandi greinar bókmennta, t.d. glæpasögur, ástarsögur, fantasíur, hrollvekjur o.fl. og skoðuð tenging þeirra við aðra miðla, s.s. sjónvarp, kvikmyndir, leikhús, tölvuleiki o.s.frv. Fjallað verður um afþreyingarbókmenntir í tengslum við fjöldaframleiðslu, markaðsmál og tækni. Unnin verða margvísleg verkefni þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð, skilvirka þekkingarleit, kunnáttu í meðferð og frágangi heimilda og skapandi hugsun. Meginhersla áfangans er þó á lestur og umræður um bækur.

## Markmið:
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- tengslum milli eldri forma afþreyingarbókmennta og nútímabókmennta
- mismunandi greinum bókmennta
- helstu bókmenntastefnum
- sögu og þróun afþreyingarbókmennta
- hvernig bókmenntir mótast af umhverfi sínu og tíðaranda hverju sinni
- grunnhugtökum í bókmenntafræði og beitingu þeirra
- tengingu bókmennta við aðra miðla, s.s. sjónvarp, kvikmyndir, tölvuleiki o.fl.
- hlutverki bókmennta sem afþreyingu
- skörun afþreyingarbókmennta við aðrar tegundir bókmennta, s.s. fagurbókmenntir
- grundvallarreglum við byggingu og uppsetningu ritsmíða
- frágangi og skráningu heimilda
- notkun heimilda og hjálpargagna í tengslum við verkefnavinnu

## Leikniviðmið
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- beita helstu hugtökum bókmenntafræðinnar þegar fjallað er um einkenni og form bókmenntategunda
- lesa og fjalla um bókmenntir á gagnrýninn og fræðilegan hátt
- flytja skýra, vel uppbyggða kynningu og geta lagt áherslu á meginþætti og atriði sem skipta máli
- taka þátt í og stuðla að málefnalegum umræðum eða rökræðum um bókmenntir
- skoða og fjalla á málefnalegan hátt um tengsl bókmennta við aðra miðla
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við afþreyingarbókmenntir
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra

- rita heimildaritgerð þar sem gagnrýninni hugsun er beitt
- ganga frá heimildaverkefnum með viðurkenndum hætti
- tjá rökstudda afstöðu um bókmenntir, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel rökstuddri niðurstöðu
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Hæfniviðmið**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- dýpka lesskilning sinn
- auka og bæta við orðaforða og málskilning
- auka skilning sinn á mikilvægi afþreyingarefnis og hvaða lögmálum það lýtur í samfélaginu
- auka skilning sinn og þekkingu á mannlegu atferli í gegnum lestur skáldverka
- nýta sér sköpunarmátt íslenskunnar til að semja eigið verk
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- greina aðalatriði og beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum og pólitískum skírskotunum, duldum boðskap og hugmyndum
- flytja kynningar á verkefnum af öryggi
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið og sýna frumkvæði í verkefnavali og úrvinnslu

## Námsgögn:

Efni frá kennara sem aðgengilegt er á Moodle eða á bókasöfnum.
Skáldsögur, smásögur, kvikmyndir o.fl. sem ýmist er valið af kennara eða í samráði við hann.
Nánari upplýsingar á Moodle.

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Yfirferð verður með þeim hætti að nemendur vinna jafnt og þétt yfir önnina og skila vikulegum verkefnum sem tengjast efni hverrar viku. Auk þeirra verða tvö stærri verkefni á önninni, en í lok annar verður próf.

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Lota 1<br>Afþreyingarbókmenntir. Vangaveltur um hugtakið, um uppruna slíkra bókmennta og | Lesefni á Moodle | Vikuleg verkefni á Moodle | Krossapróf 5% |

# Afþreyingarbókmenntir (ÍSLE3BA05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023



| | | | |
|---|---|---|---|
| birtingarmyndir þeirra í samtímanum. | | | |
| Lota 2<br>Glæpasögur | Nemendur lesa glæpasögu, auk annars efnis á Moodle | Vikuleg verkefni á Moodle<br><br>Ritunarverkefni | Krossapróf 5%<br><br>Skrifleg umfjöllun um glæpasögu 15% |
| Lota 3<br>Um fantasíur og hrollvekjur | Lesefni og myndefni á Moodle | Vikuleg verkefni á Moodle | Krossapróf 5% |
| Lota 4<br>Ástarsögur, skvísubókmenntir o.fl. | Nemendur lesa bók í tengslum við efni lotunnar.<br>Les- og myndefni á Moodle | Vikuleg verkefni á Moodle<br><br>Munnleg umfjöllun um efni 3. eða 4. lotu. | Krossapróf 5%<br><br>Hlaðvarpsþáttur 10% |
| Öll önnin | | | Vikuleg verkefni: 20% |
| Annarlok | | | Lokapróf: 35% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** ■ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Ígrundun | Nemandi skilar u.þ.b. vikulegum verkefnum í tengslum við efni hverrar lotu. (Einstaklingsverkefni). | 20% |
| Tímapróf | Fjögur tímapróf verða á önninni. Hvert þeirra gildir 5% af lokaeinkunn. (Einstaklingsverkefni). | 20% |
| Ritun | Skrifleg umfjöllun um skáldverk | 15% |
| Munnleg umfjöllun | Nemendur vinna hlaðvarpsþátt um ákveðið efni. (Einstaklings/- paraverkefni). | 10% |
| Lokapróf | Lokapróf úr efni annarinnar. (Einstaklingsverkefni). | 35% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera a.m.k. 4,0 til þess að verkefni og próf á önninni fáist metin. Til þess að standast námsmat áfangans þarf nemandi að ná a.m.k. 45% námsmarkmiða á önninni.
Nám og kennsla fer fram í gegnum kennsluvefinn Moodle.
Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:** 31.8 2023

Smári Björn
**Undirritun kennara**

Ásbjörg Benediktsd.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ÍSLE3BB05 - fjarnám
# Námsáætlun haustannar 2023



| Kennari | Rannveig Karlsdóttir | Sk.st. | RAN |
|---|---|---|---|

## Börn og bækur

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er áhersla á mikilvægi lestrar og barnabókmennta, fyrir börn á öllum aldri. Nemendur kynnast ýmsum tegundum bóka og annars efnis fyrir börn og unglinga. Einnig verður farið yfir sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabóka, rætt um mál- og menningarheim og málþroska barna. Skoðað er hvað einkennir góðar barnabækur og fjallað um gildi þess að börn lesi og að lesið sé fyrir þau. Nemendur greina og meta margskonar barna- og unglingabækur og fræðigreinar er varða alla þætti áfangans. Þeir gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega þar sem reynir á frumkvæði, sköpunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist einir eða með öðrum.

### Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi lestrar fyrir mál- og málþroska barna
- sögu íslenskra barnabókmennta
- mismunandi tegundum barnabókmennta og helstu höfundum
- hvað einkennir vandaðar og óvandaðar barnabækur
- tengslum íslenskra barnabókmennta við menningu hvers tíma
- hugmyndafræði og viðhorfum sem birtast í barnabókmenntum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- mismunandi stíl og orðaforða í barnabókum

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa og greina barnabókmenntir af ýmsu tagi
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn sem birtast í barnabókmenntum
- meta ólíkar tegundir texta og efnis sem ætlað er börnum
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**ÍSLE3BB05 - fjarnám**
**Námsáætlun haustannar 2023**



**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- átta sig á mikilvægi vandaðra barna- og unglingabóka
- átta sig á gildi lestrar fyrir málþroska barna
- velja og meta á gagnrýninn hátt efni ætlað börnum
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu

**Námsgögn:**
*Raddir barnabókanna. Greinasafn.* Tekið saman af Silju Aðalsteinsdóttur. Gefið út af Máli og menningu, 1999.

*Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu.* Slóðin er: https://ritver.hi.is/is. Stuðst verður við APA-kerfið í heimildaskráningu.

Lesefni er einnig að finna á Moodle síðu áfangans.

Vegna verkefnavinnu þurfa nemendur að útvega sér nýlega barna- eða unglingabók og tvær myndabækur. Þær bækur þarf einungis að nota í tengslum við verkefnavinnu og eru valdar í samráði við kennara þegar þar að kemur.

# ÍSLE3BB05 - fjarnám Námsáætlun haustannar 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotun úmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Lota 1<br>Vikur 36-40 | Í fyrstu lotunni verður farið yfir mikilvægi lestrar og læsis. Nemendur vinna hugleiðingu.<br>Saga barnabóka verður kynnt auk þess sem fjallað verður um frásagnartækni í barnabókmenntum.<br>Unnið að heimildaritgerð um barnabókahöfund. | Lestur greina á Moodle.<br>Hugleiðing 1<br>Gagnvirk verkefni og próf á Moodle.<br>Lestur í *Raddir barnabókanna* um sögu barnabóka og frásagnartækni í barnabókum.<br>Vinnuspurningar.<br>Heimildavinna og ritgerðarsmíð. | Heimildaritgerð 15%<br>Skil á fyrri hugleiðingu (óvirk einkunn) 10%. |
| Lota 2<br>Vikur 41-44<br>Vetrarfrí 23. og 24. október | Farið yfir ólíkar gerðir barnabóka, einkenni þjóðsagna og áhrif á barnabækur.<br>Einkenni og þróun furðusagna. | Lestur greina úr greinasafninu *Raddir barnabókanna* og lesefnis á Moodle.<br>Gagnvirk verkefni/próf á Moodle.<br>Vinnuspurningar.<br>Hugleiðing 2<br>Barnabók lesin og verkefni unnið í tengslum við hana. | Bókarskýrsla 10%<br>Hugleiðing 2 (óvirk einkunn) 10% |
| Lota 3<br>Vikur 45-49 | Upphaf myndabókaútgáfu á Íslandi kynnt. Farið yfir greiningartæki til að meta myndabækur og myndbyggingu. Upphaf og þróun myndasagna. | Greinar úr greinasafninu *Raddir barnabókanna* lesnar auk lesefnis á Moodle.<br>Gagnvirk verkefni á Moodle.<br>Vinnuspurningar.<br>Verkefni um myndabækur. | Myndabókaverkefni 10% |
| Öll önnin | | Gagnvirk verkefni/próf á Moodle | Gagnvirk verkefni/próf 10% |

# ÍSLE3BB05 - fjarnám
# Námsáætlun haustannar 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | ☐ Símat X Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Hugleiðing | Lestur og ritun, skráning hugleiðinga byggð á gefnu lesefni. Tvær hugleiðingar lagðar fyrir á önninni, sú betri gildir til einkunnar. **Einstaklingsverkefni.** | 10% |
| Gagnvirk verkefni - Moodlepróf | Regluleg krossapróf/verkefnaskil á Moodle. **Einstaklingsverkefni.** | 10% |
| Heimildaritgerð | Heimildavinna og ritun. **Einstaklings- eða paravinna.** | 15% |
| Bókarskýrsla | Lestur, greining, ritun. Nýleg barna- eða unglingabók lesin og skrifuð um hana skýrsla. **Einstaklingsverkefni.** | 10% |
| Myndabóka-verkefni (kynning) | Greining unnin á myndabókum fyrir börn og niðurstöður settar fram með glærukynningu. **Einstaklings- eða paraverkefni.** | 10% |
| Lokapróf | Próf í lok annar. **Einstaklingsverkefni.** | 45% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Ef nemandi er veikur eða forfallaður vegna gildra ástæðna, þegar kemur að verkefnaskilum eða próftöku, skal hafa samband við kennara. Slíkt skal gera hið allra fyrsta til að próftökuréttur/réttur til að skila falli ekki niður og þá er hægt að vinna skil upp í samráði við kennara. Kennara er heimilt að lækka einkunn nemanda fyrir hvern þann dag sem skilað er of seint, sbr. reglur íslenskudeildar um verkefnaskil á Moodle. Nemendum ber að skila verkefnum á réttum tíma en undanþágur eru aðeins veittar vegna veikinda eða ófyrirséðra atvika sbr. skilareglur (sjá Moodle). Athugið að í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að 40% vinnunnar í 5 eininga áföngum fari fram sem heimanám. Fylgist því vel með og hefjist strax handa við lestur og verkefnavinnu

**Dagsetning: 17. ágúst 2023**

Rannveig Karlsd.
Undirritun kennara

Ásbjörg Benediktsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023



| Kennari | Snorri Björnsson | Sk.st. | SNO |
|---|---|---|---|

Í áfanganum er fjallað um íslenskar bókmenntir og bókmenntasögu frá því um 1900 til 21. aldar og tengsl þeirra við samtíma sinn hérlendis sem erlendis. Stuttlega er farið yfir bókmenntir fyrri alda, en megin áhersla verður lögð á bókmenntir og bókmenntasögu 20. og 21. aldar, nýja strauma og stefnur og ólíkar birtingarmyndir bókmenntanna. Unnin verða ýmis konar valverkefni þar sem lögð verður rík áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð, skilvirka þekkingarleit, kunnáttu í meðferð og frágangi heimilda og skapandi hugsun og frumkvæði við úrvinnslu og skilaform verkefna.

**Markmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- íslenskri bókmenntasögu frá 1900 til samtímans
- helstu stefnum í íslenskri bókmenntasögu frá um 1900 til samtímans
- tengslum íslenskra bókmennta við aðra menningarheima og listform
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu, bókmenntir og bókmenntastefnur
- helstu skáldverkum tímabilsins og höfundum þeirra
- notkun heimilda og hjálpargagna í tengslum við verkefnavinnu
- frágangi og skráningu heimilda
- grundvallarreglum við byggingu og uppsetningu ritsmíða
- grunnhugtökum í bókmenntafræði og beitingu þeirra

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa bókmenntatexta frá um 1900 til 21. aldar
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarmið
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- rita heimildaritgerð þar sem beitt er gagnrýnni hugsun við úrvinnslu
- tjá rökstudda afstöðu um bókmenntir, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel rökstuddri niðurstöðu
- ganga frá heimildaverkefnum og – ritgerðum með viðurkenndum hætti

**Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023**



- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- greina aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldum boðskap og hugmyndum
- flytja kynningar á verkefnum af öryggi
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið og sýna frumkvæði í verkefnavali og úrvinnslu

**Námsgögn:**

*Öldin öfgafulla* e. Dagnýju Kristjánsdóttur. (Útgefandi: Bjartur, 2010 eða síðar).

*Salka Valka* e. Halldór Laxness. (Ekki skiptir máli hvaða útgáfu notast er við).

*Eden* e. Auði Övu Ólafsdóttur. Útgefandi: Benedikt bókaútgáfa, 2022).

Ýmis ljóð og textar valdir af kennara sem verða aðgengilegir inni á Moodle.

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | *Öldin öfgafulla* bls. 9-34.<br><br>*Salka Valka* kaflar 1-13 (Fyrsta bók, Ástin)<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | Kynning og 1. vikulega verkefnið (sjá Moodle) | Sjá töflu hér fyrir neðan |
| Vika 37 | *Öldin öfgafulla* bls. 35-50.<br><br>*Salka Valka* kaflar 14-23. (Önnur bók, Dauðinn).<br><br>Verkefni frá kennara inni á Moodle. | Vikulegt verkefni úr námsefni | |
| Vika 38 | *Öldin öfgafulla* bls. 51-64. | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* | |

# Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023



| | | | |
|---|---|---|---|
| | *Salka Valka* kaflar 1-12. (Þriðja bók, Annar heimur).<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | | |
| Vika 39 | *Öldin öfgafulla* bls. 65-82.<br><br>*Salka Valka* kaflar 13-27. (Fjórða bók, Kjördagur). | Vikulegt verkefni úr námsefni | |
| Vika 40 | *Öldin öfgafulla* bls. 83-106.<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle.<br><br>*Salka Valka.* | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* | |
| Vika 41 | *Öldin öfgafulla* bls. 107-142.<br><br>*Salka Valka* | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Krossapróf úr *Sölku Völku* | |
| Vika 42 | *Öldin öfgafulla* bls. 143-164.<br><br>*Salka Valka* | Unnið að ritgerð | |
| Vika 43 | *Öldin öfgafulla* bls. 165-196.<br><br>*Eden*<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | Vikulegt verkefni úr námsefni | |
| Vika 44 | *Öldin öfgafulla* bls. 197-216.<br><br>*Eden*<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* | |
| Vika 45 | *Öldin öfgafulla* bls. 217-246.<br><br>*Eden*<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | Vikulegt verkefni úr námsefni | |
| Vika 46 | *Öldin öfgafulla* bls. 247-263.<br><br>*Eden*<br><br>Efni frá kennara inni á Moodle. | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Ritgerðarskil (*Salka Valka*) | |
| Vika 47 | *Eden*<br>Samantekt, frágangur og undirbúningur fyrir próf. | Vikulegt verkefni úr námsefni<br>Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* | |
| Vika 48 | *Eden* (lestri bókarinnar lokið).<br><br>Samantekt, frágangur og undirbúningur fyrir próf. | Krossapróf úr *Eden* | |

# Nútímabókmenntir (ÍSLE3BL05 - fjarnám) Námsáætlun - haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ Símat ■ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Vikuleg verkefni | Vikuleg verkefni. Valin verða tíu bestu verkefnin af þeim ellefu sem unnin eru á önninni og gilda þau til einkunnar. Það þýðir jafnframt að lakasta einkunnin fellur út. | 20% |
| Ritun | Ritgerð úr *Sölku Völku.* | 10% |
| Krossapróf | Fjögur krossapróf úr *Öldinni öfgafullu.*<br>Krossapróf úr *Sölku Völku* og *Eldunum* | 10%<br>5% |
| Lokapróf | a) *Öldin öfgafulla*<br>b) Lesefni frá kennara<br>c) *Eldarnir: ástin og aðrar hamfarir* | 55% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Nemendur segja sig frá lokaprófi í áfanganum ef þeir skila ekki eftirfarandi: Að minnsta kosti fimm af vikulegum verkefnum sem eiga að berast í skilakassa, ritgerð, tveimur af fjórum krossaprófum úr *Öldinni öfgafullu* og krossaprófi úr annarri skáldsögunni.

Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,0 til þess að verkefni og próf á önninni fáist metin. Til þess að standast námsmat áfangans þarf nemandi að standast a.m.k. 45% námsmarkmiða á önninni.

Sjá einnig reglur íslenskudeildar VMA um verkefnaskil inni á Moodle.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:** 31.08 2023

**Undirritun kennara**

Ásbjörg Benediktsd.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ÍSLE3KF05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Sunna Hlín Jóhannesdóttir<br>sunna.h.johannesdottir@vma.is | Sk.st. | SUN |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í námskeiðinu Íslenskar kvikmyndir kynnast nemendur úrvali íslenskra kvikmynda, völdum til að sýna fjölbreytni í stefnum, söguskoðun og viðfangsefnum. Farið er í nokkur grunnatriði í kvikmyndagreiningu. Skoðað er hvernig kvikmyndir bera í sér menningu og samfélagsskoðun hvers tíma. Einnig eru teknar til umfjöllunar kvikmyndaðar bókmenntir, barnamyndir og heimildarmyndir. Auk þess að fá innsýn í íslenska kvikmyndasögu og stefnur kynnast nemendur betur menningu og samfélagi Íslands gegnum myndirnar. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í umræðum, sjái úrval þeirra kvikmynda sem fjallað er um í tímunum og vinni fjölbreytt verkefni, ýmist einir eða með öðrum. Áfanginn byggist á sex stoðum menntunar: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starfi.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

-Mikilvægum kvikmynda – og bókmenntafræðilegum hugtökum.
-Grunnaðferðum í greiningu kvikmynda.
-Völdum þáttum í kvikmyndasögu.
-Hvernig kvikmyndir endurspegla viðhorf og gildi í hverju samfélagi og á hverjum tíma.
-Hvernig kvikmyndir endurspegla kynhlutverk.
-Helstu greinum kvikmynda og stefnum.
-Mikilvægi þess að bera virðingu fyrir skoðunum annarra.
-Mismunandi málsniði í kvikmyndum.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

-Beita gagnrýnni hugsun.
-Meta eigin rök og annarra.
-Tjá sig og hlusta á aðra.
-Tengja kvikmyndafræði við eigin reynslu og veruleika.
-Skoða hvernig fjölmenningarleg viðhorf birtast í kvikmyndum.

-Miðla skoðunum sínum og fræðilegum athugunum á skapandi hátt.

-Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel uppbyggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni.

-Koma frá sér efni á skýru og blæbrigðaríku máli.

-Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnin hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti og meta áreiðanleika þeirra.

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

-Greina kynhlutverk í kvikmyndum.

-Greina uppbyggingu kvikmynda.

-Geta notað hugtök og aðferðir í fræðilegri umfjöllun um kvikmyndir.

-Tjáð rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu.

-Draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.

-Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.

**Námsgögn:**

*Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla.* Höf. Arnar Elísson (aðgengilegt á netinu).

https://kvikmyndamidstod.eplica.is/media/skjol/Kvikmyndafraedi-fyrir-framhaldsskola-lowres.pdf

*Ritver Háskóla Íslands* á Netinu: ritver.hi.is

Efni frá kennara á Moodle og ýmsar kvikmyndir sem nemendur gætu þurft að verða sér úti um sjálfir.

Kvikmyndavefurinn: https://www.kvikmyndavefurinn.is

# ÍSLE3KF05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/ verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | Hugtakið kvikmyndafræði verður kynnt og farið í hvað það felur í sér. Saga kvikmyndanna og upphaf þeirra verður rakið. | Sjá upplýsingar á Moodle. | Nemendur skila svörum við spurningum úr kennslubók. |
| Vika 37 | Farið í byggingu kvikmynda og bókmenntahugtök rifjuð upp. | Sjá upplýsingar á Moodle. | 5% verkefni í byggingu kvikmynda og unnið með bókmenntahugtök. |
| Vika 38 og 39 | Farið í kvikmyndahugtök, persónusköpun og táknfræðigreiningu. | Sjá upplýsingar á Moodle. | 10% verkefni í kvikmyndahugtökum og persónugerð. |
| Vika 40 og 41 | Farið í kvikmyndastefnur. | Sjá upplýsingar á Moodle. | Nemendur skila svörum við spurningum úr kennslubók. |
| Vika 42 og 43 | Heimildaverkefni | Sjá upplýsingar á Moodle. | 15% heimildaverkefni. |
| Vika 44 | Íslenska kvikmyndavorið og upphaf kvikmyndagerðar á Íslandi | Sjá upplýsingar á Moodle. | 5% krossaverkefni og skil á spurningum úr kaflanum Íslenska kvikmyndavorið. |
| Vika 45 | Femínísk kvikmyndafræði | Sjá upplýsingar á Moodle. | Nemendur skila svörum við spurningum úr kennslubók. |
| Vika 46 | Unnið með kvikmyndina *Djöflaeyjan.* | Sjá upplýsingar á Moodle. | 7,5% verkefni upp úr *Djöflaeyjunni* |

# ÍSLE3KF05 - fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vika 47 og 48 | Skapandi verkefni | Sjá upplýsingar á Moodle. | 7,5% verkefni. |
| Fram að prófi | Undirbúningur fyrir lokapróf og nemendur horfa á kvikmynd sem er til prófs. | Sjá upplýsingar á Moodle. | |

**Námsmat og vægi námsþátta:**

**Matsform:** ☐ **Símat** x **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Greining á byggingu kvikmynda. | 5% |
| Verkefni | Unnið með kvikmyndafræðihugtök og persónusköpun. | 10% |
| Verkefni | Heimildaverkefni | 15% |
| Verkefni | Tvö krossapróf upp úr heimildaþáttum um upphaf kvikmyndagerðar á Íslandi. | 5% |
| Verkefni | Djöflaeyjan og femínísk kvikmyndagerð. | 7,5% |
| Skapandi verkefni | Nemendur horfa á íslenska kvikmynd að eigin vali og vinna skapandi verkefni upp úr henni. | 7,5% |
| Lokapróf | Próf á viðurkenndum prófstað | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU.**

**Ekki verður opnað aftur fyrir skilakassa eða gefinn frestur á skilum nema nemandi semji um það við kennara fyrir fram.**

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:** 30.08.'23

Sunnelta

**Undirritun kennara**

Ásbjörg Benediktsd.

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# ÍSLE3ÞH05 - Fjarnám
# Námsáætlun haustönn, 2023



| Kennari | Daníel Freyr Jónsson | Sk.st. | DAN |
|---|---|---|---|

## Þjóðfræði

## Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður farið í grunnþætti þjóðfræða. Greinin er kynnt og farið yfir hvað einkennir hana og hver eru þau lykilhugtök sem tengjast efninu um leið og ólíkir þættir menningarinnar eru kynntir (t.d. sögur, hátíðir, leikir, dansar, hlutir, hópar, texti, hegðun, munnleg geymd, ólíkar tegundir flutnings). Íslenskir þjóðhættir eru skoðaðir. Lesnar þjóðsögur og farið yfir kenningar þjóðsagnafræða. Hversdagsmenning nútíðar og fortíðar er skoðuð og áhrif hennar á tungumál og lífshætti. Rýnt er í nútímann með augum þjóðlífsfræða og metið hvernig hægt er að nota ólíka miðla og texta til að koma merkingu á framfæri á ólíka vegu. Farið yfir aðferðafræði og siðferðileg álitaefni við söfnun þjóðfræðiefnis. Í vinnu og verkefnum áfangans reynir á kunnáttu í heimildavinnu, frumkvæði, sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og virðingu fyrir skoðunum annarra.

## Markmið:

**Þekkingarviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- lykilhugtökum og grunnþáttum þjóðfræða
- munnlegri geymd
- mismunandi tegundum texta og ólíkri miðlun þeirra, áhrifum og túlkun
- áhrifum hversdagsmenningar m.a. á lifnaðarhætti og tungutak
- íslenskri menningu, úr hverju hún sprettur og tengslum hennar við útlönd
- þjóðsagnafræðum
- hugmyndafræði og viðhorfum fólks á ólíkum tímum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- orðaforða sem þarf til að lesa í ólíkar heimildir (munnlegar, myndrænar, ritaðar, o.fl.)

**Leikniviðmið**
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- lesa og greina ýmis konar texta frá ólíkum tímum og á ólíku formi sér til gagns og geta fjallað um inntak þeirra í ræðu og riti
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja og geta nýtt helstu kenningar og hugtök í þjóðfræði
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- vinna verkefni af ýmsu tagi og nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Hæfnisviðmið**
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldum boðskap og hugmyndum
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

# ÍSLE3ÞH05 - Fjarnám
# Námsáætlun haustönn, 2023



## Námsgögn:

- *Þjóðfræði hvað? Kennsluefni fyrir framhaldsskóla* eftir Þórunni Kjartansdóttur (tilraunanámsefni, aðgengilegt á netinu).
- Námsefni frá kennara á Moodle námsvef námskeiðsins. Mikilvægt er að hafa í huga að glærur, glósur og greinar á Moodle eru hluti af námsgögnum áfangans.
- Vefur ritvers HÍ um APA staðalinn: https://ritver.hi.is/is/apa/skraning-heimilda-apa
- Vefur HR um APA staðalinn: https://bokasafn.ru.is/friendly.php?s=apa
- *Sólhvörf,* fantasíuskáldsaga eftir Emil Hjörvar Petersen

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Lota 1 / Vika 36-43 | Fagið þjóðfræði og viðfangsefni þess kynnt. Farið yfir söfnunar- og rannsóknaraðferðir og viðtalstækni.<br><br>Hefðir og siðir. Menning, efnisleg og andleg. Alþýðufróðleikur.<br><br>Þjóðsögur og þjóðsagnasöfnun.<br><br>Áhrif þjóðsagna á nútímamenningu; fantasíubókmenntir, mynd- og tónlist. | Efni úr kennslubók og frá kennara á Moodle.<br><br>Skáldsagan *Sólhvörf*<br><br>Verkefni á Moodle.<br><br>1. og 2. tímapróf<br><br>Viðtalsverkefni<br><br>Fyrra verkefni úr fantasíuskáldsögu | Smærri verkefni á Moodle 15%<br><br>Hlutapróf 1 og 2 (2 x 10%) 20%<br><br>Viðtalsverkefni 10%<br><br>Fyrra fantasíuskáldsöguverkefni 10% |
| Lota 2 / Vika 44-48 | Munnmenntir og munnleg geymd.<br><br>Flokkar þjóðsagna; goðsögur, ævintýri, flökkusagnir, brandarar, nútímaþjóðsögur o.fl.<br><br>Þjóðhættir, efnismenning og áhrif hennar á hópa og einstaklinga. | Efni úr kennslubók og frá kennara á Moodle og efni sem nemendur finna sjálf.<br><br>Skáldsagan *Sólhvörf*<br><br>Smærri verkefni á Moodle<br><br>3. tímapróf<br><br>Seinna verkefni úr fantasíuskáldsögu<br><br>Lokaverkefni | Smærri verkefni á Moodle 10%<br><br>Hlutapróf 3 10%<br><br>Seinna fantasíuskáldsöguverkefni 10%<br><br>Lokaverkefni 15% |

# ÍSLE3ÞH05 - Fjarnám
# Námsáætlun haustönn, 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** **X Símat** **☐ Lokapróf/valið lokapróf** **☐ Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Moodle-verkefni | Ólík verkefni á Moodle unnin jafnt og þétt yfir önnina. | 25% |
| Tímapróf | Þrjú hlutapróf (10% hvert) | 30% |
| Ritunarverkefni | Eitt viðtalsverkefni (10%) og verkefni úr fantasíuskáldsögu (20%) | 30% |
| Lokaverkefni | Lokaverkefni. | 15% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum. Fylgist vel með og vinnið jafnt og þétt yfir önnina.

**Dagsetning: 25.10.2023**

Daníel Freyr Jónsson
Undirritun kennara

Ásbjörg Ben.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Kynjafræði (KYNJ2KJ05 - fjarnám) Námsáætlun haustannar 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Snorri Björnsson | Sk.st. | SNO |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað er um sögu jafnréttisbaráttu á Íslandi og stöðu jafnréttismála í dag; karl – og kvenmennsku, fjölmiðla, klámvæðingu, kynbundið ofbeldi, stjórnmál og margt fleira. Ýmsar birtingarmyndir kynjakerfisins skoðaðar og greindar. Lögð er áhersla á umræður og lýðræðislega nálgun í kennslunni, nemendur eru hvattir til að temja sér gagnrýna hugsun, vera virkir og hafa áhrif á efnisþætti áfangans.
Áfanginn byggir á virkni og þátttöku nemenda þar sem reynir á sjálfskoðun, greiningu á umhverfi sínu og umræðum um eigin viðhorf og annarra.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu hugtökum jafnréttismála
- birtingarmyndum kynjaskekkju í samfélaginu
- birtingarmyndum kynjaskekkju út frá alþjóðlegu sjónarhorni
- sögu jafnréttisbaráttunnar og áfangasigrum
- stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- mynda sér skoðun á algengum álitamálum sem tilheyra kynjafræðinni
- rýna í menningu og átta sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar
- meta jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- útskýra skoðanir sínar m.t.t. kenninga kynjafræðinnar og hugtaka
- fjalla um samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum og tengja hugmyndir kynjafræðinnar við eigin veruleika
- skilja helstu orsakir kynjaskekkjunnar samkvæmt hugmyndum kynjafræðinnar
- tengja menningu, gildi og verðmæti samfélagsins við eigið líf
- grunda viðhorf sín
- setja sig í spor annarra
- dýpka skilning á félagsheiminum sem hann býr í

## Námsgögn:

*Kynjafræði fyrir byrjendur* e. Þórð Kristinsson og Björk Þorgeirsdóttur. 2021. Forlagið gefur út. (Vefbók) Sjá: https://www.forlagid.is/voruflokkur/kennslubaekur/vefbaekur/
*Kona í hvarfpunkti* e. Nawal El Saadawi. Útg. Angústúra
Greinar og annað efni frá kennara sem verður aðgengilegt á Moodle.

# Kynjafræði (KYNJ2KJ05 - fjarnám) Námsáætlun haustannar 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Hér fyrir neðan er gróf áætlun um yfirferð.Nánari útlistun á verkefnum og lesefni er að finna inni á Moodle síðu áfangans.

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| 1. lota: Grunnhugmyndir um kynjafræði | Nemendur lesa 1. kafla í *Kynjafræði fyrir byrjendur* auk annars efnis frá kennara. | Lestur og skrifleg verkefni | Vikulegar hugleiðingar (öll önnin) 25% |
| 2. lota: Femínismi | 2. kafli í *Kynjafræði fyrir byrjendur*. Annað efni frá kennara. Fjallað verður um sögu jafnréttisbaráttu. | Lestur og skrifleg verkefni<br><br>Heimildaritgerð um sögu jafnréttsbaráttu | Heimildaritgerð 15% |
| 3. lota: Karlafræði | 3. kafli í *Kynjafræði fyrir byrjendur*, auk annars efnis frá kennara. Fjallað verður um karlafræði og aðkomu karla að jafnréttisfræði. | Lestur og skrifleg verkefni | |
| 4. lota: Hinsegin fræði | 4. kafli í *Kynjafræði fyrir byrjendur*. Réttindabarátta samkynhneigðra, hinseginfræði. | Lestur og skrifleg verkefni | |
| 5. Kynin og fjölmiðlar | 5. kafli í *Kynjafræði fyrir byrjendur*, ásamt ítarefni frá kennara. Kyn og fjölmiðlar. | Lestur og skrifleg verkefni | |
| 6. kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi | 6. kafli í *Kynjafræði fyrir byrjendur*, ásamt ítarefni frá kennara. Fjallað verður um ynlíflsmenningu, klám, mansal o.fl. | Lestur og skrifleg verkefni<br><br>Nemendur taka próf úr hugtökum sem tengjast kynjafræði | Moodlepróf 10% |
| 7. lota. Horft fram á vegin. Hvað er til ráða? | Nemendur gera upp önnina og horfa fram á vegin. Ýmislegt námsefni frá kennara. Undirbúningur fyrir lokapróf | Lestur og skrifleg verkefni<br>Nemendur vinna myndband/hlaðvarpsverkefni | Mynd/- hljóðskrá 10%<br><br>Lokapróf: 40% |

# Kynjafræði (KYNJ2KJ05 - fjarnám) Námsáætlun haustannar 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** ■ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Vikulegar hugleiðingar um viðfangsefni vikunnar. | Nemendur skrifa vikulegar hugleiðingar um málefni hverrar viku. Nemendur leggja mat á námsefnið og tengja við eigin reynsluheim. | 25% |
| Heimildaritgerð | Nemendur skrifa heimildaritgerð sem tengist sögu jafnréttisbaráttu. | 15% |
| Próf | Nemendur taka próf úr hugtökum sem tengjast kynjafræði. Nemandi fær að endurtaka prófið þar til a.m.k. einkunninni átta er náð. | 10% |
| Munnlegt verkefni | Nemendur vinna verkefni sem mynd/- hljóðskrá, þ.e. myndband eða hlaðvarpsþátt. | 10% |
| Lokapróf | Nemendur þreyta lokapróf í lok annar úr völdu efni. Leslisti og nánari upplýsingar birtast á Moodle. | 40% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað: Lágmarkseinkunn á lokaprófi er 4,0 til þess að vinna annarinnar fáist metin. Til þess að standast námsmat áfangans þarf nemandi að standast a.m.k. 45% námsmarkmiða á önninni. Athugið að nemendum ber að skila öllum námsmatsþáttum áfangans, sjá námsmatsreglur skólans.**

Reglur um verkefnaskil eru í samræmi við reglur samfélagsfræðideildar VMA og má sjá á Moodle síðu áfangans. Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér þær vel.

**Dagsetning:** 31.08 2023

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Næringarfræði, fjarnám
# LÍFF2NÆ05
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Börkur Már Hersteinsson | Sk.st. | BÖR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um ráðleggingar landlæknis um orku- og næringarefni, hlutverk þeirra, ráðlagða dagskammta og skortseinkenni. Farið er í gildandi lög og reglugerðir um aukefni í matvælum og merkingar umbúða. Farið er í næringarefnatöflur/-forrit til að reikna út næringargildi máltíða. Lögð er áhersla á að nemendur geti með gagnrýnum hætti metið hollustu og gildi fullyrðinga um næringu í fjölmiðlum og á netinu. Fjallað er um næringarþarfir mismunandi hópa, sérfæði á sjúkrastofnunum og helstu gerðir sérfæðis sjúklinga og forsendur fyrir því. Áhersla á að nemandi verði meðvitaður um eigin ábyrgð á góðri næringu og heilsu og sé ljóst hvers virði góðar neysluvenjur eru heilbrigði þjóðar.

### Markmið

**Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- orku- og næringarefnum, hlutverkum þeirra, skortseinkennum og í hvaða matvælum þau eru helst að finna
- ráðleggingum landlæknis um mataræði og ráðlögðum dagskömmtum um vítamín og steinefni
- lögum og reglugerðum um aukefni og vörumerkingar matvæla
- aðferðum til að meta líkamsástand og áhrif megrunarkúra á líkamann
- næringarþörfum sérstakra hópa og sjúklinga ásamt sérfæði á sjúkrastofnunum
- næringartöflum og -forritum til að reikna út orku- og næringarinnihald í máltíðum

**Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skoða hollustu einstakra fæðutegunda m.t.t. orku- og næringarinnihalds
- reikna út næringargildi matseðils með næringartöflum/-forritum
- lesa upplýsingar á umbúðum matvæla
- nota BMI stuðulinn og ummálsmælingar til að meta líkamsástand
- kanna eigin neysluvenjur og reikna út næringarþörf sína

**Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- velja sér og sínum fæðu samkvæmt ráðleggingum frá Embætti landlæknis
- meta niðurstöður næringarforrita á mataræði einstaklings
- meta hollustu út frá upplýsingum á umbúðum matvæla
- meta með gagnrýnum hætti upplýsingar um næringu sem koma frá t.d. fjölmiðlum eða af netinu
- taka rökstudda afstöðu til næringarmála í daglegri umræðu
- tengja næringarfræðina við daglegt líf og útskýra munnlegar og myndrænar ráðleggingar um mataræði og næringarefni fyrir öðrum

# Næringarfræði, fjarnám
# LÍFF2NÆ05
# Námsáætlun haustönn 2023



**Námsgögn:**

Lífsþróttur næringarfræði fróðleiksfúsra eftir Ólaf Gunnar Sæmundsson, 3. útgáfa, gefin út 2015. Efni frá kennara á Moodle.

Eldri bókin dugar einnig ágætlega þótt búið er að uppfæra sumt eins og t.d. ráðleggingar landlæknis með hlutfall orkuefnanna.







Glósur, heimaverkefni og upptökur eru inn á Moodle vef VMA (moodle.vma.is). Verið viss um að velja LÍFFNÆ05 fjarnám en ekki dagskóla.

# Næringarfræði, fjarnám
# LÍFF2NÆ05
# Námsáætlun haustönn 2023



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36-37 | Inngangur að næringarfræði, kynning á næringarfræði og kennsluefni annarinnar. Orkan í fæðunni og orkugildi. Útreikningur á eigin grunn- og viðbótarorku. Fæðuhringurinn og uppbygging hans | Lesa Kafla1: Inngangur að næringfræði (bls 9-21) Heimaverkefni 1 | Verkefni 1 (3,%) Hlutfall stuttu verkefnanna (SV) leggjast saman yfir önnina SV |
| Vika 38 | Kolvetni. Uppbygging, áhrif þeirra á líkamann. Flokkar( góð, léleg og slæm). Trefjar og hlutverk trefja. Sykur. | Lesa kafla 2: Kolvetni (bls 24-39, 66-70) Heimaverkefni 2 | Verkefni 2 (3%) SV |
| Vika 39 | Fitur. Farið í mismunandi fituflokka, og hollustugildi fitu. | Lesa kafla 2: Fita (bls 40-51) Heimaverkefni 3 | Verkefni 3 (3%) SV |
| Vika 40 | Prótein. Amínósýrur. Flokkar próteina, dagsþarfir ofneysla og skortur. | Lesa kafla 2: Prótín (bls 52-60) Heimaverkefni 4 | Verkefni 4 (3%) SV |
| 41 | Lestur á umbúðum utan um matvæli og farið yfir helstu leiðbeiningar varðandi vörumerkingar. | Matardagbók og lestur umbúða verkefni | Matadagbók og lestur umbúða (8%) SV |
| Vika 42 | Melting og upptaka næringarefna. Áhrifaþættir á meltingu | Lesa kafla 2: Melting og upptaka (bls 32-33, 49-51, 55, 60-61) Heimaverkefni 5 Miðannarpróf | Verkefni 5 (3%) Miðannarpróf á moodle (10%) SV |
| Vika 43-44 | Vatn og steinefni. Skoðuð hlutverk, skortur og ofneysla. Áhersla á að þekkja hvað maturinn er að gefa okkur af steinefnum. | Lesa kafla 3 (bls 80-111) Heimaverkefni 6 | Verkefni 6 (3%) SV |
| Vika 45-46 | Vítamín. Lögð er áhersla á að nemendur geti valið sér mat með tilliti til vítamín innihalds. Þekki hvernig má finna skort og ofneyslu. | Lesa kafla 4 (bls 116-147) Heimaverkefni 7 | Verkefni 7 (3%) SV |
| Vika 47 | Megrunarkúrar og heilsufullyrðingar. | Lesa kafla 5 (bls 157-217) Heimaverkefni 8 | Verkefni 8 (3%) SV |
| Vika 48 | Átraskanir, orsök og afleiðing. Næring fyrir mismunandi hópa í samfélaginu. Fæðubótarefni, gildi þeirra og nauðsyn | Kafli 6 (bls 218-234) Hlaðvarp | Hlaðvarp (8%) SV |

# Næringarfræði, fjarnám
# LÍFF2NÆ05
# Námsáætlun haustönn 2023



**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Lokapróf | Lokapróf úr öllu efninu í desember<br>-Skriflegt lokapróf úr öllu efninu í prófstofu í desember án hjálpargagna. | 30% |
| Miðannarpróf | Miðannarpróf á miðri önn haldið á Moodle | 10% |
| Heimaverkefni | Átta heimaverkefni sem hvert gildir 3%. | 24% |
| Matardagbók og vöruskoðun | Verkefni um matardagbók og vöruskoðun | 8% |
| Hlaðvarp | Hlaðvarpsverkefni um næringu | 8% |
| Stutt verkefni (SV) | Í hverri viku eru sett inn eitt eða fleiri stutt verkefni úr helstu atriðum efnisins | 20% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Nemandinn verður að fá a.m.k. 4,0 í lokaprófi til þess að vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar.
Lokapróf er skriflegt próf án hjálpargagna.
Ekki er hægt að sleppa lokaprófi.

**Allar glærur, upptökur og verkefni verða birt á Moodle vef VMA (www.moodle.vma.is).**
**Finnið áfangann LÍFF2NÆ05F (passið að velja fjarnámsáfangann en ekki dagskólann).**

**Dagsetning: 04.sept 2023**

Böðvar Mar
**Undirritun kennara**

María T.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Líffæra- og lífeðlisfræði A
# LÍOL2SS05 fjarnám
# Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | Börkur Már Hersteinsson | **Sk.st.** | BÖR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvægisneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjukerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

### Markmið

**Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- þeirri frumustarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

**Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

**Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

**Námsgögn:**
Vefbók í líffæra- og lífeðlisfræði aðgengileg á Moodle síðu áfangans sem á að duga.

Kennari mælir einnig með eftirtöldum bókum en algjör óþarfi er fyrir nemendur að kaupa þær:
Introduction to the human body e. Tortora 11. Útg. Má líka vera eldri.
Frábærar myndir en textinn er á ensku og getur stundum verið erfiður.
Líffæra og lífeðlisfræði, (Solomon - Phillips) þýð. Regínu Stefnisdóttur, fyrra hefti. IÐNÚ 1995.
Hún er á íslensku og latínu og er alveg ágæt þótt myndirnar séu stundum óskýrar.

Aðrar bækur í líffæra- og lífeðlisfræði koma vel til greina. Aðal málið er að myndirnar eru góðar því stór hluti af þessum áfanga er að átta sig á hvernig líffæri líta út og hvar þau eru. Ef þið eruð með aðra bók í huga þá endilega sendið mér póst um bókina og ég ætti að geta svarað ykkur.

Glósur, heimaverkefni og upptökur eru inn á Moodle vef VMA (moodle.vma.is). Verið viss um að velja LÍOL2SS05 fjarnám en ekki dagskóla.








**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

**Matsform:** ☐ **Símat** **X Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf úr öllu efninu í maí | 35% |
| Miðannarpróf | Miðannarpróf á miðri önn. | 10% |
| Heimaverkefni | Átta heimaverkefni sem hvert gildir 4%. | 32% |
| Tímaverkefni | Í hverri viku koma stutt tímaverkefni á Moodle.<br>Öll tímaverkefni gilda. | 23% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemandinn verður að fá a.m.k. 4,0 í lokaprófi til þess að vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar. Ekki er hægt að sleppa lokaprófi.

# Líffæra- og lífeðlisfræði A
# LÍOL2SS05 fjarnám
# Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmats-þátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36-37 | 1. kafli: Gerð líkamans | Lesa kafla 1<br>Heimaverkefni 1<br>Tímaverkefni | Verkefni 1 (4%) |
| Vika 38-39 | 3.-4 kafli: Frumur og vefir | Lesa kafla 3 og 4.<br>Heimaverkefni 2<br>Tímaverkefni | Verkefni 2 (4%) |
| Vika 40 | 5. kafli: Þekjukerfið | Lesa kafla 5<br>Heimaverkefni 3<br>Tímaverkefni | Verkefni 3 (4%) |
| Vika 41-42 | 6.-7. kafli: Bein, beinvefur og beinagrindin | Lesa kafla 6-7<br>Heimaverkefni 4<br>Tímaverkefni | Verkefni 4 (4%)<br><br>Miðannarpróf (10%) |
| Vika 43 | 8. kafli: Vöðvavefur og vöðvar | Lesa kafla 10-11<br>Heimaverkefni 5<br>Tímaverkefni<br>Miðannarpróf | Verkefni 5 (4%) |
| Vika 44-45 | 9-11. kafli: Taugakerfið og taugaboð | Lesa kafla 16-19<br>Heimaverkefni 6<br>Tímaverkefni | Verkefni 6 (4%) |
| Vika 46-47 | 13. kafli: Innkirtlar og hormó | Lesa kafla 22<br>Heimaverkefni 7<br>Tímaverkefni | Verkefni 7 (4%) |
| Vika 48 | 12. kafli: Skynfæri (sjón og heyrn). | Lesa kafla 21<br>Heimaverkefni 8<br>Tímaverkefni | Verkefni 8 (4%) |
| Vika 49. | Upprifjun fyrir próf | | |

**Dagsetning: 04.09.2023**

Björn Már

**Undirritun kennara**

María T.

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Vöðvafræði, LÍOL2VÖ05 fjarnám Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Börkur Már Hersteinsson | Sk.st. | BÖR |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Allir helstu beinagrindarvöðvar líkamans. Uppbygging vöðvafrumu, helstu atriði í vöðvasamdrætti og orkumyndun vöðva. Staðsetning, útlit, upptök og festur helstu vöðva líkamans ásamt því að þekkja hlutverk þeirra og latínuheiti. Nemandi kunni skil á algengustu tegundum vöðvaójafnvægis í líkamanum og leiðir til að bregðast við því, þekki helstu tegundir meiðsla á liðum og vöðvum líkamans. Farið er yfir bein líkamans, uppbygging mismunandi liðamóta og hreyfingar beina út frá þeim. Áhersla er lögð á tengingu við umhverfi og reynsluheim nemenda, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Markmið**

**Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu vöðvum líkamans, upptökum þeirra og festu
- vöðvasamdrætti, vöðvaítaugun og orkuvinnslu vöðva
- helstu beinum líkamans, heiti þeirra og staðsetningu
- mismunandi liðagerðum og hreyfingum þeirra
- helstu lögmálum hreyfifræðinnar
- helstu meiðslum á vöðvum og liðamótum

**Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skoða helstu vöðva líkamans, sýna hvar þeir eru og hvaða hreyfingar þeir orsaka
- skoða hvað orsakar vöðvaójafnvægi í líkamanum
- skoða hvað orsakar helstu meiðsli á vöðvum og liðamótum
- beita réttri tækni í starfi, leik og daglegu lífi
- lesa fræðilegan texta sem tengist viðfangsefnum áfangans

# Vöðvafræði, LÍOL2VÖ05 fjarnám Námsáætlun haustönn 2023



**Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- greina og útskýra hreyfingu helstu vöðva líkamans út frá legu, upptökum og festu
- greina frá staðsetningu og heitum helstu beina líkamans.
- greina frá helstu liðamótum líkamans og rökstyðja hvaða hreyfingar þau leyfa
- nýta hreyfifræðilögmál til að útskýra helstu hreyfingar líkamans
- leiðrétta vöðvaójafnvægi og draga úr líkum á meiðslum á vöðvum og liðamótum
- útskýra vöðvavinnu í ákveðnum hreyfingum, teygjum og kyrrstöðu
- greina mun á réttri og rangri líkamsbeitingu
- greina og útskýra slæma líkamsstöðu
- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- greina, hagnýta og meta upplýsingar í margskonar formi (töluðu, rituðu eða myndrænu)

**Námsgögn:**

The Concise Book of Muscle, eftir Chris Jarmey.
Fjórða útgáfa (2018). Eldri útgáfur sömu bókar duga líka vel, jafnvel betur.
Glósur inn á Moodle vef VMA.
Bókin fæst ekki lengur á Íslandi og því mælir kennarinn með Amazon.co.uk



# Vöðvafræði, LÍOL2VÖ05 fjarnám Námsáætlun haustönn 2023



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmats-þátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36-37 | Kafli 1. Inngangur. Farið verður í áttir líkamans, líkamssvæði o.f.l. | Lesa kafla 1<br>Heimaverkefni 1 | Heimaverkefni 1 (3.5%) |
| Vika 37-38 | Bein og liðir. Farið verður stuttlega yfir helstu bein og beinaútvexti. Farið verður yfir helstu gerðir liða og fjallað um helstu liði líkamans og hreyfingar þeirra. | Lesa kafla 2<br>Heimaverkefni 2 | Verkefni 2 (3.5%) |
| Vika 39-40 | Lífeðlisfræði vöðva. Uppbygging og starfsemi vöðva. Farið verður í uppbyggingu vöðva og vöðvafrumna, samdráttarferlið, orku fyrir vöðvasamdrátt og samvinnu vöðva. Vöðvahula (fascia). | Heimaverkefni 3 | Verkefni 3 (3.5%) |
| Vika 41-42 | Kaflar 3-6: Vöðvar í hálsi og búk.<br>Fjallað verður um helstu hálsvöðva, dýpri bakvöðva, kviðvöðva og öndunarvöðva | Lesa kafla 3 til og með 6<br>Heimaverkefni 4 | Heimaverkefni 4 (3.5%) |
| Vika 43-44 | Kafli 7 .Vöðvar sem tengjast öxl og upphandlegg.<br>Fjallað verður um helstu vöðva sem hreyfa herðablað, upphandlegg og framhandlegg | Lesa kafla 7 | |
| Vika 44 | Kafli 8: Vöðvar í framhandlegg. Fjallað verður um helstu vöðva sem hreyfa úlnlið og fingur | Lesa kafla 8<br>Heimaverkefni 5 | Heimaverkefni 5 (3.5%) |
| Vika 45-46 | Kafli 9 og aðeins úr kafla: Vöðvar í mjöðm og læri. Helstu vöðvar sem hreyfa lærlegg og sköflung. | Lesa kafla 9 | |
| Vika 47 | Kafli 10: Vöðvar á sköflungi og fæti. Helstu vöðvar sem starfa við ökkla og hreyfa fótinn | Lesa kafla 10<br>Heimaverkefni 6 | Verkefni 6 (3.5%) |
| Vika 48-49 | Vöðvaójafnvægi, helstu meiðsli o.fl. | Upptökur á Moodle<br>Heimaverkefni 7 | Heimaverkefni 7 (3.5%) |
| Vika 50 | Lokapróf | | 50% |

# Vöðvafræði, LÍOL2VÖ05 fjarnám Námsáætlun haustönn 2023



**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

| **Matsform:** | **Símat**   **X Lokapróf/valið lokapróf**   **☐ Lokaverkefni** | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Yfirlitspróf | Próf úr öllu efninu í desember. Prófið verður skriflegt í prófatörn ánhjálpargagna. | 50% |
| Heimaverkefni | Sjö heimaverkefni sem hvert gildir 3.5%.<br>Verkefnin eru opin í eina viku. | 24,5% |
| Tímaverkefni | Lítil tímaverkefni um efni vikunnar koma inn á Moodle. Verkefnin verða opin þá viku og hægt er að taka þau eins oft á þeim tíma og nemandinn vill.<br>Öll tímaverkefni gilda. | 25,5% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:** Nemandinn verður að fá a.m.k. 4,0 í lokaprófinu til þess að vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar.

Ef einhvern námsmatsþáttur dettur út þá færist hlutfallið yfir á tímaverkefnin.

**Dagsetning: 04.09.2023**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# LOVE3SR05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



| **Kennari** | Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir | **Sk.st.** | KPM |
|---|---|---|---|

## Lokaverkefni brautar - fjarnám

### Áfangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandi á síðasta námsári lokaverkefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt sinni braut. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang verkefna. Krafist er vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna verkefnið og ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og taki ábyrgð á eigin námi.

### Markmið:

**Þekkingarviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda
- ólíkum rannsóknaraðferðum
- raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna
- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

**Leikniviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- vinna úr heimildum samkvæmt viðurkenndum reglum um meðferð þeirra
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigið verkefni

**Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áræðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og virðingu
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni
-

# LOVE3SR05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Námsgögn:

Gögn frá kennara gerð aðgengileg á vef áfangans á **INNU.**

Vefur ritvers HÍ um APA staðalinn: https://ritver.hi.is/is/apa/skraning-heimilda-apa

Vefur HR um APA staðalinn: https://bokasafn.ru.is/friendly.php?s=apa

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| **Tímabil (vikunúmer/lotunúmer** | **Námsefni (verklegt og bóklegt)** | **Heimavinna/verkefni** | **Vægi námsmatsþátta** |
|---|---|---|---|
| Vika 36-37 | Áhugsviðsverkefni, öflun heimilda og mat á gæðum þeirra. | Gagnaöflun,lestur heimilda, undirbúningur fyrir viðtöl og skipulagning verkefnis | 18. september: Verkefni í heimildarýni 5% |
| Vika 38-42 | Megindlegar og eigindlegar aðferðir og gerð heimildaritgerða<br><br>Gerð rannsóknaráætlana og efnisgrindar<br><br>Lestur heimilda og undirbúningur lokaverkefnis | Skipulagning verkefnis, gerð efnisgrindar, uppsetning heimildaskrár og mat á gæðum heimilda. | **29. september: Skila efnisgrind. 5%**<br>**23. október: fyrstu skil ritgerðar 10% Verkefni í heild sinni ásamt heimildaskrá (auðvitað).**<br><br>Skilað á INNU |
| Vika 43-46 | Lokaverkefni | Unnið að lokaverkefni | **20. nóvember: önnur skil til leiðbeinanda 10% Verkefnið í heild sinni.**<br><br>Skil fara fram í Turn it in skilakassa á INNU10% |
| Vika 46-47 | Lokaverkefni | Lokaverkefni lagfært m.t.t. athugasemda. | **27.nóvembar:**<br>LOKASKIL lokaverkefnis, vægi 50% |
| Vika 48-49 | Lokaverkefni | Undirbúningur kynningar | **Lokaverkefnisdagur 5.desember.**<br>Nemendur kynna og verja lokaverkefni sín á málstofu í VMA – annaðhvort á staðnum eða í gegum fjarfundarbúnað, vægi 20% |

# LOVE3SR05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | ☐ Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf x Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| **Undirbúningur** | Efnisgrind og verkefni í heimildarýni. | 10% |
| **Ritun Drög** | Heildarútgáfa lokaverkefnis, fyrstu og önnur skil | 20% |
| **Ritun Lokaútgáfa** | Lokaútgáfa að teknu tilliti til ábendinga eftir fyrstu og önnur skil. | 50% |
| **Kynning** | Nemendur kynna og verja lokaverkefni sín á málstofu í VMA, annaðhvort á staðnum (ef nemendur eiga heimangengt) eða í fjarfundi. | 20% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:**

Í áfanganum er leiðsagnarmat og munu umsjónarkennari fara reglulega yfir verkefni nemenda og veita þeim aðhald. Þó skal alltaf hafa í huga að nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og þurfa að standa skil á verkefnum sínum. Farið er yfir verkefni stuttu eftir skiladagana.

Lögð er áhersla á sjálfstæði, ábyrgð og samviskusemi nemenda.

**Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning:** 4 september 2023

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Lyfjafræði - fjarnám
# LYFJ2LS05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | María Albína Tryggvadóttir | Sk.st. | MAL |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:
Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðasjúkdómum, geðsjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum, sykursýki, verkjum og svefnvandamálum. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfja, aukaverkanir, milliverkanir og helmingunartíma lyfja. Farið er almennt í lyfjaskrár og notkun á þeim.

## Þekkingarviðmið:
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómslyfja, geðlyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja, sykursýkislyfja, verkjalyfja og svefnlyfja
- helstu flokkum lyfja við Alzheimer sjúkdómi og áhrifum sýkla- og meltingarfæralyfja
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttnikúrfum

## Leikniviðmið:
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á

## Hæfniviðmið:
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra

## Námsgögn:
**Bók:** Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Reykjavík 2017 eða nýrri.

**Annað**: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans.

Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

# Lyfjafræði - fjarnám
# LYFJ2LS05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| Lota 1<br>4. sept- | Kynning á áfanganum, námsefni og fyrirkomulag.<br>Almenn verkun / staðbundin verkun / lyfjagjafir / lyfjaform.<br>Helstu grunnhugtök tengd lyfjafræði.<br>Aldraðir og meðferðarheldni.<br>Leið lyfsins | Kafla verkefni úr kafla 1<br>Kafla verkefni úr kafla 2<br><br><br>Myndbandsverkefni | 2%<br>2%<br><br><br>12% |
| Lota 2<br>2. okt-<br>22.okt | Maga og þarmalyf<br>Verkjalyf / bólgueyðandi lyf<br>Sérlyfjaskrá<br>Efni úr lotu 1-2 | Kafla verkefni úr kafla 4<br>Kafla verkenfi úr kafla 5<br>Verkefni úr sérlyfjaskrá<br>Fyrra annarpróf | 2%<br>2%<br>5%<br>10 % |
| Lota 3<br>23. okt<br>19. nóv | Öndunarfæralyf<br>Húðlyf<br>Róandi lyf / svefnlyf / geðdeyfðarlyf / sefandi lyf<br>Valin grein um efni innan lyfjafræðinnar<br>Efni úr kafla seinnihluta bókar | Kafla verkefni úr kafla 6<br>Kafla verkefni úr kafla 7<br>Kafla verkefni úr kafla 8<br>Útdráttur úr grein<br>Skapandi verkefni | 2%<br>2%<br>2%<br>5%<br>10% |
| Lota 4<br>20. nóv.<br>3. des | Lyf við hjarta- og æðasjúkdómum<br>Sykursýkislyf<br>Efni úr lotu 1-4 | Kafla verkefni úr kafla 9<br>Kafla verkefni úr kafla 10<br>Lokapróf | 2%<br>2%<br>40% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** **x Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Kafla verkefni | Spurningum svarað úr hverjum kafla | 18 % |
| Myndband | Lýsa/útskýra ferli | 12 % |
| Skapandi verkefni | Nemandi útbýr skapandi verkefni úr efni ákveðins kafla/lyfjaflokks | 10 % |
| Sérlyfjaskrá | Eitt verkefni unnið upp úr sérlyfjaskrá | 5 % |
| Útdráttur | Verkefni unnið upp úr fræðigrein | 5 % |
| Próf | Eitt annarpróf (10%) úr fyrri lotu og lokapróf (40%) úr öllu efni annarinnar. | 50 % |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Ná þarf 40% í lokaprófi og skila myndbandsverkefni til þess að aðrir námsmatsþættir gildi til lokaeinkunnar.
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

**Dagsetning:** 4.9'23

María T
Undirritun kennara

Bóbur Már 04.09.2023
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# MEIS4BS05
# Námsáætlun – Haustönn 2023



| Kennari | Íris Ragnarsdóttir<br>Netfang: iris.ragnarsdottir@vma.is | Sk.st. | ÍRA |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

### Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa úr raflagnateikningum
- teikna í ofangreindar neysluveitur
- beita tölvuforriti við gerð raflagnateikninga

### Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja og ákvarða efni fyrir raflagnir í öllum neysluveitum
- nýta sér minnst eitt teikniforrit sem notað er við gerð teikninga
- velja og ákvarða búnað og raflagnaefni fyrir allar neysluveitur
- magntaka og reikna kostnað á tölvtæku formi fyrir allar neysluveitur

## Námsmat:
Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

## Námsgögn:

- Námsgögn aðgengileg á Moodle, úthlutað af kennara eftir þörfum

# RLTV3KS05
# Raflagnateikning 2 - Fjarnám
# Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð:

Kennsla er byggð á fyrirlestrum kennara og verkefnum sem nemendur leysa í tímum og heima. Verkefnin eru ýmist teiknuð á pappír eða á tölvutæku formi. Við tölvuteikningu er notað teikniforritið AutoCAD ásamt töflureikni t.d. excel þegar unnið er við magntöku og kostnaðaráætlun. Öll magntaka og kostanaðarútreikningur skal vera á tölvutæku formi. Skoðaðar verða raflagnateikningar frá 62A til 200A.

| Vika | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| 2-3 | Kynning á námsefni. Teikningalestur, staðlar, merkingakerfi og reglur. | Verkefni 1 | 5% |
| 4-5 | Lýsingakerfi | Verkefni 2 | 15% |
| 6-7 | Lagnaleiðir | Verkefni 3 | 15% |
| 8-10 | Lágspennukerfi | Verkefni 4 | 20% |
| 11-12 | Fjarskiptakerfi | Verkefni 5 | 10% |
| 13-15 | Brunaviðvörunarkerfi | Verkefni 6 | 5% |
| 16-19 | Magntaka og kostnaðarreikningur | Verkefni 7 | 30% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☒ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Skilaverkefni | 7 verkefni | 60% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

***Annað:*** Námsáætlun getur tekið breytingum í samráði við nemendur.

**Verkefni:** Skila þarf öllum verkefnum. Verkefnum skal skilað á uppgefnum skiladegi og eru nemendur beðnir að vera í sambandi við kennara ef veita þarf frest á skilaverkefnum.

**Dagsetning: 4.9.2023**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# SAGA2NM05 – fjarnám
# Mannkynssaga til 1800
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Þorsteinn Krüger | Sk.st. | ÞOK |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Í þessum byrjunaráfanga er sögunni fylgt í tímaröð frá fornöld fram til um 1800. Þetta er símatsáfangi þar sem nemendur vinna með ákveðin þemu og dýpka þekkingu sína á þeim. Ýmis efni úr sögu Evrópu og Íslands valin, t.d. menningarheimur miðalda, víkingaöld og landnám Íslands, ný heimsmynd á tímum endurreisnar, vísindabyltingar, landafunda og siðaskipta um 1500. Lögð er áhersla á að nemandinn geti staðsett sig í samhengi sögunnar, sett sig í spor fólks frá ýmsum tímum og sjái tengsl við umhverfi sitt og samhengi á milli tímabila.

**Markmið:**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu tímaskeiðum mannkynssögunnar, hvað markar upphaf þeirra og endi og hvað einkennir þau
- helstu hugtökum og atburðum tímabilsins með sérstakri áherslu á Íslandssögu
- mismunandi menningarheimum
- undirstöðuatriðum sagnfræði sem fræðigreinar og mismunandi tegundum heimilda

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- greina meginþætti og álitamál í sögulegri framvindu
- leita eftir mismunandi sjónarhornum og mynda sér skoðun á sögulegum málefnum
- leita samhengis og tengsla milli tímabila
- meta orsakir og afleiðingar í sögunni
- tengja samtímaatburði við liðna tíma

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- sjá sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- setja sjálfan sig í samhengi sögunnar og í spor fólks á ýmsum tímum
- taka þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um söguleg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum
- Skilja gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa

**Námsgögn:**

Gunnar Karlsson og fleiri: *Fornir tímar*. Mál og menning. Reykjavík 2003.
(eða nýrri útg.)

# SAGA2NM05 – fjarnám
# Mannkynssaga til 1800
# Námsáætlun haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 til 38 | Að læra sögu af sögu, bls. 7 - 12 og 1. hluti. Fornöldin, kaflar 1 til 16 | Skilaverkefni 1 Að læra sögu og læra af sögu.<br>Próf á Moodle (skilaverkefni. 2) | 10%<br>10% |
| Vika 39 til 42 | 2. hluti. Menning miðalda, kaflar 1 til 23 | Skilaverkefni 3, kaflar 1 til 7<br>Próf á Moodle úr köflum 1 til 16 (skilaverkefni 4)<br>Skilaverkefni 5 | 10%<br>20%<br>10% |
| Vika 43 til 44 | 3. hluti. Ný heimsmynd í upphafi nýaldar, kaflar 1 til 9 | Skilaverkefni 6 | 10% |
| Vika 45 til 46 | 4. hluti, Líf í sveitum og borgum, kaflar 4 til 7 | Skilaverkefni 7 | 10% |
| Vika 47 | 5. hluti, Ríki og þegnar, valdir kaflar. | Skilaverkefni 8 úr völdum köflum | 10% |
| Vika 48 | 6. hluti, Upplýsingin, valdir kaflar. | Próf á Moodle úr 4. til 5. hluta (skilaverkefni 9) | 10% |
| | | | |

# SAGA2NM05 – fjarnám
# Mannkynssaga til 1800
# Námsáætlun haustönn 2023



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | X Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Skilaverkefni 1 | Skilaverkefni úr inngangskafla | 10% |
| Skilaverkefni 2 | Próf á Moodle úr 1. hluta | 15% |
| Skilaverkefni 3 | Kaflar 1 til 7 í 2. hluta | 10% |
| Skilaverkefni 4 | Próf á Moodle úr köflum 1 til 16 í 2. hluta | 20% |
| Skilaverkefni 5 | Skilaverkefni úr köflum 17 til 23 í 2. hluta | 10% |
| Skilaverkefni 6 | Skilaverkefni úr 3. hluta | 10% |
| Skilaverkefni 7 | Skilaverkefni úr 4. hluta | 10% |
| Skilaverkefni 8 | Skilaverkefni úr 5. hluta | 10% |
| Skilaverkefni 9 | Próf á Moodle út 4. til 5. hluta | 10% |
| | **Samtals:** | **100%** |
| **Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.** | | |

**Allar einkunnir munu birtast á Innu námsvefnum. Moodle kennsluvefurinn verður notaður í þessum áfanga. Glærur verða aðgengilegar á vefnum og ýmislegt annað efni. Öll verkefnaskil fara í gegnum skilakassa á Moodle og nokkur próf verða að auki á vefnum sem munu gilda sem skilaverkefni.**

**Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og óskum um gott gengi og samstarf.**

**Þorsteinn Krüger**

thorsteinn.kruger@vma.is

**Dagsetning:** 31.08.2023

Þorsteinn Krüger
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Almenn sálfræði (SÁLF2SF05)
# Námsáætlun – fjarnám
# (haustönn, 2023)



| Kennari | Urður María Sigurðardóttir | Sk.st. | UMS |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlað að kynna nemandanum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemandi kynnist rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálfræði bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmynd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli. Áhersla á að tengja sálfræðina reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

## Markmið:

Þekkingarviðmið:
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- helstu frumkvöðlum í greininni
- víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar
- hagnýtu gildi sálfræðinnar
- leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- mótunaröflum einstaklinga og hópa

Leikniviðmið:
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta
- skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hát

Hæfniviðmið:
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja mótunaráhrif umhverfisins á sjálfan sig og aðra
- skilja samspil hegðunar, hugsunar og tilfinninga
- geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér
- framkvæma einfalda rannsókn og átta sig á helstu niðurstöðum

**Námsgögn:**

- **Inngangur að sálfræði.** Höfundar: Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir. Útgefandi: JPV, Reykjavík, 2008

- Ýmislegt efni frá kennara. Aðgengilegt á vef áfangans á Innu.

- Inna er notuð í þessum áfanga til þess að halda utan um tilkynningar, námsefni, gögn og annað. Einkunnir eru jafnframt birtar á Innu.

# Almenn sálfræði (SÁLF2SF05)
# Námsáætlun – fjarnám
# (haustönn, 2023)



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Vikunúmer<br>Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| **1. lota – Hvað er sálfræði?**<br>Vika 36-37 | 1.-3. kafli<br>• Hvað er sálfræði?<br>• Grunnhugtök sálfræðinnar (hugsun, tilfinningar, hegðun)<br>• Þróun greinarinnar<br>• Ólíkar stefnur og tengsl við aðrar greinar | 36<br>Vikuverkefni | 5% |
| | | 37<br>Undirgreinar sálfræðinnar | 10% |
| **2. lota - Námssálfræði**<br>Vika 38-41 | 4. kafli<br>• Einföld hegðun og nám<br>• Viðbragðsskilyrðing<br>• Virk skilyrðing<br>• Styrkingarhættir, atferlismótun og hugrænt nám | 38 | |
| | | 39<br>Vikuverkefni | 5% |
| | | 40<br>Vikuverkefni | 5% |
| | | 41<br>Atferlisverkefni | 10% |
| **3. lota – Hugræn sálfræði, minni og rannsóknir**<br>Vika 42-45 | 5. kafli<br>• Minnið og þrískipting þess,umskráning, geymd og endurheimt.<br>• Minnistruflanir, áhrif tilfinninga o.fl.<br>6. kafli<br>• Rannsóknaraðferðir í sálfræði<br>• Framkvæmd og mat á rannsóknum<br>• Siðareglur<br>• Skýrsluskrif | 42<br>**Hlutapróf 1** | 15% |
| | | 43<br>Rannsóknaráætlun | 5% |
| | | 44 | |
| | | 45<br>Rannsóknarskýrsla fyrri | Leiðbeinandi skil |
| **4. lota - Gervigreind**<br>Vika 46-47 | 2.+ 5. kafli + aukaefni<br>• Heimspeki sálfræðinnar<br>• Tölvur og sálfræði<br>• Gervigreind og hugsandi vélar<br>• Manneskjan á tímum gervigreinda<br>• Framtíðin | 46<br>Vikuverkefni | 5% |
| | | 47<br>Rannsóknarskýrsla seinni | 20% - lokaskil |
| **5. lota - Sjálfsmynd og samfélag**<br>Vika 48-49 | 7. kafli<br>• Sjálfsmynd, sjálfsmat, menningaráhrif<br>• Menning, mismunandi sjálf<br>Ýgi, góðmennska og samkennd | 48<br>Vikuverkefni | 5% |
| | | 48<br>**Hlutapróf 2** | 15% |

**Almenn sálfræði (SÁLF2SF05)**
**Námsáætlun – fjarnám**
**(haustönn, 2023)**

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** X Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Vikuverkefni | Verkefni unnin upp úr efni áfangans, gildir 5% hvert. | 25% |
| Undirgreinar sálfræðinnar | Nemendur velja sér eina undirgrein sálfræðinnar og fjalla um hana. Fjölbreytt skil. | 10% |
| Atferlisverkefni | Nemendur gera tilraun á sviði atferlisfræðinnar. Myndbandsverkefni | 10% |
| Rannsóknar-áætlun | Minnisrannsókn er skipulögð og nemendur skila inn rannsóknaráætlun sem inniheldur áætlun um framkvæmd og helstu atriði í beinagrind skýrslunnar. | 5% |
| Rannsóknar-skýrsla | Nemendur framkvæma minnisrannsóknina og skila inn skýrslu með niðurstöðum. Henni er skilað tvisvar sinnum. **Fyrri skilin eru leiðbeinandi** og fá nemendur athugasemdir og ábendingar til lagfæringar áður en skýrslunni er skilað í **seinna skipti til einkunnar.** | 20% |
| Hlutapróf | Tvö hlutapróf úr efni áfangans lögð fyrir í formi heimaprófs unnin í gegnum Innu. | 30% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggur kennari áherslu á að þeir sýni sjálfstæði, ábyrgð, samviskusemi og sjálfsstjórn þegar kemur að verkefnaskilum.
- Nemendum ber að virða skiladaga. Geti nemandi ekki skilað á tilteknum tíma er hægt að hafa samband við kennara *áður en skilafresti líkur* og við finnum lausn á málinu.

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning:** 01.09.23

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Þroskasálfræði (SÁLF2SÞ05)
# Námsáætlun
# Haustönn, 2023 fjarnám

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir | Sk.st. | KPM |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Áfanginn fjallar um þroskaferil manneskjunnar allt frá fæðingu til grafar. Sérstaklega er tekinn fyrir þroski tilfinninga, félagslegra samskipta, hugsunar og greindar. Áhersla er lögð á þroska sjálfsmyndarinnar og hvernig hún mótast með aldrinum. Einnig verður vikið að þroskahömlun og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Nemendur æfa sig í að skoða eigin þroska út frá mismunandi þroskakenningum og greina þá þætti sem hafa mótað þá í lífinu. Nemendur fá æfingu í að rökræða álitamál eins og barneignir táninga, fóstureyðingar eða starfslok. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina verða skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglinga. Viðfangsefnin geta verið breytileg og mótast af áhuga nemenda. Áhersla á að tengja verkefnin reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Markmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- Þroska mannsins samkvæmt skilgreiningu sálfræðinnar.
- Helstu kenningum, hugtökum og kennismiðum þroskasálfræðinnar.
- Framlagi þroskasálfræðinnar til vísinda og samfélags.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**
- Beita almennum og sértækum vinnubrögðum og aðferðum til þess að miðla þekkingu sinni.
- Beita gagnrýnni hugsun við mat á textum, kenningum og hugmyndum.
- Greina upplýsingar og setja í fræðilegt samhengi.
- Taka þátt í umræðu um álitamál á gagnrýninn en uppbyggilegan hátt.

**Nemandi skal geta hagnýtt sé þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér:**

- Afla upplýsinga, vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat.
- Sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum.
- Nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli.
- Meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt.
- Taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræðinni.

**Námsgögn:**

Þroskasálfræði – Lengi býr að fyrstu gerð.
Höfundur: Aldís Unnur Guðmundsdóttir
Útgefandi: Mál og menning, 2020 3. útgáfa.
**Athugið að þetta er ný útgáfa. Aðrar eldri útgáfur gagnast ekki.**

Gögn frá kennara sem verða gerð aðgengileg á vef áfangans á INNU.

# Þroskasálfræði (SÁLF2SÞ05)
# Námsáætlun
# Haustönn, 2023 fjarnám

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36<br>4.sept – 10.sept<br>Vika 37<br>11. -17. sept<br>Vika 38<br>18.-24.sept | **Vinnulota 1**<br>Inngangur að þroskasálfræði: 1.kafli, 2.kafli og 3.kafli - Bernskan í ljósi sögunnar og Þroskasálfræði verður til og líkamsþroski og kynslóðabreytingar. | **Lotupróf 1** – kaflar 1,2 og 3.<br>**Lotuverkefni 1**:<br>Kynningarverkefni úr 3.kafla | 10%<br>10% |
| Vika 39<br>25.sept – 1.okt<br>Vika 40<br>2.-8.okt<br>Vika 41<br>9.-15.okt | **Vinnulota 2:**<br>Greind, greindarmælingar og annarskonar nálgun á greind. Kenningar Jean Piaget og Vygotsky<br>Inngangur að þroskasálfræði:<br>Kafli 4 | Lotupróf 2 – kafli 4<br>Lotuverkefni 2:<br>Ritgerð | 10%<br>10% |
| Vika 42<br>16.-22. okt<br>Vika 43<br>23.-29.okt<br>Vika 44<br>30.okt – 5.nóv | **Vinnulota 3**<br>Vitsmunaþroski: 6. kafli - Mál og máltaka | Lotuverkefni 3<br>Kennsluefni<br>Lotupróf 3: Úr 6.kafla. | 10%<br>10% |
| Vika 45<br>6.-12.nóv<br>Vika 46<br>13.-19.nóv | **Vinnulota 4**:<br>Sjálfsstjórnun<br>Efni á INNU | Lotuverkefni 4:<br>Rannsóknarverkefni<br>Lotupróf 4 – úr efni um sjálfsstjórnun. | 10%<br>10% |
| Vika 47<br>20.-26.nóv<br>Vika 48<br>27.nóv – 3.des<br>Vika 49<br>4.-10.des | **Vinnulota 5:**<br>7., 8. Og 9. kafli - Félagsmótun og áhrif foreldra, samskipti og tengslamyndun ásamt umfjöllun um ýmsar raskanir og frávik í þroska barna.<br>Samantekt og lok áfanga | Lotuverkefni 5:<br>Skapandi verkefni<br>Lotupróf 5:úr 7.-9. kafla. | 10%<br>10% |

# Þroskasálfræði (SÁLF2SÞ05) Námsáætlun Haustönn, 2023 fjarnám

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | x Símat ☐ Lokapróf/valið lokapróf ☐ Lokaverkefni | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Lotuverkefni | Verkefni úr efni hverrar lotu fyrir sig eru unnin. Þau eru fimm talsins og hafa öll jafnt vægi. Verkefnin eru af fjölbreyttum toga eins og sjá má í áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta. Hvert verkefni gildir 10%. | 50% |
| Lotupróf | Fimm hefðbundin próf tekin með tímaopnun. Hvert próf gildir 10% INNUPRÓF. Nemendur hafa 60 mínútur til þess að leysa prófin. | 50% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað:**

**Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggur kennari áherslu á að þeir sýni sjálfstæði, ábyrgð, samviskusemi og sjálfsstjórn þegar kemur að verkefnaskilum. Þá er námsáætlunin sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning: 1. September** 2023

Kristrún Ásdís Ásgrímsdóttir
**Undirritun kennara**

Þorsteinn Krüger
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Afbrigðasálfræði SÁLF3GG05 Námsáætlun, haustönn, 2023 fjarnám

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir | Sk.st. | KPM |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Helstu umfjöllunarefni áfangans eru geðheilbrigði, geðrækt og algengustu flokkar geðrænna raskana. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnast leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Leitast verður við að draga úr ranghugmyndum og fordómum um fólk með geðraskanir. Áhersla á að auka víðsýni nemanda, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Helstu kenningum og hugtökum sálfræðinnar um einstaklingsmun og frávikshegðun
- Geðröskunum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum
- Leiðum til þess að draga úr kvíða og streitu og til að viðhalda góðri geðheilsu
- Geðheilbrigðiskerfinu
- Aðstæðum fólks með geðraskanir
- Staðalímyndum tengdum geðröskunum og fordómum tengdum fólki með geðraskanir

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í því að:**

- Beita skapandi hugsun við lausnarmiðað nám
- Velja milli kenninga og aðferða við lausn verkefna
- Miðla fræðilegu efni skýrt, í ræðu og riti
- Vinna sjálfstætt og með samnemendum að því að kynna sér, draga saman og kynna fyrir öðrum sálfræðilega umfjöllun um geðraskanir

**Nemandi skal geta hagnýtt þátt almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Afla upplýsinga greina þær og setja í samhengi
- Nýta fræðilegan texta á íslensku og á erlendu tungumáli
- Leita að upplýsingum, leggja mat á þær og greina mikilvægustu atriði þeirra
- Nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- Móta eigin aðstæður með það að markmiði að stuðla að eigin geðheilbrigði
- Vekja aðra til umhugsunar um aðstæður fólks sem er með geðraskanir og vinna gegna fordómum gagnvart þeim
- Setja fram nákvæmar röksemdir fyrir skoðunum sínum

## Námsgögn:

Psychology: The Science of Mind and Behaviour, 5th Edition eftir Holt o.fl.
Fæst í t.d. rafræn á hjá Bóksölu Stúdenta eða útprentuð einnig hjá Bóksölunni eða t.d. á Amazon .
Einnig mun kennari birta efni og ítarefni á vef áfangans á INNU.

# Afbrigðasálfræði SÁLF3GG05 Námsáætlun, haustönn, 2023 fjarnám



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36<br>4.sept – 10.sept | Heilsusálfræði<br>Kafli 16 í Holt | Ritgerð kynnt.<br>Lesa: bls. 726-731 | |
| Vika 37<br>11. -17. sept | Heilsusálfræði<br>Kafli 16 í Holt | Lesa og glósa bls. 731-741 í Holt. | |
| Vika 38<br>18.-24.sept | Heilsusálfræði<br>Kafli 16 í Holt | Innuverkefni 1 úr bls. 726-741 í Holt.<br><br>Lesa og glósa bls. 741-749 (að pain management) | 5% |
| Vika 39<br>25.sept – 1.okt | Heilsusálfræði<br>Kafli 16 í Holt | Lesa og glósa bls. 755-768 í Holt. | |
| Vika 40<br>2.-8.okt | Geðraskanir<br>Kafli 17 í Holt | 2.október: Skila ritgerð<br><br>Lesa og glósa bls. 778 – 773 í Holt.<br><br>Innuverkefni 2 úr bls. 755-773 í Holt. | 20%<br><br><br><br>5% |
| Vika 41<br>9.-15.okt | Geðraskanir<br>Kafli 17 í Holt | Kynningarverkefni kynnt<br><br>Lesa og glósa bls. 776-784 | |
| Vika 42<br>16.-22, okt | Geðraskanir<br>Kafli 17 í Holt | Lesa og glósa bls. 784- 793 að somatoform röskunum.- við sleppum þeim kafla)<br>Inunverkefni 3 lagt fyrir | |
| Vika 44<br>30.okt – 5.nóv | Geðraskanir<br>Kafli 17 í Holt | Lesa og glósa bls. 804- 817, að childhood disorders. (sleppum þeim)<br>Skila Innuverkefni 3 | 5% |
| Vika 45<br>6.-12.nóv | Meðferð geðraskana<br>Kafli 18 í Holt | Innuverkefni 4 | 5% |
| Vika 46<br>13.-19.nóv | Meðferð geðraskana<br>Kafli 18 í Holt | Lesa bls. 840-850 að Group, family and marital therapies.<br>Innuverkefni 5<br>Skila kynningarverkefni | <br><br>5%<br>10% |
| Vika 47<br>20.-26.nóv | Meðferð geðraskana<br>Kafli 18 í Holt | Lesa og glósa bls. 850-862 | |
| Vika 48<br>27.nóv – 3.des | Meðferð geðraskana<br>Kafli 18 í Holt | Lesa og glósa bls. 862-873<br>Innuverkefni 6 | 5% |
| Vika 49<br>4.des – 9 des | Undirbúningur fyrir lokapróf og lokapróf | Skriflegt lokapróf úr efni áfangans. Dagsetning tilkynnt síðar. | 40% |

# Afbrigðasálfræði SÁLF3GG05 Námsáætlun, haustönn, 2023 fjarnám



## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| **Matsform:** | ☐ **Símat**    **x Lokapróf/valið lokapróf**    ☐ **Lokaverkefni** | |
|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
| Innuverkefni | Innuverkefni upp í úr lesefni hverju sinni. Sex verkefni sem hvert gildir 5%. | 30% |
| Ritgerð | Ritgerð um efni tengt geðheilsueflingu og/eða heilsusálfræði. Nemendur hafa frjálsar hendur með val á ritgerðarefni en þurfa að bera valið undir kennara. | 20% |
| Kynning | Upplýsingapakki unnin um geðröskun. | 10% |
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf úr efni áfangans. Spurningar verða að miklu leyti séðar. | 40% |
| | **Samtals:** | **100%** |
| **Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.** **Annað:** | | |

Kennari minnir á að nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu.

UPPFÆRT Með góðri ástundun, vinnusemi og **gleði** næst góður árangur.

**Dagsetning:** 19.10 2023

[signature] **Undirritun kennara**

Áslbjörg Benediktsd. **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Samskipti - fjarnám
# SASK2SS05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| **Kennari** | María Albína Tryggvadóttir | **Sk.st.** | MAL |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmyndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

## Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmyndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

## Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra

## Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis
- eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi
- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi

**Námsgögn:** á kennsluvef áfangans.

# Samskipti - fjarnám
# SASK2SS05
# Námsáætlun haustönn, 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| Fyrri lota | Sjálfsstyrking, sjálfstraust<br>Tilfinningar<br>Ákveðni og óákveðni<br>Tvöföld skilaboð, þú og ég boð<br>Virk hlustun.<br>Líkamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavals í samskiptum<br>Hugmyndir okkar um annað fólk<br>Fordómar og sjúkdómar | Vikuleg verkefni<br><br>Heimildaverkefni<br>Myndbandsverkefni -samskiptaform<br>Annarpróf 1 | 10%<br><br>15%<br>10 %<br>20% |
| Seinni lota | Er hjúkrun samskiptastarf?<br>Samskiptakenning- eflandi og niðurbrjótandi samskiptahættir<br>Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi<br>Nánd í samskiptum<br>Að ræða „erfið" mál við skjólstæðinga<br>Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum.<br>Samskipta- og viðtalstækni, myndbandsverkefni | Vikuleg verkefni<br><br>Myndbands verkefni eða<br>podcast/viðtals þáttur<br>Annarpróf 2 | 10%<br><br>15%<br><br>20% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** **X Símat** **☐ Lokapróf/valið lokapróf** **☐ Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Heimildaverkefni | Unnið er með samskiptaefni (t.d. samkennd, jafnrétti, mannréttindi, mannvirðingu) út frá heimildum eða gerður útdráttur úr bók um samskipti | 15 % |
| Verkefni | Vikuleg verkefni á kennsluvef. | 20 % |
| Tvö skapandi verkefni | Sýna ákveðin samskiptaform á myndbandi<br>Upptaka af samskiptum eða podcast/viðtalsþáttur | 10%<br>15 % |
| Tvö annarpróf | Annað prófið (20%) er eftir fyrri lotuna og hitt (20%) eftir seinni lotuna. | 40 % |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í hvoru annarprófinu, skila myndbandsverkefnunum og heimildarverkefninu.
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

**Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.**

**Dagsetning:**

María T.
Undirritun kennara

Hrafnhildur Sig
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

# Siðfræði – fjarnmám (SIÐF1SA05) Námsáætlun haust 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| Kennari | Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir | Sk.st. | VAL |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Í þessum áfanga er lögð áhersla á þá hugmyndafræði og gildi sem liggja heilbrigðisþjónustu til grundvallar. Fjallað verður lítillega um helstu kenningar í sögu siðfræðinnar og farið verður í ákveðin grunnhugtök úr siðfræði heilbrigðisþjónustunnar t.d. sjálfræði, velferð, faglegt forræði, skyldur fagfólks og réttindi skjólstæðinga. Áhersla er lögð á siðfræði heilbrigðisþjónustu og samskipti fagfólks og skjólstæðinga og einnig siðareglur þessara fagstétta skoðaðar. Spurningar á borð við; hverjar eru skyldur fagfólks og hver eru réttindi skjólstæðinga? Eru tækniframfarir til góðs? Hver eru helstu álitamál við upphaf lífs og við lok þess? Hverjar eru hugmyndir fólks um réttláta heilbrigðisþjónustu? o.fl. verða ræddar.

**Markmið:**
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þeim gildum sem liggja mannlegri breytni til grundvallar
- Helstu hugtökum, markmiðum og aðferðum siðfræðinnar
- Helstu skyldum fagfólks og réttindum skjólstæðinga
- Skilyrðum siðferðislegs sjálfræðis og réttmæti faglegs forræðis
- Forsendum réttlátrar heilbrigðisþjónustu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita siðferðilegum hugtökum á markvissan hátt í ræðu og riti
- Skoða siðferðileg álitamál út frá fleiri en einu sjónarhorni bæði í ræðu og riti
- Greina og leysa úr siðferðisvanda
- Greina frá helstu fræðihugmyndum í heilbrigðisþjónustu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Heimfæra þær fræðihugmyndir og hugtök sem fjallað var um í áfanganum yfir á einstök dæmi úr raunveruleikanum
- Geta rökstutt hin ýmsu sjónarmið á siðferðilegum álitamálum
- Geta tengt þær fræðihugmyndir sem fjallað er um í áfanganum við daglegt líf

**Námsgögn:**
Vilhjálmur Árnason, 2003. *Siðfræði lífs og dauða*. Rannsóknarstofnun í siðfræði, Háskólaútgáfan. Reykjavík.
Rachels, James. 1997. *Stefnur og straumar í siðfræði*. Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan. Reykjavík. Örfáir kaflar skannaðir inn (ekki nauðsynlegt að kaupa).

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil | Námsefni | Verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika | | | |
| 36 | Rachels: 1. kafli: Hvað er siðfræði?<br>Grein: Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði? (af Vísindavefnum). | Siðfræði – siðferði. | Verkefni 1 (5%)<br>*Skiladagur: 11. sept.* |

# Siðfræði – fjarnmám (SIÐF1SA05) Námsáætlun haust 2023



| | | | |
|---|---|---|---|
| 37 – 38 | James Rachels: 7. – 9. Kafli um John Stuart Mill og Immanúel Kant. | Kenningar. | Verkefni 2 (5%)<br>*Skiladagur: 18. sept.*<br>Verkefni 3 (5%)<br>*Skiladagur 25. sept.* |
| 39 | **Kaflapróf 1 – á Moodle.** | | **Próf** (10%) |
| 40 – 41 | Vilhjálmur: 1. kafli: Siðfræði heilbrigðisþjónustu. | Virðing fyrir manneskjunni. | Verkefni 4 (5%)<br>*Skiladagur: 2. okt.*<br>Verkefni 5 (5%)<br>*Skiladagur: 9. okt.* |
| 42 – 43 | Vilhjálmur: 2. kafli: Samskipti sjúklinga og heilbrigðisstétta. | Samskipti – sjálfræði. | Verkefni 6 (5%)<br>*Skiladagur: 23. okt.*<br>Verkefni 7 (5%)<br>*Skiladagur: 30. okt.* |
| 44 | Vilhjálmur: 3. kafli: Ákvarðanir um meðferð og rannsóknir. | Hver tekur ákvarðanir. | Verkefni 8 (5%)<br>*Skiladagur: 6. nóv.* |
| 45 | **Kaflapróf 2 – á Moodle.** | | **Próf (10%)** |
| 46 | Vilhjálmur: 4. og 5. kafli um álitamál við upphaf og lok lífs | Við upphaf lífs. | Verkefni 9 (5%)<br>*Skiladagur: 20. nóv.* |
| 47 | Vilhjálmur: 4. og 5. kafli um álitamál við upphaf og lok lífs | Við lok lífs. | Verkefni 10 (5%)<br>*Skiladagur:* 27. nóv. |
| 48 | Undirbúningur fyrir próf | | Lokapróf (30%)<br>Skv. Prófatöflu |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*
*Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.*

**Námsmat**

| **Matsform:** | **Símat** | **X Lokapróf/valið lokapróf** | **☐ Lokaverkefni** |
|---|---|---|---|
| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþátta** | **Vægi** | |
| Verkefni | 10 kaflaverkefni. | 50% | |
| Kaflapróf 1 | Moodle krossapróf - heima. | 10% | |
| Kaflapróf 2 | Moodle krossapróf - heima. | 10% | |
| Lokapróf | Próf úr námsefni áfangans. | 30% | |
| | **Samtals:** | **100%** | |
| **Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU.** | | | |

**Verkefnaskil:**

- Allur áfanginn fer fram á kennsluvefnum Moodle – vikuleg verkefnaskil.

- Nemendur skila verkefnum á *mánudögum* og fá það til baka með umsögn viku seinna, um leið nýtt verkefni birtist.
- Ef verkefni er skilað eftir settan skilafrest fá nemendur aðeins einkunn fyrir verkefnið en ekki með umsögn.
- Gerð er krafa um gott málfar og stafsetningu. Nemendur eru beðnir um að lesa verkefni sín vandlega yfir áður en þau eru sett á vefinn og leiðrétta allar villur.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Sjúkdómafræði 2
# SJÚK2GH05 Fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer) | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | Kafli 8 í kennslubók glærur á Innu frá kennara. | Skilaverkefni 1 | 3% |
| Vika 37 | Kafli 9 í kennslubók. | Skilaverkefni 2 | 3% |
| Vika 38 | Kafli 9 í kennslubók. | Skilaverkefni 3 | 3% |
| Vika 39 | Kafli 9 í kennslubók. | Skilaverkefni 4<br>Heimapróf (kaflar 8+9) | 3%<br>10% |
| Vika 40 | Kafli 10 í kennslubók. | Skilaverkefni 5 | 3% |
| Vika 41 | Kafli 10 í kennslubók. | Skilaverkefni 6 | 3% |
| Vika 42 | Kafli 11 í kennslubók. | Skilaverkefni 7 | 3% |
| Vika 43 | Kafli 11 í kennslubók. | Skilaverkefni 8<br>Heimapróf (kaflar 10+11) | 3%<br>10% |
| Vika 44 | Kafli 12 í kennslubók. | Skilaverkefni 9 | 3% |
| Vika 45 | Kafli 12 í kennslubók. | Skilaverkefni 10 | 3% |
| Vika 46 | Kafli 13 í kennslubók | Skilaverkefni 11<br>Heimapróf (kaflar 12+13) | 3%<br>10% |
| Vika 47 | Geðsjúkdómar (efni af netinu) | Skilaverkefni 12 | 3% |
| Vika 48 | Stutt heimildaritgerð | Ritgerð skilað | 10% |
| Vika 49-50 | Lokapróf | **Lokapróf** | 30% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ☐ **Símat** x **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lokapróf | Skriflegt lokapróf í desember | 30% |
| Skilaverkefni | Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan 10 daga frá því að það er sett fram þá er einkunnin reiknuð að fullu.<br>Tíu hæstu verkefnin gilda til einkunnar. | 30% |
| Ritun | Heimildaritgerð úr völdu efni áfanga. Ritgerð skilað á Innu í gegnum TurnItIn ritstuldarforrit. | 10% |
| Heimapróf | 3 heimapróf yfir önnina. Hvert próf gildir 10%. Nemendur verða að ljúka öllum prófum á tilsettum tíma. Prófin verða opin á Innu frá kl. 08:00- 23:59 daginn sem þau eru lögð fyrir, sjá námsáætlun. | 30% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Annað:** Nemendur þurfa að ná lokaprófi með lágmarkseinkunn 4 (40%) til að klára áfangann. **Ath.** nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum og gilda allir námsþættir til lokaeinkunnar.

***Kennari áskilur sér rétt til breytinga.***

**Dagsetning:** 5.9'23

Gunnþórunn Elíasd.
**Undirritun kennara**

María A.Kr.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# Sjúkdómafræði 1 - fjarnám (SJÚK2MS05) Námsáætlun haust, 2023



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer) | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| Vika 36 | Kafli 1. í kennslubók | Skilaverkefni 1 | 3% |
| Vika 37 | Kafli 1 (og 2) | Skilaverkefni 2 | 3% |
| Vika 38 | Kafli 2 | Skilaverkefni 3 | 3% |
| Vika 39 | Kafli 2 | Skilaverkefni 4<br>Heimapróf (kaflar 1+2) | 3%<br>10% |
| Vika 40 | Kafli 3 | Skilaverkefni 5 | 3% |
| Vika 41 | Kafli 3 | Skilaverkefni 6 | 3% |
| Vika 42 | Kafli 4 | Skilaverkefni 7 | 3% |
| Vika 43 | Kafli 4 | Skilaverkefni 8<br>Heimapróf (kaflar 3+4) | 3%<br>10% |
| Vika 44 | Kennslubók og annað efni | Ritgerðarvinna – skil síðar | - |
| Vika 45 | Kafli 5 | Skilaverkefni 9 | 3% |
| Vika 46 | Kafli 6 | Skilaverkefni 10<br>Ritgerð skilað | 3%<br>10% |
| Vika 47 | Kafli 7 | Skilaverkefni 11<br>Heimapróf (kaflar 5+6) | 3%<br>10% |
| Vika 48 | Upprifjun fyrir próf | | |
| Vika 49-50 | Lokapróf | **Lokapróf** | 30% |

**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

**Matsform:** ☐ **Símat** X **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Heimapróf | 3 heimapróf yfir önnina. Hvert próf gildir 10%. Nemendur verða að ljúka öllum prófum á tilsettum tíma. Prófin verða opin á Innu frá kl. 08:00- 23:59 daginn sem þau eru lögð fyrir, sjá námsáætlun. | 30% |
| Lokapróf | Lokapróf úr öllu efni áfangans í lok annar. | 30% |
| Ritgerð | Ritgerð úr efni tengdu áfanganum. Ritgerð skilað á Innu í gegnum TurnItIn ritstuldarforrit. | 10% |
| Skilaverkefni | Skilaverkefni í hverri viku, hvert gildir 3%. Ef verkefni berst innan 10 daga frá því það er lagt fram þá er einkunnin reiknuð að fullu. Tíu hæstu verkefnin gilda til einkunnar. | 30% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:** Nemendur þurfa að ná lokaprófi með lágmarkseinkunn 4 (40%) til að klára áfangann. **ATH.** Nemendum ber að ljúka öllum námsþáttum og gilda allir námsþættir til lokaeinkunnar.

**Réttur til breytinga á námsáætlun er áskilinn.**

**Dagsetning:** 5.9'23

Gunnþórunn Elíasd.
**Undirritun kennara**

María A. Tr.
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**

# SPÆN1HT05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| **Tímabil (vikunúmer/lotunúmer** | **Námsefni (verklegt og bóklegt)** | **Heimavinna/verkefni** | **Vægi námsmatsþátta** |
|---|---|---|---|
| ( Vika 36) 4 -10/9 | Allt námsefni er inn á Moodle kennslu síðunni | Unnið í námsefninu inn á Moodle í hverri viku annarinnar. | |
| ( Vika 37) 11-17/9 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 38) 18-24/9 | | | Heimapróf 1 – 20% |
| ( Vika 39) 25-30/9 | | | |
| ( Vika 40) 1-8/10 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 41) 9-15/10 | | | |
| ( Vika 42) 16-22/10 | | | Heimapróf 2 – 20% |
| ( Vika 43) 23-29/10 | | | |
| ( Vika 44) 30/10-5/11 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 45) 6-12/11 | | | Heimapróf 3 – 20% |
| ( Vika 46) 13-19/11 | | | |
| ( Vika 47) 20-26/11 | | | Moodle – 10% |
| ( Vika 48) 27/11-3/12 | | | |
| (voka 49) 4-10/12 | | | Heimapróf 4 – 20% |

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** X☐ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Heimapróf | Fjögur heimapróf (20% hvert) úr námsefni – Nemandi fær viku til að opna prófið, en aðeins er hægt að opna það einu sinni og eru tímamörk á því. | 60% |
| Moodle verkefnaskil | Ýmis verkefni úr námsefninu – Verkefnin opnast á föstudegi og lokast á miðnætti á föstudegi vikuna á eftir. Aðeins hægt að opna og vinna í hverju verkefni einu sinni, en það eru engin tímamörk. | 40% |
| | | |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:**

- *Nemanda ber að ljúka öllum stærstu námsmatsþáttum (heimaprófum) áfangans til að ná áfanganum.*
- *Heimapróf eru aðgengileg í 2 vikur og vegna þess hve rúmur tími er gefin nemanda til að opna þau er* ***enginn upptökuréttur á þeim***
- *Moodle verkefnaskil eru aðgengileg í eina viku og verða* ***ekki*** *endurstillt eða opnuð aftur. -* ***Virðið skilatíma verkefna.***
- ***Hver nemandi ber ábyrgð á að fylgjast með hvenær verkefnaskil og heimapróf eru sett fram á Moodle.***

# SPÆN1HT05 fjarnám
# Námsáætlun haustönn 2023



| Kennari | Auður Inga Ólafsdóttir | Sk.st. | AUÐ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Framhaldsáfangi þar sem áframhaldandi áhersla er lögð á að nemandinn bæti við undirstöðuatriði tungumálsins. Þjálfun í lesskilningi aukin ásamt dýpkun á samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun. Markvisst er bætt við orðaforða, þar sem áhersla er lögð á réttan framburð og skilning, þannig að nemandi geti m.a. lesið og skilið stutta texta, tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengjast athöfnum daglegs lífs. Hluti námsins er kynning á siðvenjum spænskumælandi landa með sérstöku tilliti til jafnréttis og sköpunar. Áhersla er lögð á frumkvæði nemandans og að hann tileinki sér þær aðferðir sem hjálpa honum best í náminu.

## Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- viðeigandi orðaforða
- grundvallarþáttum spænska málkerfisins
- framburði
- samskiptavenjum, menningu og siðvenjum spænskumælandi þjóða

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja fyrirmæli og setningar sem tengjast daglegum athöfnum
- skilja leiðbeiningar og fyrirmæli
- skilja þegar fjallað er um atburði daglegs lífs
- skrifa stutta texta í nútíð, framtíð og liðinni tíð
- óska eftir og veita upplýsingar
- greina lykilatriði í texta
- tjá sig skriflega og munnlega um kunnugleg efni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta viðeigandi mál- og samskiptavenjur við mismunandi aðstæður
- útskýra siðvenjur spænskumælandi landa
- koma á framfæri eigin skoðun, þekkingu og tilfinningum
- velja námsaðferðir við hæfi
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í málinu
- sýna aga, metnað, sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni

## Námsgögn:

- Efni frá kennara og af netinu inn á Moodle kennslusíðu áfangans.

**SPÆN1HT05 fjarnám**
**Námsáætlun haustönn 2023**



**Dagsetning:** 30/8 2023

Auður Ó. Ólafsd.
**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**